VIGDÍS HREFNA PÁLSDÓTTIR
*Bleikur jakki nýjasta fjárfestingin af netinu*
tíska heimili heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

SUMAR Í LOFTI
*Leyniheimar, aldingarðar og lengra sumar*
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MAX RAFTÆKI
AUKABLAÐ Í DAG
DVD 989 kr. ... klikkað verð!
Gleðilegt sumar – velkomin Holtagarða og Kauptún

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. apríl 2008 — 111. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR



### Vinsælt á leiðinni austur
Eden í Hveragerði fagnar fimmtugu í dag.
TÍMAMÓT 36



### Fyrsta lagið klárt
Fyrsta lag Eyþórs Inga eftir sigurinn í Bandinu hans Bubba hefur litið dagsins ljós.
FÓLK 54



### Helgi undirheimakóngur
Helgi Björnsson rifjar upp gamla takta er hann leikur undirheimakónginn Lalla í sjónvarpsþáttaröðinni Svörtum englum.
FÓLK 62



### Markalaust
Barcelona og Manchester United gerðu markalaust jafntefli í fyrri leik sínum í Meistaradeildinni á Spáni.
ÍÞRÓTTIR 56

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR SYÐRA** Í dag verða austan 5-13 á suðurhluta landsins annars hægviðri. Bjart með köflum um mitt Norðurland annars fremur skýjað og sumstaðar dálítil væta, einkum sunnan til.
VEÐUR 4



**LÖGREGLA HRÓPAR GAS, GAS!** Lögreglumönnum og mótmælendum laust saman í hörðum átökum á Suðurlandsvegi við Norðlingaholt í gærmorgun. Atvinnubílstjórar höfðu lokað veginum og neituðu að fara að tilmælum lögreglu sem að lokum lét til skarar skríða og beitti meðal annars piparúða til þess að bægja mönnum frá.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Piparúða og kylfum beitt á mótmælendur

**Geir H. Haarde forsætisráðherra segir framgöngu lögreglu gegn mótmælendum á Suðurlandsvegi í gær hafa verið eðlilega. Fólki hafi blöskrað aðferðir atvinnubílstjóra. Talsmaður þeirra kennir lögreglu um og boðar fleiri aðgerðir.**

**LÖGREGLUMÁL** Tuttugu menn voru handteknir í átökum á milli mótmælenda og lögreglu á Suðurlandsvegi í gær. Átökin áttu upptök sín í aðgerðum atvinnubílstjóra sem hindruðu umferð um veginn.

„Mér finnst leitt að til þessa hafi komið. Það er ekki í samræmi við hefðir á Íslandi að leysa úr ágreiningi með átökum en ég tel eðlilegt að lögregla grípi til þeirra ráðstafana sem hún telur nauðsynlegar til að vernda almannaöryggi,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í samtali við Fréttablaðið.

Átökin hófust laust fyrir klukkan ellefu í gærmorgun eftir að mótmælendur höfðu hunsað margítrekuð fyrirmæli lögreglunnar um að víkja af götunni.

Sturla Jónsson, talsmaður atvinnubílstjóra, segir átökin vera lögreglu að kenna. „Hún meinaði einum bílstjóra að færa bílinn sinn og tók hann fantatökum í staðinn.“

> Mér finnst leitt að til þessa hafi komið. Það er ekki í samræmi við hefðir á Íslandi að leysa úr ágreiningi með átökum.
>
> **GEIR H. HAARDE**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Um sextíu lögregluþjónar tóku þátt í aðgerðunum sem stóðu fram yfir miðjan dag. Margoft sauð upp úr og beitti lögregla piparúða á mótmælendur. Þeir köstuðu hins vegar eggjum, gosflöskum og fleiru lauslegu að lögregluliðinu.

Forsætisráðherra telur bílstjórana hafa verið búna að ganga fram af lögreglu og almenningi sem blöskri aðferðir þeirra. Rétt hafi verið af lögreglu að taka í taumana í gær.

„Menn sem haga sér með þessum hætti og stofna almannaöryggi í hættu geta ekki vænst þess að við þá sé rætt og þetta verður þeim ekki til framdráttar,“ segir Geir sem telur aðgerðir bílstjóranna hafa skaðað aðra. „Ýmsir hópar á Íslandi eru með kröfur á hendur ríkinu eða hafa málstað fram að færa og vilja mótmæla en það eru ekki allir sem geta lokað umferð með því að leggja stórum vörubílum úti á götu. Mér finnst að með svona framkomu sé gert lítið úr málstað annarra.“

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokks, og Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, vilja að fjallað verði um málið í allsherjarnefnd Alþingis.

Sturla Jónsson segir að menn séu alls ekki hættir mótmælum enda fullvissir um að þjóðin standi með þeim. **- gar /bþs /kóp** **sjá síður 4, 6, 8**

Tafir í sjúkraflutningum:

## Nítján manna lið kallað út

**MÓTMÆLI** Nítján manna aukalið var kallað út í sjúkraflutninga vegna mótmælanna í gær. Fjórir sjúkrabílar og einn dælubíll voru á vettvangi átakanna í Norðlingaholti í gær, en lögreglan hringdi eftir aðstoð. Þetta hafði þau áhrif að fresta þurfti fyrirfram pöntuðum sjúkraflutningum. **- kóp**

OPIÐ FRÁ 13 TIL 18
SUMARDAGINN FYRSTA
GLEÐILEGT SUMAR!
Kringlan

SMÁRALIND
OPIÐ Í DAG 13-18
GLEÐILEGT SUMAR!
Tímarit Smáralindar kemur út í dag, þú getur nálgast þitt eintak í Smáralind
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

OPIÐ til 20 alla daga í öllum verslunum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Sveinn, leit Abbas við hjá þér?*

„Nei, en ég kíkti á hann á Bessastöðum. En hann er alltaf velkominn í heimsókn til mín.“

Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, var í heimsókn á Íslandi á þriðjudag. Sveinn Rúnar Hauksson er formaður félagsins Ísland-Palestína.

Hæstiréttur þyngdi dóm vegna brota gegn sex stúlkum:

# Fjögur ár fyrir kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær liðlega fertugan mann, Böðvar Þórhallsson, í fjögurra ára fangelsi, fyrir kynferðisbrot gegn sex stúlkum. Hæstiréttur þyngdi þannig dóm héraðsdóms sem hafði dæmt manninn í tveggja og hálfs árs fangavist. Maðurinn var sakfelldur fyrir misjafnlega gróf kynferðisbrot gagnvart sex ungum stúlkum.

Brotin voru framin yfir langan tíma og voru stúlkurnar misgamlar. Elstu brotin voru framin gegn stúlku sem fædd er 1984, en þau voru framin á árunum 1988 til 1994. Brotin gegn stúlku sem fædd er 1987 voru framin árið 1993 eða 1994. Fjórar stúlkurnar voru fæddar 1992 og brotin gegn þeim voru flest framin árið 2005.

Sumar stúlkurnar fékk maðurinn til að hafa munnmök við sig, aðrar fékk hann til fróa sér fyrir framan hann eða nudda kynfæri hans. Þá fékk hann tvær stúlknanna til að skrifa með penna á kynfæri sín.

Hæstiréttur hækkaði miskabætur til tveggja stúlkna; úr 800 þúsund krónum í eina milljón og úr 600 þúsund í eina milljón. Maðurinn var dæmdur til að greiða fimm stúlkum samtals 3,5 milljónir í skaðabætur, minnst 300 þúsund krónur.

Ekki er vitað hvenær maðurinn hefur afplánun sína. **- kóp**



**ÞYNGDI DÓMINN** Tvö og hálft ár í héraðsdómi urðu að fjórum í Hæstarétti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Löggæsla á Suðurnesjum:

# Þingflokkur leita lausnar

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Samfylkingarinnar hafnar boðuðum breytingum á löggæslustarfi á Suðurnesjum og vill að þær verði endurskoðaðar frá grunni. Samkvæmt upplýsingum frá Lúðvík Bergvinssyni, formanni þingflokks Samfylkingarinnar, er verið að leita lausnar á málinu en ríkisstjórnin hefur samþykkt þær með fyrirvara um samþykki þingflokka.

Gangi breytingarnar eftir verður yfirstjórn löggæslu-, tollgæslu- og öryggismála á Keflavíkurflugvelli ekki öll í höndum lögreglustjórans á Suðurnesjum eins og nú er. **- mh**

Slit á Samvinnutryggingum:

# Skilanefnd að ljúka störfum

**VIÐSKIPTI** „Vinnan er langt komin og henni lýkur innan tíðar,“ segir Kristinn Hallgrímsson hæstaréttarlögmaður en hann er formaður skilanefndar eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga. Nefndin vinnur að slitum á Samvinnutryggingum og verður eignum félagsins skipt á milli eigenda félagsins. Rétt á greiðslum eiga þeir sem tryggðu hjá félaginu á árunum 1987 og 1988 en samtals eru það rúmlega fimmtíu þúsund einstaklingar.

Upphaflega átti að ljúka vinnu við slitin á síðasta ári en vinnan reyndist flóknari og umfangsmeiri en menn höfðu reiknað með í fyrstu og því tafðist málið. Eignir og skuldbindingar voru fluttar yfir í Gift ehf. í fyrra. Eignir félagsins eru fyrst og fremst í fjármálafyrirtækjum, meðal annars Kaupþingi, og nema þær tugum milljarða. **- mh**

Viðræður í Bolungarvík:

# Nýr meirihluti ekki myndaður

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Nýr meirihluti var ekki myndaður í Bolungarvík í gær þrátt fyrir þriggja klukkustunda fund A-lista og Sjálfstæðisflokks. Ákveðið hefur verið að hittast aftur annað kvöld til frekari viðræðna.**

**Meirihluti A og K lista sprakk á þriðjudag þegar Anna Guðrún Edvardsdóttir, oddviti A-lista, sleit tveggja ára samstarfi. Að sögn Önnu Guðrúnar er ástæða samstarfsslitanna umsvif Soffíu Vagnsdóttur, oddvita K-lista, Framsóknar og Samfylkingarfólks, í atvinnurekstri á staðnum.**

**Elías Jónatansson, oddviti Sjálfstæðisflokks, er orðaður við bæjarstjórastólinn sem Grímur Atlason hefur setið í undanfarin tvö ár.** **- shá**



**BÓLSTAÐARHLÍÐ** Byggingafélag námsmanna hefur byggt íbúðir sem leigðar eru stúdentum bæði í Bólstaðarhlíð og víðar á höfuðborgarsvæðinu.

# Opinber rannsókn á byggingafélagi

**Farið verður fram á opinbera rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á rekstri Byggingafélags námsmanna á næstu dögum. Þetta gera núverandi forráðamenn félagsins í kjölfar úttektar KPMG á rekstri þess.**

**LÖGREGLUMÁL** Forráðamenn Byggingafélags námsmanna (BN) munu fara fram á opinbera rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á tilteknum þáttum í rekstri félagsins á næstu dögum. Þetta er gert í kjölfar ítarlegrar úttektar endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækisins KPMG á rekstri BN. Málið verður rannsakað nokkur ár aftur í tímann.

Byggingafélag námsmanna er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Það annast kaup og uppbyggingu húsnæðis til rekstrar stúdentagarða í þágu námsmanna.

Það var í kjölfar skyndilegrar afsagnar og brotthvarfs fyrrverandi stjórnarformanns byggingafélagsins í desember sem núverandi forráðamenn félagsins fengu KPMG til að gera úttekt á rekstri BN. Í febrúar var svo ráðningarsamningi við framkvæmdastjóra félagsins rift.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins beinast sjónir manna meðal annars að fyrirtækjum sem fyrrverandi stjórnendur áttu. Þar voru hvorki til staðar starfsmenn né húsnæði, en BN mun hafa verið í viðskiptum við þessi fyrirtæki varðandi ýmsa þætti starfsemi sinnar. Þá leikur grunur á að ekki hafi farið fram útboð á öllum framkvæmdum BN. Fleiri þættir á starfstíma fyrrverandi stjórnenda eru taldir þarfnast nánari athugunar. Ýmislegt þykir benda til þess að ekki hafi verið farið að þeim reglum sem félagið á að starfa eftir, til að mynda varðandi innkaupastefnu, á fyrrnefndu tímabili. Þar kemur til kasta efnahagsbrotadeildarinnar, sem þegar mun vera kunnugt um málið, þótt það sé ekki komið þangað formlega.

Sigurður Grétar Ólafsson, núverandi stjórnarformaður BN, staðfesti að KPMG hefði unnið úttekt á rekstri félagsins að beiðni forráðamanna þess. Henni væri ekki endanlega lokið. Hann neitaði hins vegar alfarið að tjá sig um þær niðurstöður sem nú liggja fyrir eða um einstök atriði málsins yfirleitt.

„Þær eru trúnaðarmál,“ sagði hann, en kvaðst vilja undirstrika að rekstur félagsins stæði fjárhagslega traustum fótum.

Niðurstöður úttektar KPMG voru kynntar á aukafundi fulltrúaráðs félagsins í mars. Ráðið er æðsta stjórn félagsins.

jss@frettabladid.is

Breytingar hjá Árvakri:

# Ólafur tekur við af Styrmi

**FJÖLMIÐLAR Ólafur Þ. Stephensen hefur verið ráðinn ritstjóri Morgunblaðsins og aðalritstjóri útgáfufélagsins Árvakurs. Ólafur tekur við ritstjórastarfinu af Styrmi Gunnarssyni, sem lætur af störfum 2. júní, en hann hefur verið ritstjóri Morgunblaðsins frá árinu 1972. Hann hóf störf á ritstjórn Morgunblaðsins 1965.**

**Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir verður næsti ritstjóri 24 stunda en hún hefur verið fréttastjóri blaðsins frá árinu 2006. Hún var áður blaðamaður á Fréttablaðinu.** **- mh**



**BLÖÐRUR Í HAFI** Ekkert er vitað um afdrif prestsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brasilískur prestur týndur:

# Blöðrur fundnar án prestsins

**BRASILÍA, AP** Björgunarsveitir í Brasilíu fundu í gær úti fyrir strönd landsins skærlitar helíumblöðrur, sem kaþólski presturinn Adelir de Carli hafði notað til flugs. Presturinn hefur þó ekki fundist.

Hann hugðist setja met í blöðruflugi, spennti þær við sig á þriðjudag og tókst á loft búinn fallhlíf og GPS-staðsetningartæki. Vindurinn hrakti hann hins vegar af leið og út yfir hafið og var þá þegar hafin leit að honum.

Presturinn hugðist slá það met og safna í leiðinni fé til að reisa hvíldaraðstöðu fyrir vörubílstjóra í borginni Paranagua. **- gb**


LÚXUS Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í Bílaland B&L og kynntu þér kostina



ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

BMW 320
Nýskráður 02/2008, 1995CC, 170 hestöfl
4 dyra, sjálfskiptur, silfurgrár, ekinn 1.100.
Verð 5.320.000

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L
bilaland.is
575 1230


Fíkniefni og fjármunir sem fundust við húsleit hjá nemanda á Bifröst:

# Rúm milljón í enskum pundum talin ágóði fíkniefnasölu

**LÖGREGLUMÁL** Sýslumaðurinn í Borgarnesi telur mun líklegra að 8.545 ensk pund í reiðufé sem fundust við húsleit í íbúð nemanda í viðskiptaháskólanum á Bifröst séu afrakstur fíkniefnadreifingar, eða ætluð til að fjármagna innflutning og dreifingu á fíkniefnum, heldur en að nemandinn hafi fengið fjármunina að láni.

Þetta kemur fram í málsgögnum, þar sem sýslumaður krafðist úrskurðar um ótakmarkað aðgengi að upplýsingum um fjármál nemandans. Hann hefur nú verið rekinn úr skólanum.

Það var í lok febrúar sem fjölmennt lið lögreglu- og tollgæslumanna leitaði í þremur íbúðum nemenda á Bifröst. Verðmæti ensku pundanna nemur 1,2 milljónum króna en auk peninganna fundust 0,3 grömm af kókaíni í íbúð mannsins.

Samnemandi mannsins mætti á lögreglustöðina í Borgarnesi fáeinum dögum eftir húsleitina. Kvaðst hann eiga fíkniefnin, sem fundist hefðu við húsleitina.



**VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Lögregla leitaði í þremur íbúðum nemenda á Bifröst í lok febrúar. Kannabisefni, amfetamín og kókaín í neysluskömmtum fundust í íbúðunum, auk 1,2 milljóna í enskum pundum.

Þá fullyrti þriðji maður að hann hefði lánað nemandanum fyrrverandi 8.000 ensk pund.

Kröfu sýslumanns um aðgengi að fjármálum mannsins var hafnað, bæði í héraði og Hæstarétti. **- jss**




# ALLT FYRIR SUMARIÐ Í SMÁRALIND

**OPIÐ Í DAG 13-18**

## GLEÐILEGT SUMAR!

Verslanir í Smáralind eru þegar búnar að undirbúa sig fyrir sumarkomuna og bjóða ótrúlegt úrval af alls konar vörum sem eru ómissandi þegar sólin er hátt á lofti.

## HOPPUKASTALAR Í VETRARGARÐI

Það verða hoppukastalar fyrir krakkana í Vetrargarðinum í dag, **kl. 13-18** í boði Veraldarinnar okkar og Vífilfells.

VERÖLDIN OKKAR




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM33826

## GENGIÐ 23.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,40 | 73,76 |
| Sterlingspund | 146,09 | 146,81 |
| Evra | 117,11 | 117,77 |
| Dönsk króna | 15,694 | 15,786 |
| Norsk króna | 14,794 | 14,882 |
| Sænsk króna | 12,579 | 12,653 |
| Japanskt jen | 0,7115 | 0,7157 |
| SDR | 120,65 | 121,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
150,0292

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Saka lögreglu um harðræði:

## Úðuð piparúða

„Við stóðum bara og fylgdumst með mótmælunum, réttum megin við gula borðann, þegar lögreglan úðaði allt í einu piparúða yfir hópinn. Ég fékk gusu beint í augun,“ segir Kolbrún Valsdóttir.



KOLBRÚN VALSDÓTTIR

Kolbrún og Björgvin Hermannsson segja ekkert hafa kallað á þessi viðbrögð lögreglu. Kolbrún fékk aðhlynningu í sjúkrabíl.

Róbert Guðmundsson frá Eyrarbakka festist á Olísplaninu á leið til vinnu. „Ég sá lögregluna byrja að berja einn bílstjórann sem vildi fara. Ég stóð við dæluna og horfði á og allt í einu fékk ég gusu í augun. Ég þurfti að fá skolun á Slysavarðstofunni. Ég hef haft samband við lögfræðing og mun kæra,“ segir Róbert. - kóp

Sturla segir lögreglu bera sök:

## Alls ekki hættir

Sturla Jónsson, talsmaður atvinnubílstjóra, segir upphaf átakanna í gær lögreglu að kenna. „Hún meinaði einum bílstjóra að færa bílinn sinn og tók hann fantatökum í staðinn. Við það kviknuðu mótmælin,“ segir Sturla.



STURLA JÓNSSON

Hann segir að menn séu alls ekki hættir mótmælum enda fullvissir um að þjóðin standi með þeim. Sjálfur varð hann fyrir táragasi frá lögreglu og yfirgaf svæðið þess vegna.

Lögregla braust síðar inn í bíl Sturlu og dró burtu. „Ég hef haft samband við lögfræðing og mun klárlega kæra eignaspjöll, enda bílnum löglega lagt,“ segir Sturla. -kóp

## ÁTÖK Í NORÐLINGAHOLTI



**PIPARÚÐA ÓSPART BEITT** Aðgerðadeild lögreglunnar sprautaði piparúða til að fá mótælendur til að hlýða fyrirmælum. Hér hefur leikurinn borist inn á starfsstöð Olís. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Piparúða beitt á bílstjóra

**Tuttugu manns voru handteknir þegar óeirðalögregla beitti táragasi gegn bílstjórum sem neituðu að víkja af Suðurlandsvegi í gær. Átök brutust út hvað eftir annað meðan lögregla var að fjarlægja flutningabílaana.**

Valdi var beitt í gær til að rýma Suðurlandsveg við Norðlingaholt af mótmælendum sem skeyttu engu um margítrekuð fyrirmæli lögreglu um að yfirgefa veginn. Tuttugu voru handteknir og fjölmargir fengu piparúða í andlit.

Atvinnubílstjórar höfðu truflað umferð með því að leggja tugum flutninga- og sendibíla á og við Suðurlandsveg til móts við þjónustustöð Olís frá því um klukkan níu um morguninn. Þeir hunsuðu fyrirmæli lögreglu um að víkja.

Þegar klukkan var 25 mínútur gengin í ellefu kallaði stjórnandi lögreglunnar á vettvangi út tvo flokka manna úr óeirðalögreglunni sem beðið höfðu átekta í sendibílum þar álengdar. Stilltu lögreglumennirnir sér upp í fylkingu á vegkantinum andspænis mótmælendum sem neituðu staðfastlega að hopa. Að auki var mikill fjöldi annarra lögreglumanna á staðnum.

### Handtökur boðaðar

„Farið af götunni! Þeir sem ekki hlíta fyrirmælum geta átt von á því að verða handteknir. Þetta eru ólögleg mótmæli!“ hrópaði foringi lögreglumannanna hvað eftir annað. Hann uppskar aðeins háðsglósur og fúkyrði frá mótmælendum sem hvikuðu hvergi heldur skoruðu á fleiri úr sínum röðum að stilla sér upp á götunni. Umferð var á þessum tímapunkti beint fram hjá þessum kafla og um Norðlingabraut, handan við Olísstöðina.

Smátt og smátt bjuggu meðlimir óeirðalögreglunnar sig undir átök með hjálmum, skjöldum, kylfum og piparúða. Þegar kom í ljós að lögregla væri reiðubúin að beita piparúðanum drógu sumir mótmælendanna upp olíuúðabrúsa.

Þegar klukkuna vantaði þrettán mínútur í ellefu var lögreglumönnunum skipað í viðbragðsstöðu. „Strákar mínir, þannig að þetta fari ekkert á milli mála: Við viljum ekki þurfa að beita valdi gegn ykkur. Þannig að við viljum mælast til þess með góðu að þið rýmið götuna,“ sagði stjórnandi lögreglu á vettvangi og ítrekaði að það væru hans síðustu skilaboð.

### Upp úr sýður

Klukkan fimm mínútur í ellefu sauð loks upp úr. Einn bílstjóranna hugðist fara í bílinn sem hann hafði lagt á Suðurlandsveginum. Þangað vildu lögreglumennirnir ekki hleypa honum og kom til stympinga milli hópanna og var táragasi beitt. Ökumaðurinn og fleiri voru handteknir. Tveimur mínútum síðar notaði lögregla aftur piparúða og þvingaði mannskapinn af veginum með skjöldum sínum. Fleiri voru handteknir.

Eftir þetta tók við um fimm klukkustunda atburðarás þar sem framan af skarst reglulega í odda milli lögreglu og mótmælenda og enn bættist í hóp handtekinna. Víglínan færðist frá Suðurlandsvegi og að lóðamörkum Olís og þar á milli, fram og til baka. Eggjum og fleiru var kastað að lögreglumönnum sem svöruðu á stundum með piparúða.



**HANDTEKINN** Tuttugu manns voru yfirbugaðir og færðir til skýrslutöku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Fjölmenni drífur að

Stöðugt bættist í hóp mótmælenda og voru framhaldsskólanemar áberandi, sérstaklega þeir sem voru að dimitera. Mætti þar meðal annarra Adolf Hitler úr Iðnskólanum í Hafnarfirði. Af innlendum stjórnmálamönnum sást aðeins til Grétars Mars Jónssonar, alþingismanns úr Frjálslynda flokknum.

Á meðan lögregla glímdi við að fjarlægja þá flutninga- og sendibíla sem kyrrsettir voru á Suðurlandsvegi óku aðrir atvinnubílstjórar ýmist löturhægt eða stöðvuðu bíla sína alveg á Norðlingabraut sem var hjáleið á meðan á óeirðunum stóð. Um klukkan fjögur var loks unnt að opna Suðurlandsveg að nýju.

gar@frettabladid.is


2 fyrir 1

Við hjá Shell erum komin í sumarskap.
Fáðu tvo Kjörís-ispinna fyrir einn á Shell í dag.




Vörumerki Shell eru notuð með leyfi Shell Brands International AG


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

### GLEÐILEGT SUMAR

Jæja þá er sumarið loksins komið. Það heilsar með ágætisveðri enda þótt einhver væta sé með landinu sunnanverðu. Það eru reyndar horfur á að það kólni á landinu norðanverðu um helgina, sérstaklega á sunnudag og þá með slyddu eða snjókomu norðan og austan til.



Á MORGUN
NA-8-13 m/s á Vestfjörðum annars hægari.

LAUGARDAGUR
5-10 m/s en hægari á Suðurlandi.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Billund | 16° |
| Ósló | 18° |
| Stokkhólmur | 15° |
| Gautaborg | 13° |
| London | 15° |
| París | 18° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Berlín | 19° |
| Alicante | 24° |
| Mallorca | 20° |
| Basel | 16° |
| Eindhoven | 18° |
| Las Palmas | 27° |
| New York | 26° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




Tilboðin gilda frá fimmtudegi til sunnudags.

**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

*Mosi í grasflötinni?*
*1. Raka grasflötina og fjarlægja mosa*
*2. Dreifa turbokalki: 12 ½ kg á 150 m²*
*3. Blanda grasfræi í sand/mold og dreifa eftir þörfum*
*4. Halda flötinni rakri meðan fræin spíra*
*5. Gefa blákorn eftir hálfan mánuð og aftur mánuði seinna: 5 kg. á 250 m²*

GARÐHEIMAR

***heimur heillandi hluta og hugmynda***

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

*CASORON*
*Nú er rétti tíminn til að strá Casoron til að halda illgresi í skefjum. Stráð á hreinan jarðveg: 1 kg. dugar á ca. 100 m².*

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að beinið sem fannst í Dýrafirði á sunnudag sé frá Spánverjavígunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 34% |
| Nei | 66% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Þekkir þú kröfur vörubílstjóra?*

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

## Piparúðinn er hættulítill

Piparúði lögreglunnar er hættulítill eða hættulaus fullyrðir vakthafandi læknir á slysadeild. Hann valdi sviða en nóg sé að skola augun. Þeir sem leituðu á slysadeild voru afklæddir og skolað af þeim í bílskúrnum af því að úðinn getur smitast yfir á aðra sjúklinga.

- kóp




ER SVIFRYKIÐ AÐ KÆFA OKKUR?



**Málþing Félags umhverfisfræðinga á Íslandi**
um vistvænan lífsstíl, samgöngur og loftgæði.

Yale, fundarsal Radison SAS, Hótel Sögu, 2. hæð
á Degi umhverfisins, föstudaginn 25. apríl kl. 15:00-17:30.

DAGSKRÁ MÁLÞINGS

**Setning**
Eygerður Margrétardóttir, stjórnarkona í Félagi umhverfisfræðinga á Íslandi.

**Upp úr hjólfarinu. Um hjólreiðar og hlutverk heimspekinnar**
Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimsspeki við Háskóla Íslands.

**Loftgæði, lungu og heilsa**
Sigurður Þór Sigurðarson, læknir.

**Loftgæði í Reykjavík**
Anna Rósa Böðvarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi á Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar.

**Visthæfar samgöngur**
Pálmi Randversson, sérfræðingur í samgöngumálum á Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar.

**UMRÆÐUR**

**Fundarstjóri:**
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, formaður Félags umhverfisfræðinga á Íslandi.

ALLIR VELKOMNIR

FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI

## ÁTÖK Í NORÐLINGAHOLTI

### SLUPPUM FYRIR HORN

Ólafur F. Magnússon, borgarstjóri í Reykjavík, telur heppni að ekki fór verr en raun ber vitni við Norðlingaholt í gær. „Ég tel að við höfum sloppið fyrir horn og hvet til þess að þessum mótmælum verði fundinn annar farvegur þannig að ekki stafi af þeim hætta,“ sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið.



Hann segir mikilvægt að draga lærdóm af atburðum gærdagsins, þannig megi koma í veg fyrir að þeir endurtaki sig. „Það er mikilvægara að menn sameinist um að þetta gerist ekki aftur en að leita að sökudólgi eða blórabögglum.“

Borgarstjóri er formaður stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Á fundi hennar á föstudag var rætt um aðgerðir bílstjóra og lýst áhyggjum af þeirri hættu sem þeim getur fylgt vegna tálmunar slökkviliðs- og sjúkrabíla. Ólafur segir slökkviliðsstjóra hafa rætt við talsmenn bílstjóranna og gert þeim grein fyrir hættunni. Vonar hann að bílstjórarnir hafi þessi atriði eftirleiðis í huga. „Það varðar líf og öryggi fólks að þessir bílar geti komist um göturnar,“ segir hann.



**Æstir unglingar** Nokkur fjöldi unglinga safnaðist saman á Norðlingaholti þegar fréttist af átökum. Unglingarnir köstuðu eggjum að lögreglu og létu ófriðlega. Lögreglan þurfti hvað eftir annað að skakka leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sextán flutningabílar voru kyrrsettir

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók tuttugu menn og lagði hald á sextán flutningabíla í gær. Bílarnir hafa verið kyrrsettir um óákveðinn tíma til tryggingar á greiðslu sekta og kostnaðar. Hinir handteknu eiga kærur yfir höfði sér.**

**LÖGREGLUMÁL** „Markmið okkar var að opna veginn,“ segir Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, um aðgerðir lögreglu þegar flutningabílstjórar stöðvuðu umferðina á Suðurlandsvegi í gær.

„Þess vegna tókum við lyklana af þeim og færðum bílana. Lagt var hald á sextán flutningabíla og þeim verður haldið eins og þarf. Það er heimild til að halda munum til tryggingar á greiðslu sektar, kostnaðar og annars þess háttar.“

Milli fimmtíu og sextíu lögreglumenn af höfuðborgarsvæðinu voru á staðnum þegar mest var. Að auki bættust sérsveitarmenn í hópinn til aðstoðar. Lögreglumenn höfuðborgarsvæðisins sem voru á staðnum voru úr umferðardeild, almennri deild og rannsóknardeild, auk aðgerðarhóps úr almennu deildinni.

Tuttugu menn voru handteknir á staðnum, að sögn Harðar og eiga þeir yfir höfði sér kærur fyrir að hunsa fyrirmæli lögreglu, brjóta umferðarlög, auk brota á hegningarlögum með því að raska almenningssamgöngum.

Spurður hvað hafi orðið til þess að upp úr sauð svo að til átaka kom segir Hörður að bílstjórarnir hafi safnast saman í gærmorgun til að loka veginum.

„Við höfum alltaf verið með viðbúnað sem við höfum ekki þurft að beita. Að þessu sinni urðu þeir við tilmælum um að fara, en einhver hluti þeirra fór ekki langt eða kom til baka og lokuðu veginum aftur. Þeir sinntu ekki ítrekuðum fyrirmælum. Þetta var orðið stjórnlaust af þeirra hálfu því það var enginn í forsvari fyrir þessu. Það var því bara maður á mann. Hörður sagði að ekki hefði tekist að ná í talsmann bílstjóranna um fjögurleytið í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.



**HANDTEKINN** Ungur maður var handtekinn við mótælin. Hann kvartaði sáran undan því að fá ekki að þurrka piparúðann úr augum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spurður um hvað gerist stöðvi bílstjórarnir umferð í dag eða næstu daga segir Hörður að lögregla grípi ætíð til þeirra aðgerða sem séu viðeigandi hverju sinni.

„Það sem við gerðum nú, svo sem að beita úða er algjör undantekning. Við grípum ekki til svona aðgerða nema ef og þegar aðrar aðgerðir duga ekki. Þarna var kominn mikill mannsöfnuður og það er allt betra en líkamleg átök.

jss@frettabladid.is

### Dómsmálaráðherra hefur ekkert út á framgöngu lögreglu að setja :

## Gaf ekki fyrirmæli um aðgerðir

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra gaf ekki fyrirmæli til lögreglunnar um að hefja aðgerðir gegn mótmælum bílstjóra í gær. Hann segist ekki hafa neitt út á framgöngu lögreglumanna að setja.

„Það stefndi í að upp úr syði, ef haldið yrði áfram á sömu braut,“ segir hann.

Hann segir ekki hægt að fullyrða um það hvort lögregla muni framvegis bregðast við mótmælum með þessum hætti. „Lögregla tekur ákvarðanir sínar í samræmi við lög og mat á aðstæðum hverju sinni.“

Hann hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hann muni óska eftir skýrslu um málið frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur segir hann að unnt sé að óska eftir því við ríkissaksóknara að hann láti rannsaka framgöngu lögreglunnar þyki mönnum tilefni til þess.

Aðspurður um hvað honum þyki um mótmælin segir hann, „ég tel, að í okkar þjóðfélagi eigi að leiða mál til lykta með viðræðum en ekki á þann hátt að trufla þjóðlífið með ólögmætum aðgerðum“.

- jse

# Karin Herzog

Switzerland



## Líkamskrem frá Karin Herzog

STERKUR – STINNARI og FALLEGRI

Dynamic Duo




## 1 – 2 – 3 fyrir fullkomin líkama

1. SHOWER BODY SCRUB
   Fjarlægir dauðar húðfrumur og ójöfnur af yfirborði húðarinnar. Undirbýr húðina fyrir Silhouette og B12.

2. SILHOUETTE
   4% súrefniskrem sem vinnur á appelsínuhúð og sliti, framleitt til að virka á þau svæði líkamans sem eru mest útsett fyrir fitu og uppsöfnun á fituvef, svo sem mjöðmum, rasskinnum, lærum og maga.
   - Brýtur niður fitu
   - Örvar blóðrásina
   - Sléttir og gefur húðinni raka

3. TONUS – B12
   Krem sem styrkir, stinnir og hjálpar húðinni að losa sig við óæskilega vökvasöfnun og óhreinindi. Með sameiningu þessara þriggja þátta verður árangurinn sjáanlegri fyrr. Kremið gerir það að verkum að húðin verður silkimjúk og veitir léttan angann.

**Kaupauki**
**50 ml af**
**Shower**
**Body Scrub**
**með hverju**
**Dynamic Duo**




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir forseti Palestínu sem heimsótti Ísland á þriðjudaginn?
2. Hvar er stærsta lundavarpsstöð í heimi?
3. Hvað heitir leikmaður Liverpool sem á þriðjudag skoraði sjálfsmark í leik gegn Chelsea?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 62

### Guðni Ágústsson:
## Kom mér í opna skjöldu



„Þetta er nýtt hér, hefur ekki gerst áratugum saman og kemur mér algjörlega í opna skjöldu," segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Atburðir gærdagsins valda honum áhyggjum enda telur hann þá til marks um að aukin harka sé hlaupin í samfélagið. Mikilvægt sé að mótmæli fari friðsamlega fram og að friðhelgi lögreglu sé virt. Nú þurfi allir að slíðra sín sverð og fara yfir málið.

Guðni telur að þingið, til dæmis allsherjarnefnd, eigi að fara yfir atburðarás gærdagsins, ræða hvað gerðist og hvers vegna.

## ÁTÖK Í NORÐLINGAHOLTI



**AUGUN SKOLUÐ** Sjúkraflutningamenn aðstoðuðu suma við að skola augun, en aðrir björguðu sér sjálfir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sjúkraflutningar töfðust

**Kalla þurfti út aukaliðsafla hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins vegna átaka gærdagsins milli mótmælenda og lögreglu. Sautján slösuðust.**

Kalla þurfti út nítján manna aukalið hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins vegna mótmælanna í gær. Lögregla óskaði eftir sjúkrabílum á svæðið klukkan 10.50, „vegna yfirvofandi hættu". Innan skamms mættu fjórir sjúkrabílar og einn dælubíll á svæðið.

Sigurbjörn Guðmundsson, aðstoðarvarðstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, segir að fresta hafi þurft fyrirfram pöntuðum flutningi vegna mótmælanna. „Í því felst flutningur sjúklinga á milli deilda, í röntgen og fleira því um líkt. Það frestaðist allt, en með aukamannskap tókst okkur að koma öllu í samt horf rétt fyrir klukkan 16."

Alls leituðu þrettán manns aðhlynningar í bílunum og einn var fluttur á slysadeild. Sigurbjörn segir meðferðina fyrst og fremst hafa falist í augnskolun. „Við bættum við aukabirgðum af saltvatni í bílana þegar við heyrðum hvernig málið var vaxið. Þar að auki gerðum við ráðstafanir með hreyfanlegar skolunarstöðvar. Önnur var skammt frá vettvangi í gámi og hina fluttum við upp á slysadeild Landspítalans. Ekki kom til þess að stöðvarnar yrðu settar upp," segir Sigurbjörn.

Samkvæmt lækni á slysadeild voru þrír meðhöndlaðir vegna piparúða. Þá leitaði einn lögregluþjónn þangað eftir að hafa fengið grjót í höfuðið. - kóp

### Guðjón A. Kristjánsson:
## Fáheyrð viðbrögð lögreglu



„Þetta eru fáheyrð viðbrögð lögreglu," segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Hingað til hefur ekki þurft að koma til valdbeitingar og ef rétt er hjá vörubílstjórum að þeir hafi verið handteknir þegar þeir voru að fara upp í bílana til að aka þeim burtu þá hefur þetta farið úr böndunum."

Guðjón segir mótmæli atvinnubílstjóra hafa farið friðsamlega fram til þessa. „Ég tel að ríkið eigi að lækka álögur á bensíni og olíu til að hafa áhrif á verðlag og verðbólgu."

### Steingrímur J. Sigfússon:
## Ónotaleg sjón



„Mér er mjög brugðið og spyr hvort óhjákvæmilegt hafi verið að sýna svona hörku," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG. Ósamræmi í framgöngu lögreglunnar milli daga sé umhugsunarefni og gagnrýni fyrir að sýna linkind framan af gagnvart bílstjórunum megi ekki rétta af með svona löguðu.

„Það er ónotalegt að sjá íslenska lögreglu birtast eins og erlenda óeirðalögreglu." segir Steingrímur. Hann telur óhjákvæmilegt að farið verði í saumana á málinu og segir allsherjarnefnd Alþingis góðan vettvang til þess.


www.volkswagen.is




Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur
HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA




**1968** Átök brutust út á Suðurgötu vegna ráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins. Þetta ár var sérstakt á Íslandi vegna tíðra átaka mótmælenda og lögreglu. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Sjaldan slegist við lögreglu hér

**Leita þarf aftur til ársins 1968 til að finna síðast dæmi um harkaleg átök almennings og lögreglu. Þá kom til átaka í Austurstræti á Þorláksmessu.**

Fara þarf fjörutíu ár aftur í tímann til að finna átök lögreglu og almennra borgara sem telja má sambærileg við atburði gærdagsins. Á Þorláksmessu árið 1968 kom til átaka á milli hóps mótmælenda og lögreglu í Austurstræti. Þá var Víetnamstríðið í algleymingi og mótmæli 68-kynslóðarinnar alþjóðlegt fyrirbæri. Meira kom þó til hér heima á Íslandi því einnig var verið að brýna stjórnvöld til að bregðast við miklu atvinnuleysi á þeim tíma.

Birna Þórðardóttir blaðamaður varð andlit þessara átaka því í fjölmiðlum birtust myndir af henni alblóðugri eftir kylfur lögreglumanna. „Þarna fléttaðist saman andstaða gegn ríkisstjórninni vegna atvinnuleysis og hvernig komið var fram við verkafólk, og það sem okkur fannst vera undirlægjuháttur stjórnvalda gagnvart Bandaríkjastjórn." Birna segir að nokkur hópur hafi verið handtekinn en sjálf hafi hún endað á slysadeild. Stefán Pálsson sagnfræðingur segir að árið 1968 hafi verið nokkuð sérstakt því það ár hafi nokkuð reglulega slegið í brýnu á milli mótmælenda og lögreglu. „Fyrir 1968 hafði ekkert gerst í nokkuð langan tíma og næstu ár þar á eftir gerist lítið. Ef menn fara á krepputímann þá er það auðvitað Gúttó-slagurinn 1932 og allir þekkja svo mótmælin á Austurvelli árið 1949."

svavar@frettabladid.is

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ




# Gleðilegt hreint sumar!

## Nú hreinsum við borgina eftir veturinn!

Vorin eru mikill annatími hjá þeim sem sinna hreinsun borgarinnar. Nýliðinn vetur var snjóþungur og sjaldan gafst tækifæri til að sópa og ryksuga. Framundan eru næg verkefni og má til dæmis nefna hreinsun á umferðarmerkjum, hreinsun opinna svæða og sérstakt átak er í gangi til að fjarlægja veggjakrot. Vorhreinsun gatna og göngustíga er hafin og henni lýkur fyrir mánaðamót.

Um leið og Framkvæmda- og eignasvið setur aukinn kraft í hreinsun borgarinnar hvetjum við íbúa og fyrirtæki til að taka til hendinni á eigin lóðum og sameiginlegum reitum til að gera borgina enn fallegri. Alla næstu viku verða starfsmenn hverfastöðva á ferðinni og fjarlægja greinar og garðaúrgang sem settur hefur verið við lóðamörk.

Samtakamáttur í hverfum birtist oft í tiltektardögum og þar hafa hverfastöðvarnar lagt íbúum lið. Árvekni íbúa er lofsverð og til að opna henni farveg höfum við tekið til í boðleiðum okkar. Við vekjum sérstaka athygli á 1, 2 og Reykjavík sem er að finna á vef Reykjavíkurborgar - www.reykjavik.is. Einnig er nú hægt að ná sambandi við allar hverfastöðvar í einu símanúmeri: 411 11 11.

Um leið og við óskum Reykvíkingum gleðilegs sumars þökkum við fyrir hvatningu, stuðning og ábendingar.

FRA 0408-04 hr

## Nýtt Framkvæmda- og eignasvið

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á verklegum framkvæmdum borgarinnar og annast samskipti vegna þeirra. Bygging, rekstur og viðhald mannvirkja í eigu borgarinnar er kjarni starfsins. Undir Framkvæmda- og eignasvið heyrir eignasjóður en í honum eru allar eignir Reykjavíkurborgar.

Framkvæmda- og eignasvið er öflug stoð fyrir fagsvið Reykjavíkurborgar og starfsumhverfi þess mun líkjast því að um sjálfstætt fyrirtæki sé að ræða. Með þessu nýja fyrirkomulagi er stefnt að auknu gegnsæi í kostnaði og að kostnaðarvitund innan borgarkerfisins muni aukast.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 10-12 | 105 Reykjavík. Sími þjónustuvers er 411 1111. www.reykjavik.is/fer





Enn dæmt í fjársvikamáli Tryggingastofnunar:

# Þrennt fer á skilorð

**DÓMSMÁL** Þrennt var í gær dæmt í máli Tryggingarstofnunar (TR) gegn fyrrverandi starfskonu. Alls eru 20 manns ákærðir í málinu, en eftir á að rétta yfir höfuðpaurnum, 45 ára gamalli konu.

Æskuvinkona hennar, sem er 75% öryrki, var dæmd í níu mánaða fangelsi fyrir að heimila ríflega 11 milljóna króna innlagnir á reikninga sína. Hún hlaut helming upphæðarinnar í sinn hlut.

Þá var nágrannakona hennar dæmd í fjögurra mánaða fangelsi fyrir viðtöku ríflega 4,6 milljóna, en fyrir það fékk hún tæpar 540 þúsund krónur. Fyrrverandi sambýlismaður höfuðpaursins hlaut tveggja mánaða fangelsi, en hann tók við 1,3 milljónum og ráðstafaði samkvæmt vilja konunnar. Allir dómarnir eru skilorðsbundnir.

Þingfesting málsins var sú fjölmennasta í sögu Héraðsdóms Reykjavíkur. **- kóp**



**UMFANGSMIKIÐ MÁL** Tuttugu manns eru ákærðir í fjársvikamáli tengdum Tryggingastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SLEPPTU ÞVÍ AÐ MÆTA** Stór BHM-félög á borð við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félag íslenskra náttúrufræðinga slepptu því að mæta á fund með samninganefnd ríkisins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR SIGURÐSSON

# Mættu ekki til fundar með ríkinu

**Stéttarfélög innan BHM mættu ekki til fundar með samninganefnd ríkisins í gær. Félögin ætla að semja hvert í sínu lagi og sjá ekki tilgang funda með einstökum forystumönnum sem boðaðir eru án dagskrár.**

**KJARAMÁL** Formenn félaga innan Bandalags háskólamanna, BHM, hunsuðu fund sem boðaður hafði verið með samninganefnd ríkisins í Karphúsinu síðdegis í gær. Félögin höfðu því að senda fulltrúa á slíkan fund enda ætla þau öll að semja hvert með sinni samninganefnd.

Í svari sem samninganefnd náttúrufræðinga sendi til samninganefndar ríkisins, segir að fundurinn hafi verið boðaður án dagskrár. Samninganefnd félagsins vilji eiga „milliliðalaus samskipti við SNR og hafnar því að senda fulltrúa á fund sem boðaður er án dagskrár“.

Þá ítrekar nefndin kröfu um samningafund tafarlaust og bendir á að í viðræðuáætlun sé gert ráð fyrir að 23. apríl sé staða viðræðna metin með tilliti til þess hvort endurskoða skuli viðræðuáætlun eða vísa málinu til sáttasemjara.

Páll Halldórsson, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga, FÍN, segir að hvert félag innan BHM fari með sitt samningsumboð og ekki hafi verið fjallað um að láta það af hendi. Í síðustu viku hafi náttúrufræðingar fallist á að fresta samningafundi. „Nú erum við að ýta á að það verði boðað til fundar og að við komumst að borðinu,“ segir hann.

Náttúrufræðingar hafa kynnt kröfugerð sína fyrir samninganefnd ríkisins. Grundvallarkrafan er sú að lágmarkslaun náttúrufræðings með BS-próf verði 300 þúsund krónur en lágmarkslaunin eru í dag 210 þúsund krónur. Til viðbótar eru kröfur sem snúa að réttindamálum og öðru.

> Nú erum við að ýta á að það verði boðað til fundar og að við komumst að borðinu.
>
> **PÁLL HALLDÓRSSON**
> FORMAÐUR FÍN

Páll segir að ákveðnir hópar hafi setið eftir. Hann nefnir sem dæmi starfsmenn LSH „þar sem launakjör eru með þeim hætti að ekki verður við unað. Það eru alls konar svona mál sem verður að leysa. Mönnum er ekki vel við að þessum málum sé alltaf ýtt út af borðinu með heildarsamningum.“

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður FÍH, segist ekki hafa séð neina ástæðu til að þramma á fundinn því að þar myndu ekki eiga sér stað neinar samningaviðræður. Beðið sé eftir samningafundi.

Forystumenn innan BHM mættu hinsvegar til fundar við samninganefnd ríkisins í gærmorgun og svöruðu þá tilboði ríkisins um þriggja ára samning.

Ekki náðist í Gunnar Björnsson, formann samninganefndar ríkisins. **ghs@frettabladid.is**




Mýrarhúsaskóli:

# Áfrýjað til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Báðir aðilar í máli kennara í Mýrarhúsaskóla gegn móður nemanda, munu áfrýja til Hæstaréttar. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi móður ungrar stúlku til að greiða kennara í skólanum 9,7 milljónir í skaðabætur og eina milljón í málskostnað, eftir að stúlkan hafði rennt hurð á höfuð kennarans.

Stúlkan er með Aspergerheilkenni og hefur tryggingafélag móðurinn tilkynnt að dómnum verði áfrýjað.

Þá hefur lögmaður kennarans gagnáfrýjað og vill að ábyrgð skólans verði viðurkennd. **- kóp**

Karlmaður á fimmtugsaldri dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot:

# Braut gróflega á fatlaðri stúlku

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri, Sveinbjörn R. Auðunsson, hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að nauðga fatlaðri stúlku. Hann var einnig dæmdur til að greiða henni 800 þúsund krónur í miskabætur.

Í ákæru segir að maðurinn hafi notfært sér að stúlkan gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka og líkamlegrar fötlunar.

Maðurinn starfaði sem afleysingabílstjóri hjá Ferðaþjónustu fatlaðra. Hann var fundinn sekur um að hafa tvisvar brotið gegn stúlkunni með grófum hætti í bíl þegar hann var að aka henni í skóla. Stúlkan var sautján ára þegar brotin áttu sér stað árið 2006. Hún hafði lent í alvarlegu bílslysi þegar hún var tólf ára og hlaut þá meðal annars heilaskaða.

Dómurinn segir að manninum hafi ekki getað dulist annmarkar stúlkunnar. Verði að telja sannað að hann hafi notfært sér þá til að hafa við hana kynferðismök.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Enn fremur kemur fram að brot mannsins gegn stúlkunni hafi haft alvarleg og víðtæk áhrif á hana. Skerðing á vitsmunaþroska geri henni erfiðara fyrir en ella að vinna úr þessu áfalli. **- jss**

Faðir kom syni til bjargar:

# Lítill drengur fastur í skurði

**LÖGREGLAN Fjögurra ára drengur var hætt kominn þegar hann var að leik í skurði rétt við bæinn á Akranesi um klukkan fimm í fyrradag. Vatnið náði honum að höku þegar faðir hans kom honum til bjargar.**

**Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Akranesi komu verktakar skömmu síðar á gröfu og fylltu upp í skurðinn svo að atburður á borð við þennan endurtæki sig ekki.**

**Miklar byggingaframkvæmdir hafa verið á Akranesi að undanförnu og því eru skurðir sem þessir rétt við túnfótinn í nýjustu hverfum bæjarins. - jse**

Fólksfjölgun á Íslandi:

# Íslendingum fjölgar stöðugt

**HAGTÖLUR Hinn 1. janúar á þessu ári voru landsmenn 313.376 og fjölgaði þeim um 1,9 prósent á árinu 2007. Fólksfjölgun var minni en árin tvö á undan en árið 2006 var hún 2,6 prósent, sem er með því mesta sem mælst hefur. Þetta kemur fram í Hagtíðindum Hagstofu Íslands sem komu út í gær.**

**Til samanburðar má nefna að í fáum Evrópuríkjum nær árleg fólksfjölgun einu prósenti en á tíunda áratug síðustu aldar var fólksfjölgun í Evróp að jafnaði 0,2 prósent.**

**Mest fjölgaði fólki á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess, á Suðurnesjum og á þéttbýlisstöðum á Suður- og Vesturlandi.**

**Íbúum á Austurlandi fækkaði frá árinu 2007 eftir mikla fólksfjölgun árin þar á undan, eins og áður hefur verið greint frá í Fréttablaðinu. - mh**

Þýska ferðamálaráðið:

# Fjölmenni nægt fyrir Þýskaland

**FERÐAMÁL** Íslenskum ferðamönnum í Þýskalandi hefur fjölgað um helming á síðasta áratug.

Þýska ferðamálaráðið, DZT, sem annast kynningu á Þýskalandi hefur því ákveðið að setja upp vefsíðu á íslensku. „Já við vorum orðin nægilega mörg til að Þjóðverjum þætti ástæða til að splæsa í sérstaka heimasíðu fyrir okkur,“ segir Arthúr Björgvin Bollason, kynningarfulltrúi Icelandair og umsjónarmaður nýju síðunnar, en hana má finna á slóðinni tyskalandsferdir.travel. Síðuna segir hann verða uppfærða reglulega með hliðsjón af þeim upplýsingum sem Íslendingar leita helst eftir séu þeir á ferð í Þýskalandi. **- kdk**



**ARTHÚR BJÖRGVIN BOLLASON**

**ÁLANDSEYJAR**

## Vilja sænskan tíma

Álendingar ræða nú hvort eyjarnar geti ekki tekið upp sænskan tíma en Álandseyjar tilheyra finnska ríkinu og hafa því finnskan tíma. Finnskur sumartími er þremur klukkutímum á eftir þeim íslenska en sænskur tími tveimur stundum.

GLEÐILEGT SUMAR
www.vg.is




HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Velkomin á opinn dag!

Í dag, sumardaginn fyrsta, frá kl. 14 – 17.

FRÍTT Í GÖNGIN Á LEIÐINNI HEIM

WWW.BIFRÖST.IS

Leiðsögn, skemmtun og vöfflur

- Allar deildir háskólans kynna námsframboð í grunn- og framhaldsnámi og bjóða umsækjendum og öðrum áhugasömum upp á viðtöl við deildarforseta, námsráðgjafa og kennara.
- Stjórnendur skólans ræða umsóknir og úrvinnslu þeirra við þá sem vilja.
- Kennslufræði háskólans verður kynnt en fámennir verkefnahópar, nálægð við kennara og starfsfólk auk verkefnavinnu í tengslum við atvinnulífið skapa skólanum mikla sérstöðu.
- Íbúðir, herbergi og önnur aðstaða nemendagarða verður til sýnis.
- Nemendur kynna nám og daglegt líf á Bifröst.
- Öll félagsleg aðstaða verður til sýnis, þar á meðal líkamsræktarsalir, heitir pottar, kaffihús og lestraraðstaða.
- Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg kynna starfsemi sína.
- Á meðan foreldrar skoða svæðið geta börnin farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu.
- Boðið verður upp á kaffi, kakó, vöfflur og ís.
- Allir gestir fá frímiða í Hvalfjarðargöngin til baka.

FRUMGREINADEILD
- Staðnám
- Fjarnám

VIÐSKIPTADEILD
- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGADEILD
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDADEILD
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SÍA / NM33118



**ÞYRST KRÁKA** Þessi kráka fær sér að drekka úr lekum krana í dýragarði í Jamshedpur á Indlandi, þar sem hitinn fer nú óðum hækkandi þegar sumar nálgast. NORDICPHOTOS/AFP

Danir og Hollendingar óttast hryðjuverk vegna skopteikninga og stuttmyndar:

# Sendiráð rýmd í öryggisskyni

**DANMÖRK, AP** Starfsfólk danskra sendiráða í Alsír og Afganistan hefur verið flutt úr húsakynnum sendiráðanna af ótta við hryðjuverk. Hætta er talin á hefndarárásum vegna þess að skopteikning af Múhameð spámanni var endurbirt í dönskum dagblöðum í febrúar síðastliðnum.

Starfsfólkið í báðum löndunum hefur fært sig annað, þar sem það mun halda áfram störfum sínum með leynd, þótt hægt verði að ná sambandi við það símleiðis og með tölvupósti.

Hættan „er svo áþreifanleg að við urðum að taka þessa ákvörðun“, sagði Erik Laursen, talsmaður danska utanríkisráðuneytisins.



**VIÐ DANSKA SENDIRÁÐIÐ Í KABÚL** Oft hafa orðið átök við sendiráðið. Þessi mynd var tekin í febrúar árið 2006, þegar deilurnar um skopteikningarnar stóðu sem hæst. NORDICPHOTOS/AFP

Hollendingar skýrðu einnig frá því í gær að þeir hefðu fyrir tveimur dögum rýmt sendiráð sitt í Kabúl, höfuðborg Afganistans. Starfsfólk þess sendiráðs er sömuleiðis tekið til starfa á leynilegum stað.

Í síðustu viku var starfsfólk sendiráðs Hollands í Pakistan flutt á hótel í Islamabad, þar sem það hefur starfað síðan.

Hollensk stjórnvöld telja verulega hættu á hryðjuverkum gegn sendiráðum landsins vegna umdeildrar stuttmyndar hollenska þingmannsins Geerts Wilders, þar sem farið er ófögrum orðum um Kóraninn, trúarrit múslima.

- gb

El-Baradei fagnar árangri:

# Íranar boða samvinnu

**ÍRAN, AP Kjarnorkueftirlit Sameinuðu þjóðanna skýrði frá því í gær að írönsk stjórnvöld hefðu fallist á að sýna fulltrúum eftirlitsins fulla samvinnu.**

**Yfirmaður kjarnorkueftirlitsins, Mohammed el-Baradei, segir það mikilvæg tímamót að írönsk stjórnvöld hafi ákveðið að ræða ásakanir á hendur þeim um að þau séu að reyna að koma sér upp kjarnorkuvopnum.**

**Írönsk stjórnvöld fullyrða eftir sem áður að öll kjarnorkuvinnsla í landinu sé eingöngu ætluð til friðsamlegra nota.**

- gb

Umverfisstofnunin EPA:

# Þrýstingur á vísindamenn

**BANDARÍKIN, AP Hundruð vísindamanna við bandarísku umhverfisverndarstofnunina EPA segjast hafa orðið fyrir pólitískum óþægindum og þrýstingi frá yfirmönnum sínum, sem vildu að þeir hagræddu niðurstöðum rannsókna.**

**Þetta kemur fram í skoðanakönnun, sem birt var í gær. Samtökin Union of Concerned Scientists segja að þriðjungur af þeim tæplega 1.600 starfsmönnum EPA sem tóku þátt í könnuninni, segi að þeir hafi orðið fyrir óeðlilegum þrýstingi.**

**Könnunin var send til 5.500 vísindamanna en svör bárust frá 1.586 þeirra.**

- gb

Skipulagsbreytingar hjá Bandaríkjaher:

# Fer með stjórn í Írak og Afganistan

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríski herforinginn David Petraeus, sem undanfarið ár hefur verið yfirmaður bandaríska heraflans



**DAVID PETRAEUS** Verður yfirmaður stríðsreksturs Bandaríkjanna í Írak og Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

í Írak, verður yfirmaður alls stríðsreksturs Bandaríkjanna í Írak og Afganistan.

Ray Odierno tekur við af honum, sem yfirmaður heraflans í Írak. Petraeus tekur hins vegar við af William Fallon, sem lét skyndilega af embætti eftir að hafa andmælt stefnu George W. Bush forseta gagnvart Íran.

Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, skýrði frá þessu í gær. Hann bjóst við að af þessu yrði eftir fjóra til fimm mánuði.

- gb



**Á FERÐ OG FLUGI** Hillary Clinton veifar til ljósmyndara um borð í flugvél á leið til Indianapolis, þar sem prófkjörsbaráttan heldur áfram að loknum sigri í Pennsylvaníu. NORDICPHOTOS/AFP

# Mun berjast allt til enda

**Eftir sigurinn í Pennsylvaníu á þriðjudaginn segist Hillary Clinton staðráðin í að halda áfram baráttu sinni í þeim níu prófkjörum flokksins sem eftir eru.**

**BANDARÍKIN, AP** Þótt Hillary Clinton hafi unnið sannfærandi sigur í prófkjörsbaráttu Demókrataflokksins í Pennsylvaníu, þá náði hún ekki að saxa neitt að ráði á forskot Baracks Obama, sem enn er með á annað hundrað fleiri kjörmenn á sínu bandi á landsvísu.

Sigurinn nægði þó til að tryggja henni framhaldslíf í kosningabaráttunni næstu vikurnar í það minnsta. Clinton og stuðningsmenn hennar eru vongóðir um að þetta dugi til að tryggja henni á endanum sigur á Obama.

„Þegar nær dregur þarf fólk að taka ákvörðun um það hver það telur að verði, ekki bara besti forsetinn, sem er mikilvægasta spurningin, heldur hver yrði betri frambjóðandi gegn McCain öldungadeildarþingmanni,“ sagði Clinton í sjónvarpsviðtali í gær.

Hún lét engan velkjast í vafa um að nú ætli hún að halda áfram baráttu sinni þar til síðasta prófkjöri flokksins lýkur, sem verður í byrjun júní: „Við ætlum að halda áfram næstu níu prófkjörin og ég vona að okkur gangi vel í mörgum þeirra,“ sagði hún í gær.

Hún er þegar farin að skipuleggja kosningabaráttu sína í Indiana og Norður-Karólínu, þar sem næstu prófkjör verða haldin. Clinton vill fá Obama með sér í sjónvarpskappræður í báðum ríkjunum. Í Indiana nýtur Obama meira fylgis, en í Norður-Karólínu eru þau nokkuð jöfn.

Spurningin, sem stuðningsmenn Clinton hafa spurt síðustu daga, er hins vegar áleitin fyrir stuðningsmenn mótherja hennar: „Hvers vegna getur Barack Obama ekki klárað dæmið?“

Obama hafði varið gífurlegu fé í kosningabaráttu sína í Pennsylvaníu, og náði að saxa nokkuð á fylgi hennar þar en hafði þó ekki sigurinn af henni.

Clinton á þó enn verulega á brattann að sækja. Úrslitin ráðast sem fyrr af afstöðu nærri 800 svonefndra ofurfulltrúa á landsþingi Demókrataflokksins í haust, það er þingmanna og annarra forystumanna flokksins sem ganga óbundnir til atkvæða þegar forsetaefni flokksins verður valið.

Samkvæmt talningu fréttastofunnar AP hefur Obama tryggt sér stuðning um það bil 1.720 kjörmanna, en Clinton innan við 1.600. Alls þarf atkvæði frá 2.025 landsfundarfulltrúm til að hljóta útnefningu flokksins.

gudsteinn@frettabladid.is








# Domino's opnar nýja verslun!

**Domino's hefur starfrækt verslun í Ánanaustum í meira en áratug. Nú höfum við fært okkur um set og opnum nýja og glæsilega verslun að Hjarðarhaga 45.**

**Verið velkomin!**

Domino's Pizza ®

**58·12345**

dominos.is





GOTT FÓLK / Myndskreyting: Halldór Baldursson
EXIT


Íslendingar,
gleðilegt sumar
Sumardagurinn fyrsti
Landsbankinn




Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

Þar sem tryggingar snúast um fólk


## Sýning á Miðbakka á sumardaginn fyrsta:

# Vetnisbílar prófaðir

**UMHVERFISMÁL** Fólki gefst kostur á að reynsluaka vetnis-, metan- og rafbílum á Miðbakkanum í dag.

Þá fer fram sýning á þeim fjölmörgu visthæfu bifreiðum sem komnar eru í umferð hérlendis. Bílasýningin fer fram á milli klukkan 11 og 15.

Við opnun sýningarinnar verður Nýsköpunarmiðstöð Íslands afhentur þrettándi vetnisfólksbíllinn sem fer í almenna umferð hérlendis. Þetta er Ford Focus efnarafalabíll.

Í tilkynningu frá Bílgreinasambandinu kemur fram að vetnisbílafloti Íslendinga sé orðinn einn sá stærsti í heiminum. Það fjölgi öðrum visthæfum bílum hérlendis jafnt og þétt. **- ghs**



**AFHENTUR Í DAG** Gestum gefst kostur á að reynsluaka vetnis-, metan- og rafbílum á Miðbakkanum í Reykjavík milli ellefu og þrjú í dag eftir að nýr efnarafalabíll hefur verið afhentur.



**FRÁ VESTMANNAEYJUM** Eiðið heitir í raun Þrælaeiði og er sandeyri milli Klifsins og Heimakletts. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Landeyjahöfn kallar á stórskipahöfn

**Í nýrri þriggja ára áætlun Vestmannaeyjabæjar er gert ráð fyrir framkvæmdum fyrir tæpa tvo milljarða króna. Þar ber hæst framkvæmdir vegna nýrrar stórskipahafnar á utanverðu Eiðinu.**

**VESTMANNAEYJAR** „Það er höfnin og ferðaþjónustan sem bera mest úr býtum í þessari þriggja ára áætlun,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum um nýja þriggja ára áætlun Vestmannaeyjabæjar sem nær yfir árin 2008 til 2011.

Stefnt er að byggingu stórskipahafnar norðan við Eiðið. Rúmar 700 milljónir eru teknar frá til framkvæmdarinnar sem samsvarar 40 prósentum af kostnaði en samkvæmt gildandi hafnarlögum greiðir ríkið 60 prósent af gerð hafnarmannvirkja.

„Stórskipahöfn norðanvert við Eiðið myndi gera okkur kleift að taka á móti næstu kynslóð af stórskipum og auka þjónustu við alla hafnsækna stafsemi, bæði tengda sjávarútvegi, léttiðnaði og nýfengnum tækifærum til dæmis í vatnsútflutningi,“ segir Elliði. Hann segir bæjarstjórnina hafa gert samgönguyfirvöldum grein fyrir þessari áætlun sinni og að viðbrögð hafi verið góð.

Áætlunin byggir að nokkru á úttekt Háskólans á Bifröst á því hvaða byggðarleg áhrif Landeyjahöfn muni hafa á atvinnulíf og búsetugæði í Eyjum þegar siglingaleiðin styttist úr tæpum þremur klukkustundum í hálfa klukkustund. „Þeir meta það sem svo að það séu gríðarlega miklar breytingar framundan sem við þurfum að búa okkur undir.“

Áætlunin gerir ráð fyrir að íbúum í Eyjum hætti að fækka árið 2008 og fjölgi um eitt prósent á ári næstu þrjú árin þar á eftir. „Á síðasta ári var minnsta fækkun sem verið hefur frá árinu 1993 og það sem af er þessu ári er fjölgun. Þannig að þetta er að snúast við núna.“

En fleira verður gert en byggð stórskipahöfn. Áhersla verður einnig lögð á uppbyggingu ferðaþjónustu sem og byggingu menningarhúss, Náttúrugripasafns, nýs útivistarsvæðis og alger uppbygging miðbæjarins. Alls er gert ráð fyrir að kostnaður sveitarfélagsins við þessar sérstöku framkvæmdir verði 1.853 milljónir króna. „Ég hugsa að þetta séu mestu framkvæmdir sem sveitarfélagið hefur ráðist í eftir uppbyggingu eftir gos lauk. Við erum afar bjartsýn.“

**olav@frettabladid.is**




MEISTARANÁM
Í VIÐSKIPTADEILD

Meistaranám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er fjölbreytt og krefjandi nám sem getur opnað þér dyr að margvíslegum starfstækifærum.

MSc í alþjóðaviðskiptum
Námið byggir bæði á fræðilegum grunni og hagnýtri þekkingu á alþjóðaviðskiptum og fer kennsla fram á ensku. Uppbygging námsins miðar við reynslu margra bestu háskóla heims. Allir nemendur dvelja erlendis eina önn.

MSc í fjármálum
Námið er sérsniðið að þörfum fjármálafyrirtækja og framsækinna alþjóðlegra fyrirtækja. Hægt er að sérhæfa sig í fjárfestingarstjórnun eða fjármálum fyrirtækja.

MSc í reikningshaldi og endurskoðun
Námið er ætlað þeim sem vilja verða löggiltir endurskoðendur, eða hafa áhuga á að starfa sem sérfræðingar eða stjórnendur á sviði reikningshalds í fyrirtækjum. Útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir til ýmissa stjórnunarstarfa í atvinnulífinu, einkum hjá stórfyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


## Þýskur þingmaður neitar að gefa upp tekjur:

# Greiði þinginu sekt

**ÞÝSKALAND, AP** Otto Schily, fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn Gerhards Schröder, þarf að greiða þýska þinginu sekt fyrir að vilja ekki gefa þingforseta upplýsingar um tekjur sínar.

Schily segist ekki vilja gefa upp tekjur af lögfræðistörfum sínum utan þings vegna trúnaðarskyldu við skjólstæðinga sína.

Þingið samþykkti að krefja hann um 22 þúsund evrur í sekt, rúmlega 2,5 milljónir króna.

Þetta er í fyrsta sinn sem þingmanni í Þýskalandi er refsað fyrir að gefa ekki upp tekjur. Hann getur þó áfrýjað ákvörðun þingsins. **- gb**





## FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Á

# SUMARDAGINN FYRSTA

## Í ÖLLUM HVERFUM BORGARINNAR





### VESTURBÆR
Skrúðganga frá Melaskóla kl. 13.00
Fjölskylduhátíð við Frostaskjól / KR heimilið frá kl. 13.30–15.30
Frítt í Vesturbæjarlaug frá kl. 10–12, léttar veitingar fyrir gesti.
www.frostaskjol.is

### AUSTURBÆR
Sumarhátíð Tónabæjar verður haldin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum frá kl. 13.00–16.00
www.tonabaer.is

### BREIÐHOLT
Kl. 13.00 Skrúðganga frá Þín verslun við Seljabraut
Guðsþjónusta í Seljakirkju kl. 13.30
Fjölskylduskemmtun frá kl. 14–16 við tjörnina hjá Hólmaseli.
www.midberg.is

### ÁRBÆR
Skrúðganga kl. 12.00 frá Ártúnsskóla og Selásskóla að Árbæjarkirkju. (tvær göngur)
Helgistund í Árbæjarkirkju kl. 12.30
Fjölskylduskemmtun við Ársel frá kl. 13.00
www.arsel.is

### GRAFARHOLT
Kl. 11.00 100 ára afmælishlaup Fram
Kl. 13.30 Skrúðganga frá Þórðarsveig 3 að Maríubaug
Kl. 14.00 Helgistund í sal Ingunnarskóla.
Skemmtidagskrá við Ingunnarskóla að lokinni helgistund.
www.arsel.is

### GRAFARVOGUR
Kl. 12.45 Skrúðganga frá Spönginni að Rimaskóla
Kl. 13.00 Helgistund við Rimaskóla og fjölskylduskemmtun til kl. 17.00
www.gufunes.is

### NAUTHÓLSVÍK
Ylströndin opin frá kl. 11-17
Kl. 14.30 Landslið sjósundmanna kynnir sjósund og leiðbeinir með fyrstu sundtökin.
Kayak-klúbburinn verður með báta á staðnum. Ungir sem aldnir fá að prófa.
www.itr.is

### MIÐBORG, HLÍÐAR
Skemmtidagskrá á Miklatúni frá kl. 14–16
Söngatriði, hljómsveit, töframaður og hoppukastali
www.kampur.is



**FRÍTT ER Á FJÖLSKYLDUSKEMMTANIR Í HVERFUM BORGARINNAR.**

**ATH. OFANGREINDUR LISTI ER EKKI TÆMANDI, NÁNARI UPPLÝSINGAR Í NÆSTU FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ EÐA Á WWW.ITR.IS**

Ekki sitja auðum höndum og láta þér leiðast. Drífðu þig út og nýttu tímann vel!

ÍTR Skemmtilegur frítími
ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKUR

## „ORÐRÉTT“

### *Mannabein*

**„Þetta stóð út úr bakka, þar sem sjór hefur brotið af landi, þegar ég sá þetta.“**

ÁRNI ÞÓR HELGASON STÁLSMIÐUR Á ÍSAFIRÐI

**Fréttablaðið 22. apríl**

### *Óvissa*

**„Alvara málsins er sú að tæplega þriðjungshlutur í HS er í óvissu.“**

ÁSGEIR MARGEIRSSON FORSTJÓRI GEYSIS GREEN ENERGY

**Morgunblaðið 22. apríl**

**tilveran**

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** DRÖFN ÖSP SNORRADÓTTIR VIÐSKIPTASTJÓRI

# *Býr sig undir EM í knattspyrnu*

„Það er allt það besta að frétta af mér. Allt vitlaust að gera í vinnunni, heilu auglýsingaherferðirnar með tökum og öllu tilheyrandi fram undan í maí og mikið stuð,“ segir Dröfn Ösp Snorradóttir, einnig þekkt sem DD-unit. Dröfn starfar sem viðskiptastjóri og hugmyndasmiður á auglýsingastofunni Fíton milli þess sem hún skrifar um heitasta slúðrið á vinsælli bloggsíðu sinni, eyjan.is/dd-unit.

„Ég er ekki alveg nógu dugleg við að uppfæra síðuna mína en það er klárlega á dagskránni að herða mig í þeim efnum,“ segir Dröfn. Aðspurð um sumarið fram undan segist Dröfn hafa ýmislegt skemmtilegt í bígerð. „Í fyrsta sinn á ævinni fæ ég fimm vikna sumarfrí og er hæstánægð með það, líður nánast eins ég hafi unnið í lottó. Ég hef hugsað mér að ferðast í fríinu, ætla til dæmis að keyra hringinn í kringum landið og í enda maí ætla ég að skella mér til Berlínar í viku. Ég hef aldrei komið þangað en hef heyrt frá mörgum að borgin sé frábær, og þá sérstaklega austurhluti hennar.“



Það verður þó ekki stanslaus útivera hjá Dröfn í sumar því hún hefur hug á að fylgjast vel með EM í knattspyrnu í sjónvarpinu. „Ég fylgist alltaf með stórmótunum í boltanum og kom til dæmis skjannahvít heim úr útskriftarferðinni minni til Spánar því ég eyddi mestum tímanum inni á bar að horfa á HM í fótbolta. Mínir menn Englendingar og Danir eru því miður ekki með í ár en líklega styð ég bara Portúgal. Ronaldo spilar nú einu sinni með þeim,“ segir Dröfn og hlær tvíræðum hlátri.

## VINSTRI UMFERÐ
### FYRSTA FORVÖRNIN



■ Vinstri umferð á sér langa sögu. Þegar vopnaðir menn mættust var tryggast að hafa höndina sem sverðinu brá sömu megin og sá var, sem á móti kom. Hægri umferð verður rakin til frönsku stjórnarbyltingarinnar. Fram að henni náði stéttaskiptingin til umferðarinnar. Aðallinn ók vögnum sínum vinstra megin og bolaði alþýðunni út á hægri kantinn. Gangandi almúgamenn héldu sig til hægri og viku út á vegkant fyrir umferð höfðingjanna. Eftir byltinguna 1789 töldu aðalsmenn tryggara að láta lítt á sér bera og slógust í för með borgurunum.


Sjóðheitt sólarlottó!

Spilaðu með og láttu sólina leika við þig.

Verð frá:

39.900kr.

Netverð á mann miðað við 2, 3 eða 4 í stúdíó, íbúð eða hótelherbergi. Enginn barnaafsláttur. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Í boði eru 200 sæti til Krítar, Marmaris, Mallorca og Costa Del Sol. Þú velur áfangastaðinn og brottfaradaginn. Viku fyrir brottför staðfestum við á hvaða gististað þú dvelur í sumarfríinu. Gildir fyrir maí, júní og júlí. Ein vika eða tvær.

Fyrstur kemur, fyrstur fær.
Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is

plús FERÐIR

VISA MasterCard

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

www.plusferdir.is




**ÚR LEIKNUM** Mikill fjöldi tekur þátt í netleiknum Eve-Online. Meistaranemi í heimspeki rannsakar nú hvernig lýðræðinu reiðir af í leiknum.

# Rannsaka sögu og lýðræði EVE

**Meistaranemar í sögu og heimspeki við Háskóla Íslands vinna að rannsóknarverkefnum í tengslum við tölvuleikinn EVE-Online. Samfélag leiksins er heppilegur vettvangur fyrir rannsóknir, segir forstjóri CCP.**

„Það er athyglisvert að sjá hvernig lýðræðinu reiðir af í þessu skemmtilega samfélagi,“ segir Pétur Jóhannes Óskarsson, meistaranemi í heimspeki, sem vinnur nú að rannsókn á þróun lýðræðis í tölvuleiknum EVE-Online.

Rannsóknin er unnin í samstarfi við CCP, sem framleiðir leikinn, og er um leið lokaverkefni Péturs við Háskóla Íslands. „Ég er að skoða hvernig hugmyndir manna um lýðræði lifa af í þessu samfélagi sem leikurinn er. Meðal annars skoða ég kenningar heimspekinganna Jean-Jacques Rousseau og John Rawls í þessu samhengi og hvernig þær samrýmast lýðræðisþróun í leiknum,“ segir Pétur.

Leiðbeinandi Péturs í verkefninu er Róbert H. Haraldsson prófessor við hugvísindadeild.

Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, segir það færast í vöxt að háskólarannsóknir séu unnar í samstarfi við CCP. Leikurinn sé heppilegur til rannsókna. „Það kemur okkur ekki á óvart að EVE-Online samfélagið sé notað til margvíslegra háskólarannsókna.



**PÉTUR JÓHANNES ÓSKARSSON**

Við höfum talað fyrir því frá upphafi að samstarf við háskóla væri heppilegt og starfsemi af því tagi er sífellt í vexti,“ segir Hilmar Veigar. „Það er vel mögulegt að byggja brýr inn í háskóla með samfélagi leiksins og eftir að við réðum dr. Eyjólf Guðmundsson sem yfirhagfræðing hefur áhugi á rannsóknarverkefnum verið að aukast töluvert.“

Erlendir háskólar hafa sýnt samfélagi EVE-Online áhuga og er MIT (Massachusetts Institue of Technology) í Boston, í gegnum Háskólann í Reykjavík, meðal háskóla sem vinna að rannsóknum sem tengjast samfélagi leiksins.

EVE-Online leikurinn hefur vaxið og dafnað ár frá ári síðan honum var komið á laggirnar árið 2003. Samtals eru 236 þúsund manns sem spila leikinn reglulega. Þeim hefur fjölgað jafnt og þétt frá því leiknum var komið á.

Spilarar leiksins koma flestir frá Evrópu og Bandaríkjunum, um fjörutíu prósent af heildarfjölda úr hvorri heimsálfu. Um tuttugu prósent spilara eru frá öðrum heimsálfum. Örlítið brot af spilurum leiksins kemur frá Íslandi, nokkuð innan við eitt prósent.

**magnush@frettabladid.is**

## SAGA EVE-ONLINE RANNSÖKUÐ

Markús Andri Gordon Wilde, meistaranemi í sagnfræði við Háskóla Íslands, vinnur að fimm eininga einstaklingsverkefni þar sem saga leiksins EVE-online er til rannsóknar. „Ég heyrði Hilmar forstjóra CCP ávarpa Fan-fest-hátíð fyrir spilara leiksins í nóvember síðastliðnum þar sem hann bar saman mannsævir sem höfðu farið í að reisa Kárahnjúkavirkjun annars vegar og svo gerð EVE-online hins vegar. Þá fékk ég þessa hugmynd að það væri gaman að skoða sögu leiksins og hvernig samfélag í leiknum hefur verið að þróast. Það er mikil vinna margra að baki því samfélagi sem spilarar eru nú þátttakendur í,“ segir Markús Andri.

Hann nálgast viðfangsefni sitt út frá tveimur rannsóknarspurningum: Á yfir höfuð að vera skrá sögu EVE-online? Og: Hvernig er best að huga að skrásetningu sögunnar? „Ég talaði við Dr. Eyjólf [Guðmundsson], akademískan tengil hjá CCP, í nóvember síðastliðnum og byrjaði svo að huga að verkefninu í febrúar. Þetta er spennandi,“ segir Markús Andri.



WC|A

hrein verðlaunalína

Hafðu það vandað

- allt frá uppsprettu inn til þín

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 108 Reykjavík Sími 510 1400 vatnsvirkinn.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

# OPNUM Í
# NÝJA VER
# Á GRAND

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ OPIÐ FRÁ 10-17




OPIÐ Í DAG BYKO SELFOSSI 12-16 OG BYKO KAUPTÚNI 11-17

# DAG
# RSLUN
# DA




BYKO



## FJÖR!

Fimmtudag og laugardag
kl. 12:00-16:00: Hoppandi
gleði fyrir börnin!

## GRILL!

Fimmtudag og laugardag
kl. 12:00-16:00



## LEIKUR!

Allir sem mæta í BYKO Granda frá 24. apríl - 4. maí geta tekið þátt í opnunarleiknum með því að setja nafnið sitt í pott. Dregið verður úr þátttökuseðlum 5. maí. Stórglæsilegt Outback Diamond gasgrill í verðlaun að verðmæti 79.900.



**Kjarni málsins**

> Fjöldi kennara í framhaldsskólum, með og án kennsluréttinda, skólaárið 2006-2007




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN HANS PJETURSSON LEGGUR STUND Á UPPTÖKUFRÆÐI Í LONDON:**

## *Ætlar að verða næsti Þorvaldur Bjarni*

Hans Pjetursson stundar BA-nám í upptökufræðum við School of Audio Engineering í London, einn stærsta hljóðmenntunarskóla heims. Hann segir gremju með eigin kunnáttuleysi hafa ráðið því að hann ákvað að leggja upptökufræði fyrir sig. „Ég hef lengi verið að fikra mig áfram með að búa til tónlist og með það að markmiði keypti ég mér pro-tools upptökugræjur fyrir nokkrum árum. Ég kunni ekkert á græjurnar og náði engu almennilegu hljóði út úr þeim að mér fannst, þannig að rökrétt næsta skref var að skella sér í skóla og læra að gera þetta almennilega.“

Hans er nýfluttur til London þar sem hann lýkur við síðari hluta námsins, gráðuhlutann, en hann gengur að öllu leyti út á bóklegt nám og ritgerðir. Verklega hluta námsins, diplómuhlutann, stundaði Hans



hins vegar í Liverpool á síðasta ári. „Fyrri hlutinn snerist um að læra listina á bak við upptökur í hljóðveri, að taka upp hljómsveitir, mixa, útsetja og slíkt. Þeir bjóða ekki upp á að taka gráðuárið í Liverpool, því miður, því ég kunni afskaplega vel við mig þar og hefði gjarnan viljað vera lengur. Í Liverpool eignaðist ég heilan haug af góðum vinum og þar er mikið um skemmtanir og góða tónleika. Smæð samfélagsins í borginni átti líka mjög vel við mig, en London er töluvert stærri og varla hægt að líkja borgunum saman. Á móti kemur að hér í London er hægt að gera bókstaflega allt. Námið er mjög skemmtilegt og gaman að geta hellt sér út í það sem vekur áhuga manns.“

Hans segir framtíðina verða að leiða í ljós í hvað hann nýti námið í framtíðinni, en draumarnir eru skýrir. „Ég ætla að stofna mitt eigið stúdíó og verða næsti Þorvaldur Bjarni. Svo langar mig að vinna með Björk, og þegar því er lokið vil ég vinna með Stuðmönnum. Þá verður takmarkinu náð,“ segir Hans og hlær.

■ **Kynning á starfsemi skóla**

## Opið hús hjá HA og Bifröst



Opið hús verður hjá Háskólanum á Akureyri, Borgum í dag, sumardaginn fyrsta milli klukkan 13 og 15. Þá verður opið hús í Háskólanum á Bifröst frá klukkan 14 til 17. Fólk fær tækifæri til að kynna sér nám við háskólana og spjalla við nemendur og kennara skólans. Á Akureyri fá öll börn sem mæta sumargjöf og ís auk þess sem nemendur í leikskólakennarafræði munu lesa valda kafla úr uppáhaldsævintýrum sínum. Á Bifröst geta börnin farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu. Boðið verður upp á veitingar.




# Mælt með sameiningu háskóla á landinu

**Tveggja ára ströngu ferli lauk formlega á þriðjudag þegar íslenskum háskólum voru afhentar viðurkenningar menntamálaráðuneytisins á þeim fræðasviðum sem þeir starfa. Í ávarpi menntamálaráðherra við það tilefni kom fram að niðurstöður sérfræðinganefnda hvettu til aukinnar samvinnu og sameiningar háskóla.**

Smæð íslenska háskólakerfisins gerir það að verkum að íslenskir háskólar þurfa að vinna meira saman, sérstaklega þeir sem starfa á sömu fræðasviðum. Mjög litlir skólar geta aldrei haldið uppi háskólakennslu á sama gæðastaðli og stórir háskólar, og því er æskilegt að sameina háskóla til að byggja upp og efla fræðilega hæfni þeirra. Þetta er meðal þeirra ábendinga sem ítrekað komu fram í niðurstöðum sérfræðinganefnda sem fjallað hafa um umsóknir íslenskra háskóla um viðurkenningu á þeim fræðasviðum sem starfsemi þeirra tekur til, á síðustu tveimur árum.

Einnig kemur fram í niðurstöðunum gagnrýni á innra gæðaeftirlit háskólanna og telja nefndirnar íslenska háskóla almennt skorta skýrari stefnumótun. Þeir dreifi kröftunum óþarflega mikið með því að halda úti mörgum, veikburða námsleiðum í stað þess að forgangsraða og sérhæfa sig á afmarkaðri sviðum.

„Ég mun beita mér fyrir auknu samstarfi og spái því að við munum sjá enn frekari umbreytingar á háskólasamfélaginu á næstu misserum en verið hefur,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. „Í sumar munum við upplifa stóra og mikilvæga sameiningu í átt til eflingar kennaramenntunar þegar Kennaraháskólinn og Háskóli Íslands verða sameinaðir. Við skulum bíða og sjá með allar frekari sameiningar en þetta eru vissulega álitaefni sem okkur ber að taka alvarlega.“

Sérfræðinganefndirnar voru hins vegar mjög ánægðar með aðlögun skólanna að viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Einnig töldu nefndirnar að í nær öllum tilfellum væri aðbúnaður starfsfólks og nemenda til fyrirmyndar.

kjartan@frettabladid.is

### VIÐURKENNINGAR MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS

**Háskóli Íslands:** á sviðum hugvísinda, lista, náttúruvísinda, verk- og tæknivísinda, heilbrigðisvísinda og félagsvísinda

**Háskólinn í Reykjavík:** á sviðum verk- og tæknivísinda og félagsvísinda

**Háskólinn á Akureyri:** á sviðum félagsvísinda, heilbrigðisvísinda og auðlinda- og búvísinda

**Landbúnaðarháskóli Íslands:** á sviðum náttúruvísinda og auðlinda- og búvísinda

**Kennaraháskóli Íslands:** á sviðum félagsvísinda, sem kennaramenntunin fellur undir

**Háskólinn á Bifröst:** á sviði félagsvísinda

**Háskólinn á Hólum:** á sviðum auðlinda- og búvísinda

**Listaháskóli Íslands:** á sviði lista



**VIÐURKENNING** Háskólar fengu viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á þriðjudag.

### SKIPTIR ÖLLU AÐ HAFA VALKOST



**SVAFA GRÖNFELDT, REKTOR HR**

Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, segir skipta gríðarlegu máli að nemendur og kennarar hafi valkost þegar kemur að háskólum. „Við þurfum fleiri en einn og fleiri en tvo öfluga háskóla. Hins vegar er það afar mikilvægt að skólarnir verði ekki það margir og það litlir að þeir nái ekki að standa á eigin fótum.“ Aðspurð um álit sérfræðinefndar um æskilega sameiningu háskóla segir Svafa það alls ekki eiga við Háskólann í Reykjavík. „Við og HÍ erum af þeirri stærðargráðu sem vel getur staðið í innlendum og erlendum samanburði.“

### SAMEINING ER EKKI TÖFRAORÐ



**ÁGÚST EINARSSON REKTOR Á BIFRÖST**

„Sameining er ekkert töfraorð í sambandi við háskóla frekar en það er töfraorð í sambandi við viðskipti og fyrirtæki. Sumir álíta að svo sé en það er ekki þannig, þetta fer eftir aðstæðum hverju sinni,“ segir Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, aðspurður um það álit sérfræðinefndanna að aukin sameining háskóla sé æskileg.

Ágúst segir samvinnu vera af hinu góða en engin sameiningaráform séu á döfinni á Bifröst. „Okkur gengur ágætlega í þeirri einingu sem við erum í hér og meðan svo er höldum við áfram í þeim ramma sem nú er búið að veita okkur viðurkenningu fyrir.“

### SAMRÝMIST ILLA HLUTVERKI OKKAR



**ÞORSTEINN GUNNARSSON, REKTOR HA**

Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, telur sameiningu af einhverju tagi ríma fremur illa við hlutverk skólans. „Við teljum okkur gegna því afar mikilvæga hlutverki að byggja upp háskólamenntun á landsbyggðinni. Sameining okkar við háskóla í Reykjavík myndi vinna gegn því markmiði að mínu mati. Hins vegar eigum við í góðu samstarfi við marga háskóla, bæði innanlands og erlendis, og slíkt samstarf höfum við í hyggju að rækta,“ segir Þorsteinn.

# SUMARTILBOÐ

**Opið í dag sumardaginn fyrsta frá kl 11.00 til 16.00**

DUX®



**DUX 1001/90x200cm/Xtandard yfirdýna........................................ Kr 149.500**

**DUX 1001/105x200cm/Xtandard yfirdýna...................................... Kr 198.000**

**2 DUX 1001/90x200cm/Xtandard yfirdýna 180x200cm................ Kr 299.000**

**20% afsl af öllum yfirdýnum**

*ATH takmarkað magn.*



DUXIANA®

ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

**Ármúla 10 · Reykjavík · Sími: 5689950**

www.duxiana.com

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.203 **+0,63%**

**Fjöldi viðskipta:** 298
**Velta:** 3.965 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ÖSSUR** | 3,32% | **ATLANTIC AIRWAYS** | 8,68% |
| **EXISTA** | 2,04% | **FLAGA** | 3,41% |
| **FØROYA BANKI** | 1,41% | **ICELANDAIR** | 2,71% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,30 -0,55% ... Bakkavör 42,30 -0,24% ... Eimskipafélagið 22,85 -0,22% ... Exista 11,99 +2,04% ... FL Group 6,37 -0,31% ... Glitnir 16,60 +0,61% ... Icelandair Group 23,30 -2,71% ... Kaupþing 837,00 +0,72% ... Landsbankinn 30,80 +0,65% ... Marel 90,10 +0,45% ... SPRON 4,86 -0,82% ... Straumur-Burðarás 12,26 +0,74% ... Teymi 3,98 +0,00% ... Össur 93,50 +3,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Góður gangur

Fjölmiðlar hafa verið duglegir við að segja fréttir af erfiðleikum fyrirtækja við að sækja sér lánsfé til að standa undir áframhaldandi rekstri og framtíðaruppbyggingu. Það á samt ekki við um öll fyrirtæki. Á meðan álverð fer hækkandi er fýsilegt að byggja fleiri álver hér á landi. Að því stefnir Norðurál í Helguvík. Í síðustu viku voru forsvarsmenn Norðuráls, sem er í eigu Century Aluminium og með höfuðstöðvar í Kaliforníu, í Bandaríkjunum og ræddu við þarlenda banka.



Og ekki vantar áhugann. Höfðu stærstu bankar Bandaríkjanna samband að fyrra bragði til að ræða hugsanlegt lán til uppbyggingar í Helguvík. Auk þess að auka hlutafé og taka fjármagn úr rekstrinum er ætlunin að taka nokkur hundruð milljónir dollara að láni. Og kjörin munu ekki vera verri en það sem gilti fyrir lánsfjárkreppuna. Það er engin kreppa í álinu.



### Bíður rólegur

Það er gömul saga og ný, að niðursveifla á markaði getur skapað góð kauptækifæri fyrir þá sem eiga fjármuni á lausu. Björgólfur Thor Björgólfsson sagði við danska viðskiptablaðið Börsen í gær, að verð á dönskum fasteignafélögum myndi lækka á næstunni þar sem einhverjir bankar myndu neyðast til að selja fyrir hönd umbjóðenda sinna. Hann geri því ekkert fyrir jól, enda hafi hann nógan tíma.

## MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Noregs hefur hækkað stýrivexti í 5,5 prósent, um 0,25 prósentustig. Í Vegvísi Landsbankans kemur fram að hækkunin hafi verið í takt við væntingar sérfræðinga. Í Noregi hefur verið uppgangur sem skýrist að stórum hluta af háu olíuverði, sem er helsta útflutningsvara Noregs.

Vegvísir fjallar einnig um stýrivexti í Svíþjóð sem tilkynnt var að væru óbreyttir í 4,25 prósentum.

Uppgjör fyrirtækja vegna fyrsta ársfjórðungs fara nú að líta dagsins ljós. Í dag koma þau fyrstu, en Nýherji og Eik Banki ríða á vaðið. „Uppgjörshrinan skellur svo á af fullum krafti í næstu viku en þá munu átta félög á Aðallista Kauphallarinnar birta uppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung," bendir greiningardeild Kaupþings á.

# Á ennþá 15 prósent

Finnur Ingólfsson er enn stór hluthafi í Icelandair Group í gegnum félagið Langflug.



FINNUR INGÓLFSSON

Fréttir af sölu Finns á hlutum í félaginu í fyrrasumar, báru með sér að þá hefði Finnur sagt skilið við félagið. Þá seldi félag Finns FS7 tæplega 15,5 prósenta hlut sinn.

Finnur staðfestir að hann eigi nú tvo þriðju hluta hlutafjár í Langflugi, á móti Fjárfestingafélaginu Gift, sem á þriðjung. Langflug er stærsti hluthafinn í Icelandair Group, með 23,8 prósenta hlut.

Samkvæmt ársreikningi Langflugs fyrir árið 2006 átti Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, forveri Giftar, 75 prósenta hlut, en Finnur fjórðung prósenta. „Þetta var einhvern tímann á síðasta ári," segir Finnur, þegar hann er spurður um hvenær hann jók hlut sinn í Langflugi.

Í lok desember sátu þrír menn í stjórn Langflugs. Finnur Ingólfsson, Helgi S. Guðmundsson og Ólafur Friðriksson. Finnur er nú stjórnarformaður Samvinnusjóðsins, sem líklega á þriðjungs hlut í Gift, og verður stærsti hluthafinn í Gift. Ólafur Friðriksson er fyrrverandi stjórnarformaður Giftar. Allir þrír hafa setið í svonefndu Fulltrúaráði eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga. Fulltrúaráðið velur sig sjálft en þar eru innan borðs ýmsir sem meðal annars tengjast Kaupfélögunum og Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

**- ikh**

# Seðlabankastjóri gæti orða sinna

„Mikil ábyrgð fylgir orðum seðlabankastjóra, ekki síst á erlendri grundu. Því þarf hann að gæta orða sinna sérstaklega vel," segir Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs Íslands. Ummælin hljóti að teljast óheppileg, enda þótt þau hafi verið mistúlkuð að verulegu leyti.



ERLENDUR HJALTASON

Fram kom í danska viðskiptablaðinu Börsen, að Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri lýsti áhyggjum af stórum fjárfestum í íslenskum bönkum. Enn fremur sagði blaðið að hrun hjá fjárfestum gæti þýtt verulegt tap fyrir íslensku bankana.

Eiríkur sagði í samtali við Markaðinn, að hann hefði gefið danska blaðamanninum svar við fræðilegri spurningu. Ekki væri til þess vitað að slík vandamál væru í uppsiglingu. Hann lét þess enn fremur getið að erfiðleikar á markaði gætu reynst smærri bönkum illa og leitt til sameininga.

Erlendur segir það ekki hlutverk seðlabankastjóra að spá fyrir um sameiningu eða fækkun fjármálafyrirtækja. „Að sama skapi eru ummæli um möguleg vandamál hjá eigendum stærstu bankanna afar óheppileg og gætu valdið misskilningi."

**- ikh**

# Hagnaður Hamley's hálfur milljarður króna

**Guðjón Karl Reynisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri 10-11, hefur verið ráðinn forstjóri bresku leikfangakeðjunnar Hamley´s sem er í eigu Baugs. Keðjan veltir tíu milljörðum króna og skilaði 500 milljónum í hagnað í fyrra.**

Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group, sem er eigandi Hamley´s, segir félagið hafa vantað nýjan forstjóra þar sem Nick Mather, sem verið hefur forstjóri Hamley´s síðastliðin tvö ár og fjármálastjóri félagsins þar á undan, ákvað að láta af störfum til þess að skoða ný tækifæri. Hann þvertekur fyrir að Mathers hafi verið sagt upp störfum.

„Nick hefur gert góða hluti fyrir Hamley´s enda félagið verið á mikilli siglingu að undanförnu," segir Gunnar. Hann segir Guðjón strax hafa komið til greina sem eftirmaður Mathers enda gert mjög góða hluti með 10-11 verslanirnar.

Hvað reynsluleysi Guðjóns á leikfangamarkaðinum og þar að auki á breska markaðinum varðar, segir Gunnar að innan Hamley´s sé öflugt og ferskt lið sem þekki geirann inn og út. Það sé hans trú að persónuleiki Guðjóns, reynsla í rekstri, ferskleiki og dugnaður, eins og Gunnar orðar það, henti vel inn í þann hóp sem þarna fer. Guðjón hefur störf í byrjun maímánaðar og hefur Sigurður Reynaldsson, nú þegar tekið við starfi hans sem framkvæmdastjóri 10-11 búðanna. Hamley´s veltir í kringum tíu milljörðum króna á ári og var hagnaður félagsins í fyrra um hálfur milljarður íslenskra króna. Alls eru verslanirnar orðnar 15 talsins, þrjár í Danmörku, ein á Regent-stræti í Lundúnum, sex í verslunum House of Fraser, sem eru einnig í eigu Baugs, þá eru fjórar flugvallarbúðir og ein á lestarstöð í Lundúnum. Og nóg verður að gera hjá Guðjóni því fyrirhugað er að opna þrjár Hamley´s verslanir til viðbótar á næstunni, eina í Jórdaníu í júní og eina í Dubai í desember. „Síðan er verið að skoða fleiri tækifæri í öðrum löndum," segir Gunnar.




**HAMLEY'S Í LONDON** Baugur rekur alls 15 Hamleys búðir og áætlar að opna fleiri.

Guðjón er íþróttakennari að mennt auk þess sem hann lauk rekstrar- og viðskiptanámi frá EHÍ árið 2000 og MBA-gráðu frá Háskóla Íslands árið 2002.

**- ss**




# Mikilvægast að ná verðbólgunni niður

„Húsnæðislánavextir banka og sparisjóða eru töluvert hærri nú en vextir Íbúðalánasjóðs, enda þurfa þeir að taka mið af peningamálastefnu landsins, ólíkt því sem virðist gilda um Íbúðalánasjóð," segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja. Vaxtalækkun sjóðsins í byrjun vikunnar sé ekki til þess fallin að styðja við virkni peningamálastefnu Seðlabankans.

Íbúðalánasjóður lækkaði vexti niður í 5,2 prósent með uppgreiðsluákvæði, og niður í 5,7 prósent án slíks ákvæðis.

„Fyrir þær tugþúsundir landsmanna sem greiða af verðtryggðum húsnæðislánum í íslenskum krónum er stærsta hagsmunamálið að það takist að ná niður verðbólgu í landinu," segir Guðjón.

Hann vitnar til nýlegrar skýrslu OECD, þar sem segir að sjóðurinn þurfi að halda sig frá aðgerðum sem dragi úr virkni peningamálastefnunnar og að hann þurfi að geta starfað án opinberra afskipta. Niðurgreiðsla húsnæðisviðskipta, með ríkisábyrgð Íbúðalánasjóðs, skipti þó mestu máli.

„Það hefur aldrei reynt á þessa ríkisábyrgð Íbúðalánasjóðs," segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala. Hún segir kjör sjóðsins á markaði skýrast fyrst og fremst af því að hann sé góður skuldari „með traust og góð fasteignaveð og lítil vanskil. Þess vegna skil ég ekki þessi brigsl um annað." Hún segir Íbúðalánasjóð mjög mikilvægan fyrir íslenskan fasteignamarkað, eins og staðan nú sýni, enda þótt galli sé á fyrirkomulagi hámarkslána. Haft var eftir félagsmálaráðherra í síðasta Markaði að vegna stöðunnar í verðbólgumálum væri ekki tímabært að miða lán sjóðsins við markaðsverð.

**- ikh**


HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Sælureitur 2008
er kominn út
Skjólveggur
180 x 180 sm
603150
13.900
Kolagrill
Weber
2999905
20.950
Hekkklippur
IKRA
5083540
5.999



Garðborð **10.995**
3899086

Garðstóll **4.549**
3899087

Húsgögnin frá ScanCom eru meðhöndluð með sérstakri olíu sem tryggir góða endingu.



**73.990**

**Gasgrill Weber Spirit E310**
3 ryðfríir brennarar
- Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki.
- Skápur með ryðfríum hurðum.

- Grillflötur: 61 x 44 cm
- Efri grind: 61cm x 12 cm. / + 58 x 8 cm.
- H: 160 cm B: 137 cm D: 76 cm.
- Afhent ósamsett.

3000256

# GLEÐILEGT SUMAR



**Skjólgirðing, Vilníus**
180x80/95 sm
603300
**3.390**



**Skjólgirðing, Vilníus**
180x80 sm
603290
**3.290**



**Skjólgirðing, Skandik**
180x180 sm
603150
**13.900**



## Gagnvarin fura

Algengasta pallaefni á Íslandi.

21 x 95 mm
0.9 - 4.5 m
621601
**139** kr/m

28 x 95 mm
0.9 - 4.5 m
628601
**199** kr/m

98 x 98 mm
698600
**499** kr/m



## Lerki

Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni á Norðurlöndum.

21 x 90 mm
721600
**219** kr/m

28 x 95 mm
728600
**269** kr/m



**20%**
afsláttur
**Af öllum hjólum**
**Aðeins í dag sumardaginn fyrsta**

**Verð með fylgihlutum**

**116.000**
~~129.000~~



**Garðhús 4,4 m²**
Vnr. 600239



Breidd = 187 sm
Lengd = 287 sm
Vegghæð = 170 sm
Bjálkaþykkt = 32 mm




**25%**
afsláttur
**Af öllum fjölærum plöntum**



















# Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

**Tilboðin gilda fimmtudag - sunnudags**

## Opið

**Sumardaginn fyrsta**

Allar Blómavalsbúðir
um land allt
eru opnar í dag.

Húsasmiðjan
Skútuvogi 9:00-21:00

Húsasmiðjan
Grafarvogi 10:00-19:00

Húsasmiðjan
Selfossi 12:00-16:00

**10 stk Túlipanar**
**599**



## Sælureitur kominn út

...fræðist um plöntur og tré í garðinn












**Grasfræ 1kg 999**

**Casoron 1kg 1990**

**Sýpris 999**

HÚSASMIÐJAN x blómaval

Frábær saman

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkissjónvarp og lögreglan standa vel að verki.

## Norðlingaholts-bardaginn

JÓN KALDAL SKRIFAR

Átök lögreglu við flutningabílstjóra og vegfarendur við Norðlingaholt í gær eru forvitnileg á ýmsa kanta. Af viðbrögðum við þeim að dæma virðist almenn samúð með aðgerðum flutningabílstjóra vera að fjara mjög hratt út. Enda er málstaður þeirra orðinn ansi þokukenndur. Það sem í upphafi leit út fyrir að vera barátta gegn of háu eldsneytisverði hefur snúist upp í mótmæli bílstjóranna gegn lögum um hvíldartíma. Fyrir vikið hafa aðgerðir þeirra tapað því yfirbragði að þær séu í nafni þjóðarinnar. Þær eru í þröngu eiginhagsmunaskyni bílstjóranna sem vilja vera lengur á ferð á vegum úti en löggjafinn heimilar.

Lög um hvíldartíma kveða á um að bílstjórar stórra flutningabíla megi ekki aka lengur en tíu klukkustundir á sólarhring. Þessi ákvæði eru ekki síst í þágu annarra ökumanna og farþega í umferðinni og eiga að koma í veg fyrir að örþreyttir menn séu undir stýri á margra tonna trukkum á þjóðvegum landsins með tilheyrandi slysahættu. Það er borin von ef Sturla Jónsson og félagar halda að almennur stuðningur sé við að slakað verði á því lagaákvæði.

En burtséð frá því hvaða augum hver og einn lítur á aðgerðir bílstjóranna þá vörpuðu atburðir gærdagsins mjög athyglisverðu ljósi á tvær opinberar stofnanir. Annars vegar Ríkissjónvarpið og hins vegar lögregluna.

Ríkissjónvarpið brást hratt við og hóf snemma beina útsendingu frá vettvangi atburðanna. Fyrir vikið gátu þeir sem voru við skjáinn fylgst með hver gerði hverjum hvað af allmikilli nákvæmni. Sjónvarpsáhorfendur sáu þegar bílstjórunum lenti saman við hjálmkædda lögreglumenn með plastskildi sér til varnar. Áhorfendur sáu nákvæmlega á hvaða tímapunkti lögreglumennirnir ákvaðu að beita piparúða á þá sem að þeim sóttu og hvernig þeir báru sig að við að handtaka menn á vettvangi. Og sjónvarpsáhorfendur sáu líka þegar að dreif fólk að því er virtist í þeim erindagjörðum einum að æsa ástandið enn meira.

Hinir ungu dimitendar sem þrömmuðu um svæðið í einkennisklæðnaði nasista urðu sjálfum sér og skóla sínum til mikillar minnkunar. Um þá var ekki hægt að hugsa annað en mikið geta ungir menn stundum verið mikil fífl. Þeir voru þó skömminni skárri en kjánarnir sem tóku upp á því að grýta eggjum og öðru lauslegu í lögreglumennina. Hverju skyldi sá hópur hafa verið að mótmæla? Ekki er hægt að segja annað en að lögreglumennirnir hafi sýnt þeim ólátabelgjum óvenju mikla þolinmæði.

Þetta sjónarspil allt flutti Ríkissjónvarpið af kostgæfni á skjái landsmanna. Og á hrós skilið fyrir. Þetta er í fyrsta skipti fjörutíu ár sem lögreglan lendir í átökum við almenning. Það er sannarlega fjölmiðlun í almannaþágu að sýna beint frá svo sögulegum atburðum.

Og lögreglunni til mikils hróss þá reyndi hún á engan hátt að takmarka aðgengi fjölmiðla að vettvangi. Fréttamenn, ljósmyndarar og tökumenn fengu að fara óáreittir um svæðið. Það eykur skilning og stuðning við störf lögreglunnar þegar svona er staðið að verki. Þarna voru greinilega menn að störfum sem höfðu ekkert að fela.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sturluð Samfylking

Magnús Þór Hafsteinsson, aðstoðarmaður formanns Frjálslynda flokksins, sakar á bloggi sínu Samfylkinguna um hræsni í samgöngumálum. Ekki hafi verið innistæða fyrir hinu digurbarkalega slagorði „Burt með sturlaðar samgöngur“ úr síðustu kosningabaráttu, til dæmis bóli ekkert á efndum loforðs um afnám gjalds í Hvalfjarðargöng. Í athugasemdakerfinu bætir hann við að vanefndirnar verði Samfylkingunni dýrkeyptar, að minnsta kosti í Norðvesturkjördæmi, þar sem Samfylkingin „galt afhroð“ í fyrravor.



### Afhroð

Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar, blandar sér í leikinn og spyr hvernig Magnús skilgreini „afhroð“. Það stendur ekki á svörum hjá Magnúsi: Afhroð er „þegar stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn missir tvö prósent í kjördæminu frá 2003 og það með nýjan mann í brúnni. Svoleiðis er það bara“. Það er stórt orð afhroð. Og verður fróðlegt að vita hvaða orða Magnús Þór grípur til ef Samfylkingin skyldi einhvern tímann falla um fjögur prósent?



### Ósannspá

Róttæklingnum Birgittu Jónsdóttur bauð líklega ekki í grun hvað dagurinn bæri í skauti sér þegar hún settist niður fyrir framan tölvuna sína klukkan 10.48 í gærmorgun og bloggaði: „Þora löggurnar bara að vera með ofbeldi gagnvart ungu fólki og friðarsinnum? Svo virðist vera. Þeir eru augljóslega skíthræddir við bílstjórana eða kannski eru þeir bara sammála þeirra málstað og fara því um þá silkihönskum.“ Skemmst er frá því að segja að það reyndist ekki rétt.

bergsteinn@frettabladid.is

## Enn um misskiptingu



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Ójöfnuður

Ég birti dóm um Hagskinnu, Sögulegar hagtölur um Ísland í Morgunblaðinu 21. ágúst 1997 og fór þar fögrum orðum um þetta vel samda og viðamikla rit og höfunda þess, Hallgrím Snorrason, þá hagstofustjóra, og samverkamenn hans.

Ég jós verkið lofi í löngu máli. Undir lokin nefndi ég tvö atriði, sem mér fannst, að Hagskinna hefði mátt gera betri skil. Mér fannst vanta rækilegra efni um menntamál, og bað Hagstofan vel við þeirri áskorun. Í annan stað fannst mér „afleitt, að engar opinberar tölur skuli enn vera til í hagskýrslum um þá gríðarlegu eignatilfærslu, sem átt hefur sér stað í skjóli aflakvótakerfisins undanfarin ár. ... Tölur af þessu tagi eru í raun og veru forsenda þess, að menn geti myndað sér skynsamlega skoðun um sum mikilvægustu álitamálin á vettvangi stjórnmálanna. Hvernig eiga menn t.d. að geta tekið afstöðu með eða á móti íhaldsstefnu eða jafnaðarstefnu, ef menn hafa engar haldbærar tölur um jöfnuð og ójöfnuð í samfélaginu af völdum ólíkra stjórnarhátta?“

### Bréf milli vina

Við og við hef ég ásamt öðrum minnt Hagstofuna á þessa brýningu. Ég skrifaði hagstofustjóra 4. maí 2006: „Kæri Hallgrímur. Hvað líður útreikningum Hagstofunnar á Gini-stuðlum fyrir Ísland? Það er tilfinnanlegt, að þessar tölur um tekjuskiptingu skuli enn láta á sér standa. ... Hvað veldur drættinum? Hvað er mikilvægara eins og sakir standa? Kær kveðja, Þorvaldur.“

Hagstofustjóri svaraði daginn eftir og sagði, að sér þætti miður, að vinnan við að gera tekjuraðirnar nothæfar hefði ekki skilað árangri, hann væri sammála því, að æskilegt væri, að tekjuskiptingartölur væru reiknaðar fyrir langt tímabil, en það væri enn ekki hægt. Ég sendi síðan hagstofustjóra bréf aftur 25. október 2007 og sagði þar: „Kæri Hallgrímur. Mig langar að marggefnu tilefni að benda þér á bls. 215 í fjárlagafrumvarpi norsku ríkisstjórnarinnar ... Þar kemur fram, að norska hagstofan hefur tekið saman tölur um tekjuskiptingu í Noregi a.m.k. aftur til ársins 1990 og norska ríkisstjórnin birtir þessar tölur á áberandi stað í eigin skýrslum og leggur út af þeim ... Tölurnar sýna, að tekjuskipting í Noregi hefur færzt talsvert í ójafnaðarátt, en þó hvergi nærri í sama mæli og á Íslandi skv. mælingum ríkisskattstjóra og annarra. Ég hef í a.m.k. áratug, ýmist opinberlega eða einkalega, hvatt Hagstofu Íslands og þig til að taka saman svipaðar tölur um Ísland, en þið sýnið samt ennþá engin merki þess, að þið hyggist verða við þeim áskorunum mínum og annarra. ... Aðgerðarleysi Hagstofunnar hefur valdið skaða, meðal annars með því að gefa ósannindamönnum færi á því að fara með rangt mál og rugla almenning í ríminu, eins og gerðist fyrir kosningar í vor leið. ... Með beztu kveðjum og óskum, Þorvaldur.“

### Kortlagning tekjuskiptingar

Snemma árs 2007 hafði Hagstofan loksins birt tvo Gini-stuðla fyrir Ísland 2003 og 2004. Síðan hefur Hagstofan bætt við stuðli fyrir 2005 án þess að kortleggja þróunina aftur í tímann. Tölurnar sýna, að Gini-stuðullinn hækkaði um eitt stig á ári 2003-2005 líkt og Gini-stuðlar ríkisskattstjóra, sem hækkuðu um rösklega eitt stig á ári að jafnaði allt tímabilið 1993-2006 (hækkun þýðir aukinn ójöfnuð). Samanburður Hagstofunnar á Íslandi og öðrum löndum 2003-2005 er því marki brenndur, að fjármagnstekjur, sem gerast æ mikilvægari í heildartekjum, eru ekki taldar með til fulls. Þetta skekkir samanburðinn, því að skattar á fjármagnstekjur eru langt undir sköttum á vinnutekjur hér heima öndvert mörgum nálægum löndum, þar sem minna misræmi, ef nokkurt, er í skattlagningu fjármagnstekna og vinnutekna. Þess vegna þarf að taka allar tekjur með í reikninginn og reikna dæmið aftur í tímann líkt og ríkisskattstjóri hefur gert til að reyna að gefa rétta mynd af þróun tekjuskiptingarinnar. Sumir stjórnmálamenn og erindrekar þeirra eru viðkvæmir fyrir auknum ójöfnuði, einkum skipulögðum ójöfnuði, þar eð þeir vita upp á sig sökina, og þræta fram í rauðan dauðann, þótt staðreyndir málsins blasi við öllu sjáandi fólki.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gaf 2001 út skýrslu um tekjuskiptingu á Íslandi eftir fimm hagfræðinga: Ásgeir Jónsson, Ástu Herdísi Hall, Gylfa Zoëga, Mörtu Skúladóttur og Tryggva Þór Herbertsson. Skýrslan lýsir stigvaxandi ójöfnuði í skiptingu ráðstöfunartekna að meðtöldum fjármagnstekjum 1993-2000: Gini-stuðullinn hækkaði úr 27 árið 1993 í 33 árið 2000 (bls. 87). Útreikningar ríkisskattstjóra vitna með líku lagi um rösklega eins stigs hækkun Gini-stuðulsins á hverju ári að jafnaði 1993-2006 eins og áður sagði og eru í góðu samræmi við skýrslu Hagfræðistofnunar um fyrri hluta tímabilsins. Aukinn ójöfnuður á Íslandi er bláköld staðreynd og á sér skiljanlegar skýringar. Opinberar hagtölur þurfa að spegla veruleikann.

## Með illu skal illt út reka

UMRÆÐAN

Jón Steindór Valdimarsson skrifar um framkvæmdir og atvinnulíf



JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

Mannvirkjagerð er mikilvæg uppspretta atvinnu- og verðmætasköpunar og sá þáttur iðnaðar sem vaxið hefur hvað mest. Til mannvirkjagerðar má rekja ríflega 10% verðmætasköpunar og um 16.000 manns starfa við greinina. Vöxtur og viðgangur mannvirkjagerðar skiptir því verulegu máli í þjóðarbúskapnum og það er hagur allra að vel gangi hjá fyrirtækjum innan hennar.

Á nýliðnum fundi Samtaka iðnaðarins var fjallað um verklegar framkvæmdir og áhættu undir yfirskriftinni: Hver er sinnar gæfu smiður. Umræðan þar sýndi glöggt að þeir sem standa í verklegum framkvæmdum eiga við ærinn vanda að etja við núverandi óvissu og sveiflur á markaði. Áhættan er mikil og við bætist að samdráttur er verulegur, a.m.k. á fasteignamarkaði.

Þess vegna er það óþolandi að stjórnvöld, með Seðlabanka Íslands í broddi fylkingar, skuli leynt og ljóst nota atvinnugreinina til sveiflujöfnunar og telja það sjálfsagt. Þá virðast þeir háu herrar gleyma þeim fyrirtækjum og starfsfólki sem standa að baki.

Nú er Seðlabankinn að reyna að ná niður verðbólgunni og þar sjá menn lausnina í því að kæla fasteignamarkaðinn eins og það er kallað. Með illu skal illt út reka. Nú skal tala markaðinn niður í alkul – sömu menn sem kvarta undan því að óvarlega sé talað um ágæti krónunnar.

Þessar aðgerðir stjórnvalda eru óskiljanlegar því aðstæður í efnahagslífinu sjá hjálparlaust til þess að samdráttur verður, ástæðulaust er að ýta undir hann. Útlánastopp bankanna, háir vextir, verðbólga og gengissveiflur hafa nógu slæm áhrif. Miklu frekar á að reyna að örva markaðinn og vinna gegn of miklum og snöggum samdrætti. SI hafa t.d. bent á að nú sé kjörið tækifæri til þess að fella niður stimpilgjöld að fullu. Þetta er gjaldtaka sem allir eru sammála um að sé úrelt og ósanngjörn.

Mannvirkjagerð er því marki brennd að sveiflur í framkvæmdum hafa verið miklar. Það er öllum fyrirtækjum erfitt og því nauðsynlegt að leita allra leiða til þess að draga úr þeim. Stöðugleiki í efnahagsumhverfi og jafn og öruggur vöxtur er mannvirkjagerðinni jafn mikilvægur og öðrum greinum iðnaðarins og atvinnulífsins alls.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gleðilegt sumar

# Bónus Faxafeni opnuð í dag kl.10 eftir miklar gagngerar breytingar

## Opnunartilboð í Bónus Faxafeni


398
Kraft ferskur heill kjúklingur
398 kr./kg.


1598
Kraft ferskar kjúklingabringur
1598 kr./kg.


1298
Kraft frosnar kjúklingabringur
1298 kr./kg.


2498
KS ferskt lambafillet með fituröng 2498 kr./kg.


498
Ali ferskur svínabógur
498 kr./kg.


998
Ali ferskar svínalundir
998 kr./kg.



198
Bónus ís 2 ltr.
198 kr.


498
Bónus íspinnakassi
24 stk. 498 kr.

## Opið á sunnudögum í allt sumar frá kl.12.00 til 18.00

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 10.00-18.00.

# NATO-væðing íslenskra utanríkismála III

**UMRÆÐAN**
Steingrímur J. Sigfússon skrifar uutanríkismál


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Með þeirri NATO-væðingu íslenskra utanríkis- og öryggismála sem rædd hefur verið í tveimur fyrri greinum er sú sóun sem alls staðar einkennir vígbúnaðar- og hernaðarhyggjuna og NATO er holdgervingur fyrir óðum að setja mark sitt á hlutina hér hjá okkur.

Nýjum útgjaldalið hefur verið komið fyrir á fjárlögum, „varnarmál“, og stendur til að setja í hann fjármuni af stærðargráðunni einn og hálfur til tveir milljarðar árlega. Er þó ljóst að margt er ótalið og fellur til annars staðar, til dæmis þátttaka og tilkostnaður annarra innlendra aðila en stofnana utanríkisráðuneytisins vegna heræfinga, reksturs mannvirkja og fleiri þátta, allt á kostnað íslenskra skattgreiðenda. Því skal hér spáð að innan fimm ára verði kostnaður vegna NATO-væðingarinnar í heild sinni kominn í þrjá og hálfan til fimm milljarða króna ráði óbreytt stefna.

Þessi útgjöld verða öll meira og minna í tengslum við heræfinga- og stríðsleikjabrölt í þágu NATO, margs konar kostnaðarsöm gæluverkefni sem eiga fátt skylt við almenna íslenska öryggishagsmuni. Krafan frá NATO um aukið olnbogarými og meiri fjármuni í þágu útþenslu bandalagsins er orðin svo sterk að í ályktun síðasta fundar, sem samþykkt var fyrirvaralaust af fulltrúum Íslands, var beinlínis hvatt til aukinna útgjalda til hermála. Þetta eru fjármunir sem fara til NATO og hernaðarverkefna þess en ekki til að tryggja öryggi íslenskra borgara.

**Íslenskir öryggishagsmunir**

Í beinu framhaldi af því að ræða nýtilkominn og stórfelldan tilkostnað vegna NATO-væðingarinnar, vegna hernaðaræfinga og uppihalds erlendra herja í tilgangsleysi á friðartímum, er rétt að spyrja hvaða aðgerðir og hvers konar ráðstöfun fjármuna mundi gagnast best til að tryggja eftir föngum öryggi íslenskra borgara, frið og stöðugleika hér á landi og í okkar næsta nágrenni.

Enginn vafi er á því að mun nærtækara er að ráðstafa fé til að efla t.d. hið bráðnauðsynlega sjálfboðaliðastarf björgunarsveita í landinu og aðstoða þær við að búa sig sem best af tækjakosti og aðstöðu allri. Í öðru lagi er almenn löggæsla í landinu svelt og hefur dregist saman á sama tíma og gæluverkefni hjá ríkislögreglustjóra tútna út. Auknir fjármunir til almennrar löggæslu eru tvímælalaust mikilvægur liður í að efla öryggi og viðhalda stöðugleika og friði í samfélagi okkar.

Þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram breytingartillögur og nú síðast sérstakt frumvarp þar að lútandi. Í þriðja lagi eru allir sammála um að búa þurfi vel að Landhelgisgæslunni og sérstaklega flugbjörgunarsveit hennar hvað varðar tækjakost og mannafla. Almannavarnir, tollgæsla, landamæraeftirlit, barátta gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna – allt eru þetta þættir sem hljóta að koma til álita og skoðunar þegar rætt er um ráðstöfun fjármuna gagngert í því skyni að tryggja öryggi, velllíðan og frið í landinu og gæta þannig hagsmuna hinna almennu borgara. Mengunarvarnir, viðbúnaður sem lýtur að því að mæta eldgosum, jarðskjálftum, farsóttum, veðurhamförum og öðrum slíkum þáttum eru allt hlutir af sama toga og nærtækari en sú ímyndaða utanaðkomandi hernaðarógn sem í reynd væri eina mögulega réttlæting þess að taka inn á íslensku fjárlögin milljarðaútgjöld til hernaðarverkefna.

Enginn hefur getað bent á þann óvin sem menn ætla að verja sig gegn. Þegar allt um þrýtur hafa menn helst nefnt auknar siglingar olíuflutningaskipa framhjá landinu, hvernig sem menn ætla nú að glíma við hættur af slíku með heræfingum og orrustuþotum. Þegar við bætist að allt þetta umstang og brölt – rekstur hins hernaðarlega hluta ratsjárstöðvakerfisins, loftrýmiseftirlitið, heræfingarnar og uppihald erlendra herja hér á landi á kostnað íslenskra skattborgara – er eingöngu hugsað á friðartímum hljóta einhver rök að vera óframkomin eigi að reyna að réttlæta þessa vitleysu.

**Tækifæri til að leita sátta**

Mikilvægt er að undirstrika að þessi hervæðing eða NATO-væðing er síður en svo sjálfsögð eða óhjákvæmileg þótt hún sé að ýmsu leyti beint framhald á og skilgetið afkvæmi þess sem þröngvað var upp á þjóðina fyrir meira en hálfri öld síðan með inngöngu í hernaðarbandalag og komu erlends hers. Það tímabil má með réttu kalla skeið amerikaniseringar í íslenskum utanríkis- og öryggismálum, en nú er NATO-væðing að taka við. Sá augljósi kostur, að nota tækifærið sem gafst með brottför hersins til að móta friðsamlega og sjálfstæða utanríkisstefnu og leita aukinnar samstöðu í utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar eftir meira en hálfrar aldar harðvítugar deilur, hefur ekki verið valinn. Að það skuli ekki svo mikið sem reynt að laða fram meiri samstöðu á þessu sviði er sérlega ámælisvert og að tilkoma Samfylkingarinnar í ríkisstjórn skuli þar engu um breyta hlýtur að vekja furðu.

*Höfundur er formaður Vinstri grænna.*

# Heitir þetta mannauðstjórnun?

**UMRÆÐAN**
Margrét Felixdóttir skrifar um heilbrigðismál


MARGRÉT FELIXDÓTTIR

Árangur hátæknisjúkrahúss byggist á sérfræðiþekkingu, færni í að hugsa á skapandi hátt og hvatningu. Dýrmætasta auðlind LSH er því augljóslega mannauðurinn, en það er eins og yfirmenn geri sér ekki grein fyrir því hvað það kostar að fara illa með þá auðlind. Er það hvatning stjórnenda til mannauðsins að lækka launin hans, sem voru kröpp fyrir? Vita yfirmenn ekki að árangursríkustu „stjórnendur“ eru þeir sem draga fram það besta í starfsfólki sínu og umbuna þeim fyrir góðar hugmyndir?

**Fjölskylduvænt umhverfi?**

Nú um mánaðamótin mun LSH missa 96 svæfingar- og skurðhjúkrunarfræðinga, sérfræðinga sem skurðstofur starfa ekki án. Svæfingarhjúkrun er tveggja ára sérnám eftir fjögurra ára háskólanám og það gengur enginn hjúkrunarfræðingur inn í störf svæfingarhjúkrunarfræðinga án löggilts sérnáms þar sem ábyrgðin í þeirra starfi er mjög mikil. Þeir eru einnig með hæsta starfsaldur innan hjúkrunar og er það hinn fjölskylduvæni vinnutími sem hefur þar mikið að segja.

Nú á að breyta vinnutíman um í vaktavinnu af því það er svo fjölskylduvænt, að mati yfirmanna. Árangurinn er sá að það verður sama vandamál uppi á teningnum eins og hefur verið á legudeildunum undanfarin ár. Á þeim er þvílík mannekla að hjúkrunarfræðingar eru að sligast undan vinnuálagi og er meginorsökin einmitt vinnutíminn. Dagvinnutími á skurð- og svæfingardeild gerir það einnig að verkum að skurð- og svæfingarhjúkrunarfræðingar sem eru einstæðir foreldrar eða eiga maka sem vinnur vaktavinnu hafa möguleika að vinna inni á sjúkrahúsi. Þann möguleika á að taka af okkur.

**Sparnaður eða vinnuvernd?**

Í upphafi var skurð- og svæfingarhjúkrunarfræðingum tilkynnt af yfirmanni að breyting yrði á vinnutíma frá 1. maí þar sem farið var fram á að skurðsviðið sparaði 100 milljónir. Þeir sjá sér leik á borði þar sem um er að ræða 100 hjúkrunarfræðinga að breyta vaktalínunni. Með því að breyta vaktalínunni hjá okkur ná yfirmenn að spara 10-15 milljónir. Nokkrum dögum síðar breyta þeir svo ástæðunni og segja það vera vegna vinnuverndar. Er það þess virði? Nú þegar hefur góður starfsandi snúist við og valdið miklum usla. Þó nokkrir hjúkrunarfræðingar hafa þegar ráðið sig á aðrar sjúkrastofnanir og tæplega hundrað munu hætta störfum um næstu mánaðamót. Heitir þetta mannauðsstjórnun?

**Kornið sem fyllti mælinn**

Yfirmenn okkar eru komnir í þrot þar sem þeir gerðu þau mistök að finna ekki lausn í samráði við sína starfsmenn. Nú þegar þeir eru farnir að gera sér grein fyrir að við göngum öll út 1. maí ganga þeir á biðilsbuxunum eftir tillögum frá okkur. Eru svona vinnubrögð vönduð?

Þetta er í þriðja sinn á tólf árum sem laun okkar eru lækkuð og nú segjum við hingað og ekki lengra. Við létum það yfir okkur ganga 1995 og síðan aftur fyrir fjórum árum síðan og urðum fyrir töluverðri launaskerðingu. Núna er mælirinn fullur og við látum ekki lengur vaða yfir okkur á skítugum skónum.

*Höfundur er svæfingarhjúkrunarfræðingur.*




# Hvað má lögreglan kosta?

**UMRÆÐAN**
Snorri Magnússon skrifar um löggæslumál


SNORRI MAGNÚSSON

Mikið hefur verið skrifað um löggæslukostnað undanfarið, þ.e. fjárveitingar til hinna ýmsu lögregluembætta. Margir sem vinna við löggæslu og hafa unnið við hana í lengri tíma eru sammála um að fjárveitingar til starfseminnar endurspegli ekki raunþarfir nauðsynlegrar þjónustu sem Íslendingar eiga rétt á.

**Hlutverk lögreglu**

Lögregla stjórnar því ekki hvaða verkefni koma inn á hennar borð né hversu flókin eða yfirgripsmikil þau eru. Lögreglu er ætlað, lögum skv. m.a. að:

a. Gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,
b. Stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,
c. Vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum,
d. Greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,
e. Veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,
f. Starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,
g. Sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

Hvað skyldi þetta nú kosta allt saman og hver treystir sér til að reikna það út?

**Útreikningar**

Hver verðmetur löggæslu í landinu? Hver reiknar út hvað hvert útkall kostar? Hver reiknar það út hvað hver rannsókn kostar? Eru slíkar tölur yfirhöfuð til? Raunkostnaðartölur fyrir hvert stöðugildi, hvern einkennisbúning, handjárn, lögreglubíl, hvert skrifborð, o.s.frv. ættu að liggja á reiðum höndum. Þetta eru fastar, sem auðvelt er að áætla og bæta við raunhæft. Það sem eftir stendur er kannski í raun bara kostnaðarútreikningur við þá vinnu sem unnin er hverju sinni hjá hverju embætti lögreglustjóra í landinu.

Fastar yfir slíkt eru ekki til, hafa aldrei verið til og munu líklega aldrei verða til enda afar erfitt að stunda slíkan útreikning nema hægt sé að gera árangurstjórnunarsamninga við þá sem þiggja þjónustu lögreglunnar. Árangursstjórnunarsamninga við þá sem ánetjast fíkniefnum, lenda í slysum, láta lífið, fremja sjálfsvíg, villast á rjúpnaveiðum, eru limlestir, nauðgað o.s.frv. Árangursstjórnunarsamninga við þá sem sjá löggæslustofnunum fyrir verkefnum með ólöglegu athæfi sínu, hverskyns, daga og nætur allan ársins hring.

**Hvað má þetta kosta?**

Hvað má lögreglan kosta? Til að geta svarað þeirri spurningu verður fyrst að svara spurningum á borð við: Hvaða öryggisstigi ætlum við að halda á Íslandi? Hvaða þjónustu ætlum við að bjóða þegnum þessa lands? Hvaða afbrot ætlum við að koma í veg fyrir? Hvaða afbrot ætlum við að rannsaka og hversu ítarlega? Hvaða þjónustustigi ætlum við að halda uppi og hvar á landinu?

Allt eru þetta í sjálfu sér afar einfaldar spurningar en hver ein og einasta krefst pólitískrar afstöðu og svars. Ekki fyrr en þeirri hefur verið svarað er hægt að svara hvað lögreglan má kosta og þá jafnvel ekki því við vitum jú ekki hvaða verkefni bíða okkar.

*Höfundur er verðandi formaður Landssambands lögreglumanna.*

# MAX RAFTÆKI

# Grillveislan hefst með hækkandi sól






## Kassi af COKE ZERO fylgir öllum grillum

**Kassi af FREYJU DRAUMI fylgir öllum grillum**

**Broil Mate 13023**
8.8kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli • 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu • 1677cm² - án hliðarborðs/hellu • Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar • Postulín húðað Flav-R-Wave eldunarkerfi • Lineral Flow gas ventlar • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Innbyggður hitamælir • Hágæða Perma-Mold XL niðurfellannleg hliðarborð með áhaldakrókum • 18sm / 7" hjól

**19.989 kr.**

# Opið kl. 12-18 í dag sumardaginn fyrsta



**89.989 kr.**

Fullt verð ~~119.989~~

32 tommur

**V-REAL 2 ENGINE TÆKNI**
**- FRÁBÆR MYNDGÆÐI**

**Panasonic TX32LE7F**
• 32" V-Real LCD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • V-Real tækni • Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • Backlight Control • VIERA Link • 16w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

**10stk. DVD fylgir þessu sjónvarpstæki**
- sjá baksíðu!



## Kæliskápur

**Scancool SKS260**
144sm kæliskápur • 250 lítra kælir • Orkunýting A • 5 Glerhillur • Grænmetisskúffa • Mál (hxbxd): 144x55x57sm

**39.989 kr.**

Fullt verð ~~46.989~~

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI



## Uppþvottavél

**Whirlpool ADP7520**

60sm uppþvottavél • 12 manna • 5 kerfi m.a. 1/2 vél • Hljóðlát aðeins 48 dB (A) • Kerfisveljari rafeindast • Lætur vita ef gljáefni vantar • Vatnsflæðivörn • Þrír spaðar dreifa vatni í vélinni • Þurrkar með hita frá elementum • Sérstakri viftq fyrir hraðari þurrkun • Þvotthæfni A, Orkunýtni A og þurrkgeta A • Utanmál(hxbxd): 82-87x59,7x59sm • Íslenskur leiðarvísir

**69.989 kr.**

Fullt verð ~~79.989~~

## Barkalaus þurrkari

**Indesit ISL70C**

Tvíátta Barkalaus þurrkari • Tekur 7kg í þurrkun • 2 hitastig • 9 kerfi - þar af 6 með rakaskynjara, m.a. sér kerfi fyrir íþróttaskó og íþróttaföt • Tímarofi • Rakaskynjari • Krumpuvörn • Orkunýting C • Stærð (bxhxd): 59,5x85x58sm

**59.989 kr.**

Fullt verð ~~69.989~~





## Kæliskápur með frysti

**Whirlpool ARC5554IX**

188cm Kæliskápur með Frysti • Kámfrítt stál • 319 lítrar brúttó • Kælir 210 lítrar • Frystir 91 lítrar • 2 Hurðir • 4 glerhillur í kæli • Frystir fyrir neðan kæli • Orkunýting A

**69.989 kr.**

Fullt verð ~~79.989~~

## 1600 snúninga

**Indesit WIXXL166**

1600 snúninga og 7kg þvottavél • Rafeindastýrður kerfisveljari • Hitastillir 0-90° • Hámarksvinda 1600 snúningar • Tekur 7kg af þurrum þvotti • Ullarvagga/handþvottur • Time4You, 4 hraðkerfi • Sport, kerfi fyrir skó og íþróttafatnað • Þvotthæfni A • Orkunýting A • Vinduhæfni A • Stærð (bxhxd): 85x59,5x59,5sm

**69.989 kr.**

Fullt verð ~~79.989~~





## 50sm eldavél

**Indesit K3E11**

50sm eldavél án blásturs • 4 steyptar hellur • 58 lítra ofn sem auðvelt er að þrífa • Yfir- og undirhiti • Grill • Mál (hxbxd): 90x50x60

**39.989 kr.**

Fullt verð ~~49.989~~

## Yfir- og undirhiti

**Beko CM88000**

60sm eldavél með blæstri • 4 keramik hellur • 56 lítra ofn sem auðvelt er að hreinsa • Yfir- og undirhiti og • Grill • Geymsluskúffa og barnalæsing á ofnhurð • Mál (hxbxd): 85-90x60x60sm

**59.989 kr.**

Fullt verð ~~69.989~~





## Amerískur stál ísskápur

**Samsung RS21FANS**

177sm kæliskápur með frysti • Brúttóstærð 532 lítrar • 346 lítra kælir - 186 lítra frystir • Hillur úr hertu gleri • No Frost • Orkunýting A • Mál (hxbxd): 177x60x60sm

**189.989 kr.**

Fullt verð ~~219.989~~

## Amerískur ísskápur Evrópsk dýpt

**Whirlpool 20RWD3ASF**

178sm Amerískur ísskápur • Evrópsk dýpt • 490 lítra • Kælir: 335 lítrar • Frystir: 155 lítrar • Total No Frost • Orkunýting A+ • Hljóð: 45dB • 4 glerhillur í Kæli • Ískalt vatn, klakar og kurlaður ís úr ísvél • Rafeindastýring - Sjálfvirk Afþýðing • Filter sem eyðir bakteríum og lykt • Frystigeta 14kg á dag • Framleiddur á Ítalíu • Mál (hxbxd): 178x90,2x70,4 (Dýpt án hurða 60sm)

**179.989 kr.**

Fullt verð ~~209.989~~



MAX RAFTÆKI

## Dæmið er einfalt – Hlutirnir eru ódýrari í Max!

*Tilboðin gilda til 30. 04. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu
FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
Opið í dag frá 12-16
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510



Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: gluggar@vortex.is



Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is




Vigdís Hrefna keypti ullarjakkann á eBay en þar hefur hún keypt sitt lítið af hverju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Góð kaup á netinu

***Leikkonan Vigdís Hrefna Pálsdóttir kaupir ýmislegt á eBay og hefur oft gert góð kaup. Nýjasta fjárfestingin er bleikur ullarjakki eftir Söru Berman.***

Vigdís, sem þessa dagana æfir stíft fyrir leikritið Ástin er diskó – lífið er pönk, segist nettur eBay-fíkill.

„Ég hef kannski ekki keypt svo ýkja mikið á vefnum en ég skoða hann töluvert. Nýlega festi ég kaup á bleikum ullarjakka eftir breska hönnuðinn Söru Berman sem ég held mikið upp á,“ segir Vigdís, sem hefur keypt sitt lítið af hverju í gegnum vefverslunina. Má þar nefna skó, kjóla og meira að segja græjur.

„Það voru reyndar ekki mjög góð kaup því skattar á raftæki eru svo háir. Ég hef yfirleitt verið mjög heppin en maður tekur þó alltaf smá séns,“ segir Vigdís og minnist sérstaklega góðra kaupa. „Ég keypti til dæmis gamlan Silver Cross-barnavagn handa dóttur minni í gegnum vefinn og í honum var hún mjög sæl.“

Vigdís er hrifin af gamaldags fötum og verslar frekar í litlum búðum en stórum verslanakeðjum. Annars segir hún dagamun á stílnum og að oft líði henni best heima í druslufötum að mála. „Í leikhúsinu fæ ég þó útrás fyrir alla fjölbreytnina og ég fæ innblástur frá afar smekklegum kollegum mínum. Það liggur við að ég mæti í sparifötunum í vinnuna til að halda í við þá,“ segir hún og hlær.

Í Ástin er diskó – lífið er pönk, sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 1. maí, eru mikil og hröð búningaskipti og þar klæðist Vigdís fötum sem eru ekkert í líkingu við þau sem hún á í fataskápnum. „Ég leik fegurðardrottninguna Rósu Björk en ég átti mér aldrei þann draum sem stelpa að verða fegurðardrottning. Þetta er því nýr heimur fyrir mér.“ *vera@frettabladid.is*





Eplaedik m/krómi
Eykur brennslu
Jafnar blóðsykur
Dregur úr hungurtilfinningu
Örvar losun úrgangsefna
Öflug hjálp í baráttunni við aukakílóin
Fæst í apótekum
icepharma Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is

**Sumarskóna** má fara að draga fram. Gylltir ballerínuskór eiga best við til að koma manni í sólskinsskapið.




Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir








Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR


# Breið mynd af faginu

***Um helgina verður hægt að kynna sér íslenska fathönnun eins og hún leggur sig.***

Fatahönnunarfélag Íslands stendur fyrir sýningu í Portinu í Hafnarhúsinu dagana 25. og 26. apríl undir nafninu Showroom Reykjavik. Um tuttugu íslenskir hönnuðir verða þar með bása og sýna vörur sínar. Má þar nefna ELM, Farmers Market, GuST, Mundi Design, Forynju, Steinunni, 66° Norður, Lykkjufall, Ástu Creative Clothes og Starkiller.

„Þetta er í fyrsta skipti sem jafn margir fatahönnuðir koma saman og kynna hönnun sína. Þarna verður allt frá nýútskrifuðum fatahönnuðum til þeirra sem hafa starfað lengi, og ætti sýningin því að gefa breiða mynd af faginu,“ segir Anna Clausen, framkvæmdastjóri sýningarinnaren hún segir fyrirmyndina vera erlendar sölusýningar sem fataframleiðslufyrirtæki taki þátt í til að koma vörum sínum á markað.

Verslunareigendum af öllu landinu verður sérstaklega boðið á sýninguna til að þeir geti kynnt sér íslenska hönnun en auk þess er öllum velkomið að koma og sjá andlitin á bak við merkin og jafnvel leggja inn pantanir.

Opnun sýningarinnar fer fram föstudaginn 25. apríl á milli 17 og 19 og verður hún síðan opin frá 10 til 17 laugardaginn 26. apríl. *vera@frettabladid.is*



Hidden Goods taska eftir Hrafnhildi Guðrúnardóttur



Peysa hönnuð af Sigrúnu Baldursdóttur í Lykkjufalli.



Anna Clausen, framkvæmdastjóri Showroom Reykjavík, er eigandi herrafataverslunarinnar Belleville og kennari við Listaháskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Á hvítum sumarbuxum

Herrarnir verða betur klæddir en nokkru sinni í sumar. Lykilorðið er „élégance“, karlmaðurinn á að vera fágaður og stílhreinn. Jakkafötin eru ómissandi og eiga helst að vera hvít eins og hjá Hugo Boss, Paul Smith eða Yohji Yamamoto. Sama á við um ódýrari merki eins og Zara og H&M. Kannski ekki það besta fyrir íslensk rykmistur! Við jakkafötin eru notaðar þunnar fallegar peysur eða bolir og skyrtur fyrir þá sem vilja vera fínni. Enn eru bermúdabuxurnar flík sumarsins líkt og í fyrra og við þær eru notaðir skór, bæði mokkasíur og sandalar úr leðri en ekki þvengskór úr plasti. Til þess að gera þær fínni eru gjarnan notuð falleg belti og skyrtur með. Bermúdabuxurnar eru að sjálfsögðu hvítar eins og jakkafötin en einnig í litum eða munstraðar eins og hjá H&M sem í samstarfi við finnska merkið Marimekko hefur hannað sumarlínu fyrir H&M bæði fyrir dömur og herra.

Slim-tískan er á hraðri útleið og í sumar má jafnvel sjá útvíðar gallabuxur að nýju en þær hafa verið algjörlega bannaðar um nokkurra ára skeið, frá því að Heidi Slimane, fyrrverandi herrahönnuður Dior, kom renglutískunni á kortið með fyrirsætum sem minntu helst á karlkyns átröskunarsjúklinga. Herraímyndin 2008 er allt önnur og nú á karlmaðurinn að vera með form. Mjóu svörtu bindin sjást minna og nú eru bindin bæði breiðari og litríkari en nokkru sinni fyrr. Hjá Lanvin sést skemmtileg blanda af klassískum og frjálslegum klæðnaði líkt og síðustu misseri, til dæmis eru klassískir jakkar notaðir við buxur úr jogging-efni og prjónabindi.

Fyrir yngri herra og þá sem vilja vera frjálslegir í klæðnaði er auðvitað margt í boði. Litirnir eru þó sterkir, til dæmis í skyrtum, hvort sem þær eru með stuttum eða síðum ermum og gjarnan með stórum blómum eða munstri. Einnig eru pólóbolir í óteljandi útgáfum, jafnt frá Lacoste eða Mangó sem nú býður upp á herralínu, svo aðeins tvö dæmi séu tekin.

Herrahandtöskur hafa algjörlega fest sig í sessi síðan þær komust í tísku fyrir nokkrum árum. Auðvitað eru tískuhúsin hæstánægð með þessa nýju „nauðsynjavöru” fyrir herrana sem hækkar sölutölur og hagnað. Fínu tískuhúsin sem og önnur merki senda nú ekki frá sér tískulínu öðruvísi en að hafa ýmsa fylgihluti með í línunni til að draga að fleiri viðskiptavini og selja hverjum og einum fleiri en eina flík og þannig hækka „meðal innkaupakörfu“ hvers viðskiptavinar sem er eitt af „boðorðunum tíu” hjá kaupmönnum. Hjá herrum eru lakkskór enn í fullu gildi þó að þeir sjáist minna í sumar hjá dömunum og reyndar er hippatíska, blóm og friður nokkuð á skjön við herratískuna í sumar sem er miklu fágaðri.

*bergb75@free.fr*

## Lífræn snyrtilína

Í SNYRTIVÖRUNUM FRÁ ORIGINS ERU ENGIN AUKAEFNI.

Origins er lífræn snyrtivörulína án allra aukaefna. Meðal nýrra vara í línunni eru hárolía sem nærir og veitir hárinu fyllingu og vítamín, andoxunarandlitskrem sem fyrirbyggir vökvatap, mýkir og sefar rósroða og varasalvi fyrir þurrar og sprungnar varir.







Magna Huld Sigurbjörnsdóttir

**hársnyrtir**

*( áður hjá Primadonnu )*

Hefur hafið störf á ný á Hársnyrtistofu Grafarholts, Kirkjustétt 2-6, 2 hæð. Gamlir sem nýir kúnnar hjartanlega velkomnir.

**Tímapantanir í síma 567-5700**










**Við stöndum upp úr**

Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20–40 ára

**Blaðberum Fréttablaðsins fjölgar um 30.000**

**Blóm** lífga upp á heimilið. Sumarið kom í dag svo nú er tíminn til að skella blómum í pott út í glugga og út á pall.




KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is
STRÖND EHF.



Burt með myglusveppina

Er of hátt rakastig hjá þér?



Þurrktæki lækkar rakastig og kemur í veg fyrir vöxt myglusveppa.

ís-húsið
S: 566 6000

Netverslun ishusid.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## Stofan – Myndlist og lýsing

Myndlist er mikilvæg á hverju heimili ekki síður en tónlist og bækur. Jafnt um verk virtra listamanna og teikningu eftir börnin gildir að frágangur og samspil við það sem fyrir er í rýminu gerir gæfumuninn. Það góða við „góða myndlist“ er að hún er vönduð, fer ekki úr tísku og er því ákaflega umhverfisvæn.

Um eftirprentanir og tískuskraut gildir aftur á móti að líftíminn er stuttur vegna lélegra gæða og aðeins spurning hvenær skrautið endar á haugunum. Ef þú þarft að kaupa skraut og skipta um myndir reglulega, hafðu þá í huga að verkin séu úr efnum sem hafa ekki skaðleg áhrif um aldur og ævi eftir að þú hefur losað þig við þau.

Best er að nota sparperur í stofuna en sumir velja að vera með mildari perur í stofunni og sparperur á ganginum og í geymslunni. Veldu þann möguleika á lýsingu sem þér finnst bestur. Þó svo að sparperur séu töluvert dýrari nota þær einungis um 15-20 prósent af orku vanalegrar ljósaperu, auk þess sem líftími þeirra er allt að tíu sinnum lengri en venjulegra pera.

Ef öllum perum á íslenskum heimilum yrði skipt út og sparperur teknar í notkun sparaðist sem samsvarar einni tuttugu megavatta virkjun.

*Sjá meira um allt í stofunni á: http://www.natturan.is/husid/1331/*



**Náttúran.is – vefur með umhverfisvitund**

# Tiltekt á skrifborði

***Heimaskrifstofunni er erfitt að halda í góðu horfi. Ef allt er komið á hvolf þarf að takast á við hrúguna á skipulagðan hátt.***



Hægt er að koma skikki á skrifborðið í fjórum þrepum.

Byrja skal á því að flokka persónulega pappíra frá pappírum tengdum vinnunni. Það er leiðinlegt þegar tilkynningar frá leikskólanum týnast innan um fundargerðir og skýrslur.

Skipuleggðu innpóst og útpóst. Fáðu þér skúffurekka og hafðu efstu skúffurnar undir reikninga og skjöl sem koma inn um lúguna og þurfa afgreiðslu við. Í neðri skúffurnar skaltu setja það sem þú þarft að fara með úr húsi eins og bréf í póst.

Hreinsaðu til á borðinu svo það sé vinnupláss á því miðju. Það sparar mikinn tíma að þurfa ekki að byrja á því að róta draslinu til hliðar svo fartölvan komist á borðið.

Settu upp hillur fyrir ofan borðið eða í seilingarfjarlægð, undir bækur og blöð sem þú þarft oft að nota svo þær taki ekki upp pláss á borðinu.



www.realsimple.com *- rat*




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Lykill að fallegu heimili

felst í nýju húsi frá Scanwo – dönsk hönnun, frábær einangrun í veggjum (245 mm) og í þaki (400 mm) – þú sparar orku og krónur. Er það búgarður, bústaður, einbýli, tvíbýli, ein hæð eða tvær?

Lausnina finnur þú hjá Scanwo



Scanwo A/S

www.scanwo.dk scanwo@gmail.com s: 895 6811



weber – ekki bara grill



XEINN JG EBG 5x4 02

Sölustaðir: Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri · Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is



512 Auglýsingasími 50 50



– Mest lesið



Guðmundur Hörður Guðmundsson, upplýsingafulltrúi umhverfisráðuneytisins, hvetur landsmenn til að fjölmenna á sýninguna Vistvænan lífsstíl í Perlunni, en þar gefur að líta flestallt sem lýtur að grænna og umhverfisvænna heimilishaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Grænt og gott heimilislíf

***Á morgun er Dagur umhverfisins. Af því tilefni opna umhverfisráðuneytið, Úrvinnslusjóður og Sorpa sýninguna Vistvænan lífsstíl í Perlunni.***

„Með sýningunni viljum við skapa vettvang þar sem almenningur fær tækifæri til að kynna sér vistvænar vörur og þjónustu sem í boði eru, en með því vonumst við til að áhugi neytenda aukist á að skipta við vistvæn fyrirtæki og að láta sig umhverfissjónarmið varða í innkaupum og daglegu lífi,“ segir Guðmundur Hörður Guðmundsson, upplýsingafulltrúi hjá umhverfisráðuneytinu, um sýninguna sem verður opnuð á morgun og lýkur á laugardag.

„Á sýningunni nú verða minni fyrirtæki sem þjónusta almenning í daglegu heimilishaldi og samgöngum. Við finnum vel fyrir vaxandi umhverfisvitund almennings en heyrum líka kvartanir um að ekki sé nóg framboð af vistvænum vörum til heimilishaldsins. Með sýningu sem þessari reynum við að leiða saman framboð og eftirspurn, og hjálpa fólki að hugsa og framkvæma grænt,“ segir Guðmundur, en á sýningunni í Perlunni má glöggt sjá að heimilishald getur verið umhverfisvænt frá grunni.

„Þarna má finna umhverfisvænar vörur fyrir ungbörn og mæður, vistvæn leikföng og fatnað, lífrænar náttúruafurðir, hreinlætisvörur og matvæli, endurvinnslutunnur, sælkeramat, listmuni og snyrtivörur, svo fátt sé upp talið.

Úrvalið er fjölbreytt og auðvitað leggja menn mikið á sig, en ef þeir ætla að hugsa grænt ofan í kjölinn er rétta leiðin að hugsa það allt frá grunni hússins, og velja vistvæna málningu, parkett og fleira í þeim dúr. Það er því hægt að vera umhverfisvænn á marga vegu. Auðvitað þurfa menn ekki að vera algrænir, þótt það sé auðvitað best,“ segir Guðmundur kankvís og bendir á áhugaverðan bás á Vistvænum lífsstíl.

„Umhverfsstofnun, sem sér um hið virta umhverfismerki Svaninn, hefur leitað uppi flestar umhverfisvænar heimilisvörur á íslenskum markaði. Þær verða til sýnis í stórum bás og kemur á óvart hversu mikið er til, allt frá sápu, rúmum, sláttuvélum og rafmagnsbílum,“ segir Guðmundur, en þess má geta að gestum býðst að reynsluaka rafmagnsbíl frá Perlukafaranum og fá ókeypis ástandsskoðun á reiðhjólum.

„Það er óskandi að sýningin veki fólk enn betur til vitundar og þeir sem koma verða örugglega margs vísari. Landvernd kynnir verkefnið Vistvernd í verki og dreifir í samvinnu við umhverfisráðuneytið bæklingnum Skref fyrir skref sem geymir endurbættar leiðbeiningar um vistvænan lífsstíl. Fólk getur því fengið margar góðar hugmyndir í Perlunni og farið heim með betri vitnesku um hvar það á að byrja.“

Aðgangur á Vistvænan lífsstíl í Perlunni er ókeypis. Vakin er athygli á uppboði Góða hirðisins á Hundinum eftir Guðmund frá Miðdal. Uppboðið fer fram á laugardag klukkan 14. Lágmarksboð er tuttugu þúsund krónur.

*thordis@frettabladid.is*

## Gleðilegt upphaf að góðum degi

SMILEY-BOLLAR KÆTA.

Mörgum þykir gott að hefja daginn með heitum kaffibolla eða te til að koma sér í rétta gírinn. Þá er nú ekki verra ef fallegt bros fylgir í kaupbæti en segja má að þetta tvennt sameinist í þessum glaðlega bolla sem kallast Smiley og fæst í versluninni Byggt & búið í Kringlunni. Bollinn og undirskálin eru einnig fáanleg í bláu og eru fjögur stykki seld saman á 1.999 krónur.







Alvöru pakkatilboð

Vandaður búnaður á aðeins **25.900 kr.** Tilvalinn fyrir heimilið eða sumarbústaðinn

eico

Skútuvogi 6 / Sími 570 4700
Opið virka daga 09-18 og laugardaga 10-14

www.eico.is



Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.

Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.

G. PÁLSSON EHF.
Símar 462 – 2272 og 896 - 0423

allt matur
Alla föstudaga

TOYO TIRES SUMARDEKK

PROXES T1R SPORT | PROXES CF1 ÞÆGINDI | TOYO 350 HAGKVÆMNI

#1 BRAND OVERALL TOYO TIRES




561 4110 NESDEKK FISKISLÓÐ 30

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is

**Vatn** hressir mann við þegar syfjan sækir á. Drekktu stórt glas af vatni eða skelltu því framan í þig.



Andrúmsloftið í tímunum er afslappað og létt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tai Chi stundað á Grund

***Á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund er boðið upp á kínverska leikfimi til heilsubótar.***

Anna Kristín Kristjánsdóttir er sjúkraþjálfari á Grund og kennir kínverska leikfimi einu sinni í viku.„Þetta byrjaði sem smá tilraun síðasta vor með því að ég bauð upp á tíu tíma í Tai Chi-leikfimi,“ útskýrir Anna. „Það komu nú ekki margir í fyrstu tímana og mætingin rokkar frá tveimur og upp í níu manns. Tvær konur hafa þó haldið áfram frá upphafi og þær segja mér að þetta hafi hjálpað þeim mikið.“

Anna segir kínversku leikfimina efla blóðrásina í líkamanum og bæta styrk og jafnvægi. Leikfimin sé liður í átaki á Grund í að fækka byltum. „Tai Chi hefur skilað sér í að fólk nær betra jafnvægi. Ég laga æfingarnar að getu vistmanna og geri formið einfaldara. Það er margt búið að mæða á fullorðnum fótum svo við stöndum uppréttari en venjan er við þessar æfingar,“ útskýrir Anna. Hún segir andrúmsloftið í tímunum létt og skemmtilegt og fólk mæti á sínum eigin forsendum. Æfingarnar eru hægar en fólk getur sest niður ef það þreytist og það er í góðu lagi þótt það ruglist í æfingunum, stemningin er afslöppuð.



Anna Kristín hefur kennt kínverska leikfimi á Grund í tæpt ár.



Thai Chi-leikfimi bætir styrk og jafnvægi.

Anna lærði Tai Chi sjálf fyrir mörgum árum og átti frumkvæði að því að leikfimin var sett inn í dagskrána, sem er annars þéttskrifuð. „Draumurinn er að kenna leikfimina tvisvar í viku en það er mjög margt í boði hérna á Grund og ekkert auðvelt að koma þessu inn í prógrammið. Íþróttakennarinn okkar er með fjölbreytta dagskrá og svo er einnig boðið upp á fjölbreytta dægradvöl. Ég á hálfpartinn í samkeppni um fólk í tímana til mín því á sama tíma er boðið upp á bridds,“ segir Anna brosandi. „Það er erfitt að keppa við briddsið á Grund.“

*heida@frettabladid.is*




Nýr sjúkraþjálfari

Sandra Dögg Árnadóttir sjúkraþjálfari Bc er komin aftur til okkar.

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

Betri heilsa
Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi ?
svæðanudd gæti hjálpað þér

Ásta svæðanuddari
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367

KIDS
Kids línan miðar að því að gera þvott skemmtilegan fyrir börn, líflegu útliti og góðum ávaxtailm. Vörurnar eru sérstaklega þróaðar fyrir viðkvæma húð og hár barna.



Kids 2 in 1 Shampoo, Kids Bath & Shower, Kids Conditioner, Kids Shampoo

Dr Fischer Fæst í apótekum og verslunum um land allt.

Slendertone Total Body Massage
nudd sem virkar...
6 nuddkerfi
· Kneading Massage
· Swedish Massage
· Shiatsu Massage
· Deep Tissue Massage
· Athletes Massage
· Power Massage
verð kr. 16.990



allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
SLENDERTONE
slökun - vellíðan - innri ró

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!





Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim

**Útsölustaðir:** Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasill, Fjarðarkaup Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan Blómaval, Nóatún í hafnarfirði, Heilsuhornið Akureyri og Samkaup/Úrval Njarðvík

heilsa –hafðu það gott

# sumar í lofti

FIMMTUDAGUR 24. APRÍL 2008

## Norskar markísur

**sem eru kjörnar fyrir íslenskar aðstæður.**

BLS. 16






Laugardagurinn 26. apríl







Sumarið er komið?

Í tilefni af komu sumarsins og 1 árs afmælis veitingastaðarins, bjóðum við á Hótel Hvollsvelli gistingu í tveggja manna herbergi, hlaðborð sumarsins, dinnertónlist, dansleik og brunch.

Aðeins ***11.900 kr.*** fyrir ykkur bæði. Verð án gistingar: ***3.250 kr.*** á mann. Einstaklingsherbergi ***9.800 kr.***




Gunnars Bar





Fimmtíu tveggja manna og fjögur einsmanns herbergi. Einnig eru tvö herbergi hönnuð með sérþarfir fatlaðra í huga. Öll herbergi eru innréttuð með baði, síma, sjónvarpi, hárþurku og þráðlausu netsambandi. 2 heitir pottar.

hótel hvolsvöllur

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: 487 8050 | fax: 487 8058
hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is/

grafiska.is – 08-107



Garðáhöld og stígvél fjölskyldunnar í návist blóma uppi við snjáða hurð.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Vinnan göfgar manninn

Náttúran er í eðli sínu óhamin, þótt víða sé skipulag á óreiðunni. Mannfólkið gerir skurk í því að hemja illgresi og arfa, kantskera grasbala, raða blómum saman í litaröð og stilla upp álfum og gosbrunnum fyrir augað að njóta. Í garðyrkjustörfum er oft mikið um að vera eins og sjá má á moldugum höndum og stráum í hári þeirra sem verkin vinna. Í því felst líka sjarmi útiveru og gróðurræktar, sem fyllir sálina vellíðan. Og þótt aurug stígvél og lúnar skóflur séu ekki alla jafnan til uppstillingar bera þau vitni um náið og gagnvirkt samband mannsins við sköpunarverk og náttúru. *- þlg*

### ● SANNKALLAÐ ÞARFAÞING

Garðstólar eru sannkallað þarfaþing í garðinum á sumrin. Eftir að garðurinn hefur verið tekinn í gegn er gott að geta sest niður til að horfa á afrakstur dagsins, setjast niður með góða bók eða gera hreinlega ekki neitt, njóta veðurblíðunnar og hafa það gott. Þar að auki geta fallegir garðstólar gert mikið fyrir umhverfið.



Garðstólar fást í ýmsum gerðum og stærðum.

# Myndarlegt ræktunarstarf

**Skógrækt áhugamannsins er yfirskrift námskeiðs á vegum Skógræktarfélags Íslands í byrjun maí.**

„Alls kyns ræktun er mjög rík í eðli mínu. Ég er fæddur og uppalinn norður í Skagafirði og rak þar búskap á árunum 1957-1967. Þetta gerði ég samhliða námi en flutti síðan suður og starfaði sem skólastjóri í Hagaskóla í áratugi. Skógræktin kom til sögunnar hjá mér um 1975 og hefur síðan verið mitt helsta tómstundastarf,“ segir Björn Jónsson, sem mun leiða námskeið hjá Skógræktarfélagi Íslands í byrjun maí. Námskeiðið ber yfirskriftina „Skógrækt áhugamannsins“ og er miðað að þörfum áhugafólks sem vill ná árangri í ræktunarstarfinu.

„Ég hóf skógrækt fyrir alvöru fyrir austan að Sólheimum í Landbroti. Konan mín, Guðrún Magnúsdóttir, er þaðan en við tókum við þeirri jörð þegar búskapur lagðist af. Þetta er mikill dýrðarstaður sem fjölskyldan hefur mikla ánægju af,“ útskýrir Björn, sem segir garðinn heima á Seltjarnarnesinu frekar hefðbundinn. „Þá byrjaði ég að planta öllum algengustu trjátegundum á borð við greni, furu og ösp. Þó ekki birki, sem þrífst ekki fyrir austan. Ég náði mjög góðum árangri með ræktunina og var í kjölfarið beðinn um að halda námskeið fyrir áhugamenn,“ segir Björn, sem telst til að um tvö þúsund manns hafi sótt þessi námskeið frá upphafi árið 1995. „Þetta er ýmist fólk sem á sumarhús eða landspildu í sveit eða fólk með skógræktaráhuga. Síðan er mjög ánægjulegt að allir sem hafa sótt námskeiðin segja að ræktunin gangi mun betur,“ segir Björn og nefnir þrjá þætti sem forsendu fyrir góðri rækt. „Á síðustu öld, þegar menn voru að þreifa fyrir sér í skógrækt á Íslandi, plöntuðu þeir of þétt og voru hræddir við notkun á áburði. Ég hins vegar passa að planta með góðu millibili og blanda saman lífrænum og tilbúnum áburði. Það er ein helsta forsendan fyrir velgengninni, í bland við heilbrigða skynsemi. Þetta gekk þó nokkuð erfiðlega í byrjun, en ég lærði smám saman af reynslunni,“ segir Björn, sem sýnir litskyggnur af ræktunarstarfi og talar ítarlega með á námskeiðinu. Auk þess hvetur hann fólk til að spyrja sem mest. Einnig getur fólk haft samband eftir námskeið og Björn hefur fengið ófá símtöl úr görðum héðan og þaðan. „Ég hef bara gaman af því að leiðbeina fólki og því er velkomið að hringja. Síðan hef ég líka kíkt á ræktun og hef fengið ágætis skemmtun út úr þeim ferðum,“ segir Björn.

Námskeiðið er haldið dagana 7. og 8. maí kl. 20-22.30 og kostar kr. 10.000 á mann, en 6.500 fyrir félagsmenn í skógræktarfélagi. Innifalin eru námskeiðsgögn og kaffi. Veittur er tuttugu prósenta hjónaafsláttur. Þátttakendafjöldi er takmarkaður á hvert námskeið. Skráning fer fram á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands í síma 551-8150 eða á skog@skog.is. Allar nánari upplýsingar. www.skog.is *- rh*



Skógræktin er rík í eðlinu segir Björn Jónsson, sem leiðbeinir áhugasömum um ræktun á námskeiði í byrjun maí.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


MHG VERSLUN

Husqvarna Construction Products

STEINSAGIR, KJARNABORVÉLAR, GOLF OG VEGSAGIR

Husqvarna
Great experience






Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • Fax 544 4657 • www.mhg.is

Sjáið 12 af fallegustu görðum landsins í stórri og glæsilegri bók!






# Sumarbókin í ár













12 glæsilegir garðar er einstök bók um íslenska garða og eigendur þeirra sem hafa með þrautsegju og elju skapað einstaka veröld í görðum sínum. Litir, form, læsilegur texti og fallegar ljósmyndir spila saman í þessari bók, þar sem aðalatriðin eru dregin fram í hverjum garði. Fágætar tegundir plantna, úthugsað umhverfi, fólkið sjálft og frásagnir þess mynda eina heild sem gaman er að lesa og virða fyrir sér.

Auður I. Ottesen, höfundur bókarinnar, hefur yfirgripsmikla þekkingu á garðyrkju sem nýttist einstaklega vel við gerð bókarinnar. Auður á auðvelt með að setja sig í spor garðeigendanna og skilja hugsunarhátt þeirra, enda er bókin skrifuð af innsæi og áhuga á viðfangsefninu. Bókina prýðir fjöldi litmynda eftir Pál Jökul Pétursson ljósmyndara sem hefur um árabil sérhæft sig í ljósmyndun garða og gróðurs.

**Sími 578 4800**

**www.rit.is**

Blöðin og bækurnar fást einnig á öllum helstu blaðsölustöðum um land allt

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

Sumarhúsið og garðurinn ehf.
Síðumúla 15, 108 Reykjavík
Sími 578 4800 • www.rit.is

# Í eigin aldingarði

Nú er sumarið á næsta leiti og sjálfsagt margir farnir að hugsa um hvernig best sé að snyrta garðinn til og fegra. Ein leið er að verða sér úti um falleg garðhúsgögn, borð, bekki og stóla, annað hvort í stíl eða á skjön, til að lífga upp á umhverfið. Það er ekki verra að verða sér úti um fallega sólhlíf til að hafa með og diska, bolla og glös í sumarlegum og glaðlegum litum til að eiga við gott tækifæri. Fallega uppdekkað borð getur hæglega umbreytt venjulegum garði í fallega vin.



**Sólhlíf ver menn ekki eingöngu fyrir sólarljósi heldur er hún fínasta stáss í garðinum.**



**Fátt er eins sumarlegt og falleg garðhúsgögn, sem henta vel á sólpallinn eða beint á grasflötina.**



**Börn vilja hafa krefjandi verkefni fyrir stafni en mikill þroski felst í eigin trjáhúsasmíð.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Leyniveröld í laufblaðaskrúði

Hver vildi ekki eiga sitt eigið trjáhús í garðinum heima? Að geta klifrað upp stiga og stungið sér inn í ævintýraheim trjáhúsa er draumur barna á öllum aldri, því víst er að margir fullorðnir eiga draum um notalegt athvarf í leynilegum afdrepum sem að hluta til hverfa í laufskrúð trjáa.

Það æðislegasta við trjáhús er algjör skortur á rafmagni, tölvuleikjum og sjónvarpi. Þau eru hinn fullkomni staður til að njóta bóklesturs, skrifta og gamaldags dundurs, og besti staðurinn til að dreyma alla þá fögru drauma sem börn ala með sér.

Gleymum ekki að börn nútímans hafa þörf fyrir sams konar athafnir og útiveru og algengar voru áður fyrr. Gamaldags verkefni og leikni sem sameinar fjölskylduna að ákveðnu takmarki skapar ógleymanlegt veganesti og minningar út lífið. Leyfum börnum að njóta lífsins til fulls með allri þeirri útrás, hugmyndaflugi og hamingju sem æskunni fylgir. *- þlg*



**Litríkar og notadrjúgar skóflur, hrífur og kústar í sátt og samlyndi.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Tólin til taks

Það er gaman að eiga réttu tólin til garðvinnu, en nauðsynlegt að hafa á þeim eitthvert skipulag. Hægt er að festa hvers kyns snaga á vegg og leyfa verkfærum að njóta sín sem súrrealísku listaverki um leið og aðgangur verður greiðari að því sem taka á næst til handargagns. Litlar hendur eru oft óðar og uppvægar að leggja garðyrkjumeisturum hússins lið og þá er snjallt að eiga til öruggari útgáfur af helstu verkfærum sem henta betur minna mannfólki til garðstarfans. *- þlg*






# RÝMINGARSALA

# SÍÐUSTU DAGAR!

Vegna nýrrar vörulínu frá **King Koil Comfort solution** verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga

**á gamla genginu með allt að 30% afslætti.**



| AVERY | AVERY | AVERY | AVERY | AVERY |
|---|---|---|---|---|
| Spine support | Spine support | Spine support | Spine support | Spine support |
| (Full XL 135x203) | (Queen size 153x203) | (King size 193x203) | (Twin XL 97x203) | (Cal King size 183x213) |
| kr. 84.800 | kr. 89.900 | kr. 129.800 | kr. 68.900 | kr. 129.800 |



Enn eru til svefnsófar og stillanleg rúm á gamla genginu.



## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-samtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



## SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is



Fuglar eru hrifnir af eplum og hugulsamt að gauka að þeim sætindum náttúrunnar í bland við gómsæti í garðinum. NORDICPHOTOS/GETTY



Fuglahús þurfa að vera þannig úr garði gerð að íbúum þess heilsist vel.



Dýr eins og kettir eiga sjálfsagt ekki greiðan aðgang að þessu fuglahúsi.

# Heim í hreiðrið trausta

**Fuglahús gleðja gjarnan augað en þau þurfa líka að uppfylla hlutverk sitt sem er að veita íbúunum skjól og hlýju.**

Fátt er yndislegra en fjörlegur fuglasöngur í garði. Margir vilja hlúa að smávinum fögrum með sætum fuglakofum í görðum sínum, en þegar fuglahúsi er komið fyrir utanhúss til að lokka að fagran fugl með unga, skal hafa í huga að með húsinu verður þú ábyrg(ur) fyrir lífi fugls og unga.

Fuglar gera sér hreiður til að vernda unga sína fyrir veðri og rándýrum. Flest fuglahús í búðum eru aðallega fyrir auga mannfólksins gerð og veita fuglum ekki nauðsynlega vernd. Þúsundir fugla slasast eða láta lífið í krúttlegum en óvönduðum fuglahúsum á hverju ári.

Ekki setja út fuglahús ef það hefur á sér fuglaprik, því það auðveldar rándýrum að gera árás á hreiður. Fuglahús úr þunnum við ber að varast þar sem húsin ofhitna í sólskini og verða of köld um nætur.

Fuglahús má aldrei byggja úr sedrusvið, sem inniheldur sýrur sem valda sumu fólki astma, og kæfa unga við innöndun á heitum dögum.

Fuglahús verða að hafa fullnægjandi loftræstingu. Ungar drepast annars á heitum dögum þegar móðir þeirra situr í loftopinu í baráttu við að reyna að ná andanum. *- þlg*



Að mörgu þarf að huga við gerð fuglahúsa svo þau uppfylli fullnægjandi kröfur.



Einstaklega litríkt fuglahús sem sómir sér vel í þessu fallega blómabeði.


PLASTRÖR, DÆLUR, FITTINGS, RAFGIRÐINGAR

Aukin þjónusta Reykjalundar um allt land







Reykjalundur er rótgróið fyrirtæki og á sér langa sögu í framleiðslu á plastvörum. Fyrirtækið hefur nú í seinni tíð aukið þjónustu á öðrum sviðum t.d. í plastfittings, dælubúnaði hverskonar, gólfhitakerfum svo fátt eitt sé talið.

Reykjalundur framleiðir hina kunnu Búreks girðingastaura sem hafa notið mikilla vinsælda og reynst vel í margbreytileika íslensks veðurfars og landslags.
Einnig býður Reykjalundur paströr, allt frá hefðbundnum vatnsrörur til röra, sem henta vel til ræsagerðar.

*Starfsmenn söludeildanna í Mosfellsbæ og á Akureyri veita ráðgjöf við efnisval ásamt frekari upplýsingar um vörur og þjónustu Reykjalundar.*

Reykjalundur Dælur ehf.

Þórsstíg 4, 600 Akureyri, sími 460 1760, 270 Mosfellsbær, sími 530 1700, rp@rp.is




Það er erfitt að standast hvíldarstund í hengirúmi, enda kjörinn staður fyrir lestur, ró og næði. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hangið í sumarsól

Hengirúm hafa yfir sér heillandi töfraljóma og lokkandi blæ. Þau eru rómantísk fyrir elskendur að kúra í saman og njóta hvors annars, en kunnust fyrir að draga nær alla þá sem vilja njóta slökunar nánast umsvifalaust á tálar.

Hengirúm eru víða vinsæl sem afdrep til lesturs, hvíldar, kelerís og kossaflangs.

Algengt er að sjá litrík og værðarleg hengirúm í bakgörðum, við sumarhús og á milli trjáa við vötn og strendur, þar sem þau veita vörn gegn heitri sumarsól og skordýrum, ásamt því að skaffa hið fullkomna næði fyrir áreiti umhverfisins. Hengirúm eru einnig notuð sem hvílur í skip og geimflaugar. *- þlg*

DÝRASPÍTALINN
KIRKJULUNDI - GARÐABÆ
Alhliða heilbrigðisþjónusta fyrir dýr!

# gæludýr

FIMMTUDAGUR 24. APRÍL 2008

Bólusetning
**ver hunda og ketti gegn skæðum sjúkdómum.**

BLS. 12





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hundagallerí
Smáhundaræktun



Við ræktum: Papillon, Chihuahua, Pomeranian, Japanese Chin, Pug, French bulldog, Cavalier King Charles, Spaniel, Miniature Pinscher, Miniature Púðli, Pekingese, Silky Terrier
Dalsmynni *116 Reykjavík, Sími:566-8417 Fax:5668457 hundagalleri@simnet.is, www.dalsmynni.is



Þessi fallegi páfagaukur heitir Lovísa og er af tegundinni Red-Sided Eclectus.



Fjöldi skrautfiska fæst í Dýraríkinu. Hér má sjá skrautfisk af tegundinni Black and White Butterfly.



Kakadúinn Dísa getur ekki leynt hrifningu sinni á Gunnari Vilhelmssyni, eiganda Dýraríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Á vængjum ástarinnar

**Gunnar Vilhelmsson, eigandi Dýraríkisins, á sér dyggan en nokkuð sérstakan aðdáanda.**



Verslanir Dýraríkisins eru nokkrar og þykir sú nýjasta að Miðhrauni afar glæsileg.

Þegar Dísa kom til landsins frá Hollandi fyrir þremur árum hefur hún sjálfsagt ekki átt von á því að verða yfir sig ástfangin. En sú varð einmitt raunin þegar hún féll fyrir Gunnari Vilhelmssyni verslunareiganda. Vandamálið er hins vegar að Dísa er fugl af tegundinni cacatua sulphura.

„Það tók nokkurn tíma fyrir ástina að kvikna en ég hef ekki hugmynd um hvað olli þessari breytingu,“ segir Gunnar brosandi, en hann er eigandi Dýraríkisins þar sem Dísa býr. „Dísa gerir mikinn mannamun. Suma elskar hún en þá sem henni líkar ekki við bítur hún og það fast. Raunar má segja að Dísa leggi sig fram um að bíta þá sem henni líkar ekki við.“

En bit eru fjarri huga Dísu þegar Gunnar tekur hana á fingur sér. Þá kyssir hún hann stanslaust. „Ég hef ekkert gert til að gera Dísu hændari að mér en önnur dýr hér í versluninni,“ segir Gunnar, en þegar hann birtist í versluninni byrjar Dísa að blaka vængjum og hleypur til og frá á priki sínu. „Hún er mikill karakter og ákvað upp úr þurru að ég væri makinn hennar.“

Dísa er óvenju fallegur fugl af sérstakri fuglategund, cacatua sulphura. „Þeir fuglar eru í útrýmingarhættu svo það er ólíklegt að annar fugl af þessari einstöku tegund komi til landsins,“ segir Gunnar, en verðið á Dísu er um hálf milljón króna. „Ég keypti Dísu af fuglaræktanda í Hollandi, en tegundin kemur frá Indónesíu. Dísa gæti náð háum aldri, því fuglar af þessari tegund geta orðið sextíu til sjötíu ára gamlir.“

Gunnar segir að hann bindist dýrunum í búðinni sterkum böndum og oft sé eftirsjá að þeim sem seljast. Hann nefnir í því sambandi fugla af tegundinni African Grey sem seldust fyrir nokkrum mánuðum og er sárt saknað. „Ég var með mikið af fuglum hér fyrir jólin 2006 og þá voru til dæmis sex gaukar í sóttkvíarýminu. Þá leit Dísa nú ekki við mér! Nú hefur það hins vegar breyst mikið og ef hún yrði seld veit ég að ég myndi sakna hennar mikið.“ *- liz*

# Kennt að umgangast dýr

**Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn býður upp á skemmtileg og fræðandi sumarnámskeið þar sem börn komast í kynni við veröld dýra og vísinda.**

„Hani, krummi, hundur, svín er heiti á námskeiði sem er ætlað börnum á aldrinum tíu til tólf ára þar. Þar læra þau að sjá sjálf um dýrin í eina viku og komast tíu krakkar að hverju sinni,“ segir Unnur Sigurþórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Fjölskyldu- og húsdýragarðsins í Laugardal.

„Þetta er gert til að börn kynnist dýrunum og læri hvernig á að umgangast þau. Einn dagur fer í að sjá um hestana, einn dagur í að sinna gæludýrunum, einn í að sinna villtu dýrunum í garðinum og að lokum er umhverfis- og leikjadagur.“

Unnur segir algengt að börnin óttist dýrin í upphafi, þá helst minkana og refina, og séu óörugg í návist þeirra. „Það lagast yfirleitt á þeirri viku sem þau eru á námskeiðinu og svo ná þau að bindast dýrunum órjúfanlegum böndum. Þau heillast mest af hestunum og fá að fara að hestbak. Svo finnst þeim mikið sport að gefa selunum. Þessi námskeið njóta ótrúlegra vinsælda. Það er algengt að börnin komi á námskeið sumarið eftir og sum þeirra eru jafnvel í þrjú sumur.“

Námskeiðið er annað tveggja sem er í boði í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, en hitt námskeiðið kallast Vísindakrakkar og er sömuleiðis ætlað börnum á aldrinum tíu til tólf ára, þar sem tíu komast að hverju sinni. „Húsdýragarðurinn leggur áherslu á að börnin kynni sér vel undraveröld vísindanna, sem og sjávardýragarð safnsins, par með talið selina. Á þessu námskeiði er lögð sérstök áhersla á vísindaveröld garðsins og gerðar eru skemmtilegar og einfaldar vísindatilraunir með þátttakendum. Börnin fara í ratleiki sem tengjast efni námskeiðsins og heimsækja önnur dýr garðsins.“

Námskeiðin eru viku í senn og er dagskráin frá klukkan 10 til 15 en eftir það tekur við frjáls tími innan garðsins til klukkan 18. Skráning hefst 7. maí en hún fer fram á Rafrænni Reykjavík eða réttara sagt á heimasíðunni www.reykjavik.is. Hægt er að afla sér nánari upplýsingar á www.husdyragardur.is.

*- liz*



Unnur Sigurþórsdóttir, deildarstjóri fræðslusviðs Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, segir sumarnámskeið fyrir börn njóta mikilla vinsælda. Hér sést Unnur með kiðling sem fæddist í garðinum á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mikið úrval

## fyrir gæludýrið þitt

**Nýtt** í Hagkaupum

*fyrir kisur!*

## PERFECT FIT™ hentar lífsstíl sérhvers kattar og öllum aldursskeiðum



**PERFECT FIT™ ACTIVE**
**er þróað fyrir fullorðna, lífsglaða ketti.**
Það eflir lífsþróttinn með B-vítamínum og járni og styrkir vöðvabygginguna með gæðapróteinum.



**PERFECT FIT™ in-home**
**er með hárrétta samsetningu til að mæta næringarþörfum innikattarins.**
Mjög vel samræmd næring fyrir rólega inniketti. Náttúrulegar trefjar draga úr myndun hárbolta og rétt samsett blanda næringarefna hindrar að kettirnir þyngist.



**PERFECT FIT™ junior**
**er sérstaklega þróað fyrir kettlinga.**
Magn próteina, kalsíums og fosfórs er mjög mikið til að stuðla að heilbrigðum og samstilltum vexti.



**PERFECT FIT™ senior 8+**
**er þróað sérstaklega með þarfir þroskaðra katta í huga.**
Sérstök andoxunarefni styrkja náttúrulegar varnir og það er með lútíni og tauríni sem er gott fyrir starfsemi hjartans.



**PERFECT FIT™ sensitive**
**er þróað sérstaklega fyrir viðkvæma ketti.**
Jurtaseyði og hátt innihald trefja til að auðvelda meltinguna. Í því er ekkert soja eða hveiti sem vitað er að geta valdið meltingartruflunum hjá viðkvæmum köttum. Það er með bíótíni, sinki og omega-6 fitusýrum svo feldurinn verði heilbrigður og glansandi.





Pedigree



## PEDIGREE® er með bragðgóðar máltíðir fyrir hundinn þinn!









## Whiskas, Friskies og Pussi – kattarmatur fyrir alla ketti!



**Vitakraft**
- nagdýrafóður í úrvali



**Vitakraft**
- fuglafóður í úrvali



**Úrval leikfanga**
- fyrir dýrin

Gildir til 27. apríl eða meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




# Hamingja í lítratali

**Sagt er að gullfiskar hafi einungis þriggja sekúndna minni og því finnst sumum kannski ekki liggja á að þrífa búrið þeirra. En því er nú öðruvísi farið að sögn Sigursteins Þorsteinssonar, verslunarstjóra Fiskó, Dalvegi 16.**



**Nauðsynlegt er að skipta reglulega um vatn í fiskabúrum, þrífa dælur og sand, svo þessum smáu heimilisvinum heilsist sem best að sögn Sigursteins.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það er gott að skipta um tuttugu til þrjátíu prósent af vatninu og þrífa dælur ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Hægt er að þrífa sandinn meðan verið er að þrífa dælurnar og skipta um vatn. Glerið þarf að vera hreint svo heimilisvinirnir sjáist nú og því er upplagt að skafa glerið þegar það fer að verða skítugt. Þessar umhirðuleiðbeiningar eiga við allar tegundir fiska,“ segir Sigursteinn.

Að hans sögn eru gullfiskar eftirsóttustu fiskarnir, en rán- og skrautfiskar geta líka verið skemmtileg viðbót á heimilið þar sem þeir búa oft yfir mesta persónuleikanum. Spennandi getur verið að fylgjast með þegar ránfiskar hrygna og verja síðan hrogn og seiði. „Bæði karlkyns og kvenkyns fiskar hrygna á botninum og kvenfiskur einnar tegundar tekur hrognin upp í sig og klekur þeim út uppi í sér,“ útskýrir hann.

Sigursteinn tekur fram að aldrei megi þó setja ránfiska í búr með öðrum tegundum þar sem þeir geti reynst þeim hættulegir. „Ránfiskar geta bara verið í búri með öðrum ránfiskum sem eru svipaðir að stærð. Þeir eru mjög skrautlegir, í raun mun skrautlegri en skrautfiskar. Þegar þeir stækka þurfa þeir svo öðruvísi mat en aðrir fiskar, það er fóður í bitum en ekki þunnum flögum.“

Að lokum tekur hann fram að gullfiskum líði best í stofuhita en þeir geti verið í 4-30°C hita án þess að verða meint af. „Ef vatnið er undir 10°C eru þeir í eins konar dvala og éta ekki. Rán- og skrautfiskar þurfa meiri hita því þeir koma frá heitum löndum. Hjá þeim þarf hitinn að vera í kringum 24 til 26°C,“ bendir hann á og bætir við að hægt sé að fá frekari upplýsingar í síma 564-3364. *- liz*



**Fiskar þrífast við mismunandi hitastig; gullfiskar til dæmis við mun minni hita en skrautfiskar.**










**Gullfallegur en eilítið skömmustulegur bolabítur í hjónarúmi.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Sofið hjá húsbóndanum

Það hefur löngum verið vitað að knús og nærvera við hunda geta linað bæði andlegan og líkamlegan sársauka. Slíkt réttlætir þó ekki alltaf að leyfa hundum að sofa uppi í rúmi hjá húsbændum sínum.

Langflestir hundaþjálfarar og sérfræðingar í atferli hunda mæla gegn því að hundar sofi í rúmum fólks.

Í mörgum tilvikum er það vissulega saklaust og bara sætt, en margt ber að varast og hafa í huga. Óvandir hvolpar sem enn eiga flest ólært í siðum og umgengni við fólk ættu ekki að fá aðgang að rúmi eigenda sinna, og aldrei skyldi bjóða skapmiklum hundum til hvílu. Stjórnsamir, ódælir og ruddalegir hundar, sem ekki bera virðingu fyrir húsbónda sínum, geta beinlínis verið hættulegir rekkjunautar og hika ekki við að sýna vald sitt þar sem þeir líta á rúmið sem sitt eigið, umfram eiganda sinn.

Séu ung börn á heimilinu er öruggast að hundum sé aldrei leyft að fara upp í rúm né sófa. Mörgum eldri börnum þykir notalegt að kúra hjá heimilishundinum, en þá þurfa foreldrar að meta hvort slíkt sé áhættunnar virði. Sé barn mjúkhent og rólynt, og skap hunds stöðugt og gott, ættu kostirnir að vega upp á móti því sem vanalega þyrfti að varast.

Hundur þarf að vera að fullu húsvanur til að mega sofa í sama rúmi og manneskjur. Hann verður að kunna að hlýða skipunum um að fara úr rúminu og ekki eiga það til að missa stjórn á sér né fara í varnarham þegar hann vaknar óvænt.












## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



Hér sést Hanna skoða hvolp sem þarf að bólusetja. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Nauðsynlegt að bólusetja

**Bólusetning ver hunda og ketti gegn skæðum sjúkdómum.**

Hanna María Arnórsdóttir, dýralæknir á Dýraspítalanum að Kirkjulundi 13, Garðabæ, segir bólusetningu katta og hunda bráðnauðsynlega til að verja þá gegn illvígum sjúkdómum. „Það á að byrja á bólusetningu hunda við smáveirusótt þegar þeir eru átta vikna. Svo aftur þegar þeir eru tólf vikna og ef mikil hætta er fyrir hendi er bólusett aftur þegar þeir eru orðnir fjögurra mánaða. Svo koma þeir ársgamlir og eftir það er bólusetningin annað hvert ár.“

Fái hundur smáveirusótt kemur hún fram í miklum uppköstum, jafnvel með blóði og einnig blóðugum niðurgangi, háum hita, slappleika og jafnvel meðvitundarleysi að sögn Hönnu. Mjög há dánartíðni er meðal hunda sem smitast af smáveirusótt eða fast að níutíu prósentum. „Hunda þarf síðan að bólusetja árlega gegn svokölluðum hótel-hósta eða kennel-hósta þegar það á við. Nafngiftina má rekja til þess að hundar sem helst fá hótel-hósta hafa verið innan um marga hunda, til dæmis á hundahótelum eða -sýningum. Hótelhósti lýsir sér sem þurr og þrálátur hósti, rennsli úr augum og trýni og sumir fá hita. Hóstinn getur varað í þrjár til fjórar vikur.“



Þessir hvolpar voru hressir og kátir að sjá eftir að hafa fengið bólusetningu.

Ekki hefur verið hægt að bólusetja gegn lifrarbólgu undanfarin ár þar sem framleiðslu var hætt á efninu að sögn Hönnu en nú er komið nýtt bóluefni sem dýralæknar bíða í ofvæni eftir. „Nóg verður að bólusetja hunda annað hvert ár með nýju bólusetningunni. Smitist hundur af lifrarbólgu getur það lýst sér með lystarleysi, uppköstum, niðurgangi og blæðingu í húð sem endar oft með dauða, þótt sumir sýni engin önnur einkenni en bláma á auga.“

Að sama skapi þarf reglulega að bólusetja ketti. „Byrjað er að bólusetja þá átta til tólf vikna og aftur fjórum vikum síðar fyrir kattafári og kattainflúensu og einstaka sinnum við klamydíu sem er öndunarfærasjúkdómur hjá köttum. Kattainflúensa lýsir sér með nef- og augnrennsli, hnerra og hita. Kattafár lýsir sér með hita, uppköstum og blóðugum niðurgangi. Kisan heldur engu niðri og ef hún er ekki bólusett getur kattafár dregið hana til dauða á skömmum tíma.“ Hanna segir hins vegar óþarfa að bólusetja nagdýr eins og kanínur, hamstra og naggrísi. *- liz*




DOG FOOD BELCANDO®

**Þökkum frábærar viðtökur á Belcando hundafóðrinu**

Við höfum allt sem þarf til gæludýrahalds, hvort sem er fyrir hunda, ketti, fiska, nagdýr, fugla eða hesta.
Við leggjum áherslu á gæðafóður fyrir hunda og ketti frá Belcando og Leonardo.
Einnig erum við með mikið úrval af ýmsum sérvörum fyrir þessi dýr.

Gæludýr & hestar

Fiskislóð 18 · 101 Reykjavík · Sími 552 7400
Afgreiðslutími er virka daga frá 11.00 - 18.00
og á laugardögum frá 11.00 - 16.00



**Skjaldbökur þurfa stór búr.**

## Glöð skjaldbaka

Umhirða á vatna- og hálfvatnaskjaldbökum er tiltölulega einföld eftir að grunnur hefur verið lagður. Þær eiga ekki að vera í hinum svokölluðu skálum eða skjaldbökutjörnum (turtle pond) sem seldar eru erlendis, heldur þurfa þær stórt búr, hitara, hreinsi og ljós. Þær verða líka að hafa þurrt land til þess að geta farið upp á þegar þeim hentar. Sjá www.dyraspjall.com.



**Gæta þarf að ýmsu áður en kanínu er leyft að ganga lausri.**

## Nýr heimilisvinur

Ef þú hefur fengið þér kanínu og vilt láta hana ganga lausa heima hjá þér þarftu að fara yfir heimilið og athuga hvort þar séu svæði þar sem hún gæti meitt sig eða sloppið í burtu. Einnig verður að fyrirbyggja að kanínur geti komist í tæri við rafmagnssnúrur því þær hafa unun af að naga þær! Sjá www.dagfinnur.is *- liz*

## Kettir sjúga ull

Kettlingum þykir gott að sjúga, jafnvel eftir að búið er að venja þá frá móður sinni. Sumir kettlingar taka upp á því að sjúga ýmis efni, einkum ull. Þetta er óæskilegt þar sem ull getur valdið harðlífi eða þarmastíflum. Því er best að fjarlægja efnið. Sumir telja að kettlingar sjúgi ull vegna hungurs eða skorts á trefjum. Stundum er gott að gefa þurrmat með öðrum mat til að bæta úr þessu. Sjá www.dagfinnur.is

**Sumir kettlingar vilja sjúga ull.**






# Hvolpurinn þinn á skilið það allra besta!

Hill's kappkostar í hvolpafóðri sínu að mæta fjölbreyttum þörfum hvolpsins í vexti og þroska og stuðlar þannig að heilbrigðu lífi og fyrir vikið enn ánægjulegri samvistum þínum við hundinn þinn.

Hill's® vets' no.1 choice™

Vörumerkið er eign Hill's Pet Nutrition,
© 2003 Hill's Pet Nutrition, Inc.

www.hills.is



HUNDARÆKTUNARFÉLAGIÐ ÍSHUNDAR

# Hundaræktunarfélagið Íshundar

Er félag allra hundaeiganda. Íshundar eru félagar af Union Cynologie International e.V sem er alþjóðlegt hundaræktarfélag í Þýskalandi og á aðildarfélag í allt að 30 löndum. Íshundar voru stofnaðir 27. Apríl 2000.

Alþjóðleg sýning félagsins verður haldin helgina 3 og 4 Maí n.k. Ís í boði fyrir börnin frá Kjörís, kynningar og sölubásar verða á staðnum. 500 kr inn en frítt er fyrir börn 12 ára og yngri.

**www.ishundar.is**






orkusalan
HÚSAKAUP
Dómarar
PACAS & BEGGI
BRYNJAR & STEINUNN
ELÍSABET & HREIÐAR
VISIR.IS/HAEDIN
HÆÐIN
ERFIÐASTA VERKEFNIÐ TIL ÞESSA
HÆÐIN – Í KVÖLD KL. 19:55
skemmtilegri
STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTS
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Stílhrein og vönduð heilsárs frístundahús



*Undanfarin 18 ár hefur Borgarhús ehf. sérhæft sig í hönnun og smíði frístundahúsa í samræmi við kröfur markaðarins á hverjum tíma.*

*Við bjóðum upp á 3 grunnútfærslur húsa í mismunandi stærðum og útfærslum.*

*Hvert hús er sérsniðið að óskum viðskiptavinarins, hvort sem um er að ræða innréttingar, verandir eða annað sem viðskiptavinurinn velur að hafa í húsinu.*




*Einnig er hægt að koma með eigin hugmyndir eða teikningar og þá útfærum við þær í samráði við kaupendur og við sjáum um að útbúa öll þau gögn sem þarf vegna framkvæmdarinnar.*









*Sé þess óskað þá sjáum við um jarðvinnu, undirstöður og flutning á húsunum og veitum einnig ráðleggingar varðandi þann hluta ferilsins.*

*Ef fyrirliggjandi er viðbygging, viðhald eða breytingar þá höfum við víðtæka reynslu í þessháttar verkefnum.*

*Við verðum með opið frá kl. 13-17 á laugardögum út apríl og sýnum framleiðslu okkar og leiðbeinum viðskiptavinum í vali á sumarhúsum sem henta þeirra þörfum.*



*Kynnið ykkur heimasíðu okkar eða hafið samband.*

**Borgarhús ehf.**

*Minni-Borg, Grímsnesi - 801 Selfoss*

*☎ 486 4411 - teitur@borgarhus.is*

**www.borgarhus.is**



Markísurnar eru sniðnar eftir máli og henta íslenskum aðstæðum.



Markísurnar eru vinsælar yfir heita potta til skjóls.



Algeng stærð á markísum er 4x3 metrar og henta þær fyrir meðalstórar svalir.

MYND/HREIN FJÁRFESTING

# Markísur lengja sumarið

**Íslenska sumarið getur verið stutt í annan endann en til eru ráð við því.**

Með því að tjalda yfir svalirnar eða garðinn má lengja sumarið um nokkrar vikur og stjórna veðurfarinu á veröndinni.

Fyrirtækið Hrein fjárfesting flytur inn tjöld eða markísur frá Noregi og sníður þær til eftir máli fyrir viðskiptavini. Sveinn Antonsson, eigandi Hreinnar fjárfestingar, segir markísurnar henta íslenskum aðstæðum vel þar sem hægt sé að hallastilla þær á einfaldan hátt og losna við hliðarvind og rigningu. Fyrirtækið hafi nú í ellefu ár boðið upp á þessa þjónustu og markísurnar njóti mikilla vinsælda.

„Það er nóg að gera hjá okkur en við komum heim og tökum mál fyrir fólk því að kostnaðarlausu og sjáum líka um uppsetningu. Fólk er ánægðast með að losna við hvirfilinn sem myndast oft uppi á þaki og kemur niður ofan á garðborðin.“

Markísurnar eru vinsælar yfir heita potta og svalir í fjölbýlishúsum en verðið er misjafnt eftir stærðum. Algengasta stærðin sem pöntuð er hjá Sveini er fjórir sinnum þrír metrar og kostar hún um 198.000 krónur.

Nánar á www.markisur.is og www.markisur.com *- rat*


# Norm - X

Heimasíðan okkar er www.normx.is
Íslensk framleiðsla

## heitir pottar





Norm - X hefur sérhæft sig í framleiðslu heitra potta frá 1982 sem henta íslenskum aðstæðum einstaklega vel og ætlaðir fyrir hitaveituvatn. Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd, ljósabúnað og tvær gerðir af lokum. Lok, fljótandi veitingabakka og m.fl. Við seljum einnig kamínur verð kr. 43.900

SÓLSTOFUR · SVALALOKANIR · GLUGGAR · HURÐIR · GLER · SPEGLAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU 565 0000



## LENGDU SUMARIÐ …

Glerborg PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

GLERBORG PGV
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 ı Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 ı Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440 Gsm: 894 1804



Garðálfur á ferð með svepp á öxlinni og íkorna á bakinu. Blómaval. Verð 2.990 krónur.



Álfur með hjólbörur. Fæst í Blómavali. Verð 3.390 krónur.



Þrír sveppir í hnapp. Fást í Blómavali. Verð 2.690 krónur.



Ýmsum ráðum má beita til að breyta garðinum í töfrandi veröld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Rómantík. Stytta af Rómeó og Júlíu. Fæst í Garðheimum. Verð 6.980 krónur.



Stúlka sem lætur hugann reika. Fæst í Garðheimum. Verð 5.760 krónur.

# Ævintýralegt garðskraut

**Garðálfar, styttur, sveppir og annað garðskraut getur átt sinn þátt í því að gera gróinn garð að ævintýraveröld.**

Hægt er að láta hugann reika um töfraheim álfanna sem er komið fyrir vís vegar um garðinn og hafa sín verk að vinna. Þá geta lítil börn gert sér í hugarlund hvað álfarnir gera þegar heimilisfólk er gengið til náða.Eins má skreyta pall eða svalir með styttum og fígúrum sem þola bæði veður og vind. *-ve*



Sætur bolabítur úr Garðheimum. Verð 5.120 krónur.



HEITIR POTTAR

Kíktu á úrvalið í sýningarsal okkar að Hjallahrauni 2

Úrval aukahluta

Glasabakkar, höfuðpúðar, útvörp, háfar, hitamælar o.fl.

TREFJAR

Hjallahrauni 2, Hafnarfirði • Sími: 555 1027 • Fax: 565 2227 • pottar@trefjar.is • www.trefjar.is

SS VERKTAKI

SVEINBJÖRN SIGURÐSSON hf.

# Frístundahús

Sveinbjörn Sigurðsson hf. býður til sölu glæsilegt frístundahús í landi Mýrarkots í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Húsið er **127 fm** að stærð með **21 fm** geymsluskúr, verönd er 290 fm og lóðin er 1,3 hektari.

Að auki er húsið fullbúið að innan og öll húsgögn og gólfefni frá versluninni **EGG.**

**Frekari upplýsingar veitir Soffía í síma 895-9098 og 483-5800**





Þess má geta að Mýrarkot er einungis 5 km frá golfvellinum í Kiðjabergi og 7 km frá nýjum golfvelli við Borg í Grímsnesi.

Á sama stað eru einnig tveir minni bústaðir, 66,5 fm að stærð með 40 fm svefnlofti.





Fleiri myndir á www.verktaki.is

byr Fasteignasala


UPPGÖTVAÐU NÁTTÚRULEGAN KRAFT GUFUNNAR
Whirlpool
MEÐ 6TH SENSE
Nýju AquaSteam þvottavélarnar frá Whirlpool skila þér heimsins besta þvotti. SteamBoost tekur hart á blettum en fer mjúklega um fatnað með hjálp náttúrulegra krafta gufunnar. 6TH Sense tæknin frá Whirlpool skynjar upp á hár hversu mikið af vatni og gufu er þörf fyrir hvern þvott, lagar þvottakerfið að ferlinu og sparar samtímis allt að 30% orku og efna. Refresh stillingin skilar þér þvottinum tilbúnum til notkunar á 20 mínútum. Og Sanitization stillinguna má nota til að vinna á bakteríum jafnvel við lágan hita. Nýju AquaSteam þvottavélarnar frá Whirlpool: kröftug hreinsun, náttúrulega.
REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500
AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380
HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600
SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700
Heimilistæki
ht.is

## Trésmíði




## Önnur þjónusta

Tek að mér að bygginga- og lagnateikningar. Uppl. í s. 868 0872.

# KEYPT & SELT

## Hljóðfæri



**Nýjir flyglar og píanó**
Nýjir og vandaðir flyglar og píanó, glæsileg hljóðfæri á mjög góðu verði. Nánari upplýsingar í síma 897 3290.




**Frábærar fermingargjafir!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Til sölu gamall flygill.. vegna plássleysis er til sölu gamall en vel með farinn flygill. tilboð óskast í hann. Upplýsingar í síma 482 1471 & 862 7508.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m.2x4 óheflað á 195 kr/m, mótabitar 1.135 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

Til sölu vinnuskúr, Spectra leyser hæðamælir, Hitachi klippu og beyjuvél og Max bindivél. S. 898 4870.

## Verslun







## Til sölu



Við hjá K-Matt ehf höfum fengið blóðsykursmæla og strimla á frábæru verði sem hefur ekki þekkst áður. Upplýsingar í síma 421 8999 eða k-matt@simnet.is . Opnunartími er a milli 9-11:30 og 13:15-16:30 alla virka daga.







Erum með geymslugáma og vinnuskúra til sölu í ýmsum stærðum og gerðum einangraða og óeinangraða. Um er að ræða vöru sem er framleidd í Þýskalandi og er vottuð vara sem stenst DIN ISO 9001-14001-OHSAS-18001. Gámarnir eru vottaðir af RWTÜV CERT. í Þýskalandi. Einnig erum við með gáma undir spillefni og spilliefna ílát undir og í vörurekka.

**Frekari uppl. á www.bos.is og í s. 587 2470.**

Hágæða Hanak innréttingar til sölu. Fást á mjög góðu verði. Málningarvinna frítt með. S. 697 4008.

Til sölu olíumálverk eftir Jóhannes Jóhannesson f.1921. Upplýsingar í síma 659-6118

4 ný sumardekk 4 225x65/17. Verð 38 þús. Enn fremur lítið notað 2ja ára sjónvarp með innbyggðum DVD spilara. Verð 10 þús. Uppl. í s. 824 0060.

**- Til sölu innréttingar fyrir verslun -**
Veggplötur með állistum, krókar af ýmsum gerðum og statíf fyrir herðartré. Nánari uppl. í s. 696 7060 Unnur & 898 9229 Svanheiður.

Hefilbekkur, bílakerra, handverkfæri margt fl. til sölu. S. 421 4975 & 691 4950




**Gerið verðsamanburð!**
Robot ryksugur fyrir öll gólf með fjarstýringu, eru komnar aftur. Nú á kr. 23.500.

**Mótor og sport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**www.motorogsport.is**




# ÞJÓNUSTA




# HEILSA

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**
**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn.**
**Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**
**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur






**Þyngdarstjórnun - ráðgjöf - clean 9 - lifestyle 30**
Heilsuráðgjöf, þyngdarstjórnun Fjóla Þorsteinsdóttir einkaþjálfari sjálfstæður dreifingaraðili. FLP. S. 899 2445. Nánari uppl. inná http://www.4ever.is www.4ever.is




5-7kíló á 9 dögum með Aloe Vera. Einnig getum við skráð þig í Aloe Vera S. 849 2345.



LR kúrinn er hraðvirkur og bætir líðan. Léttu þér lífið með Aloe Vera. Anna s. 699 7379.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Betri heilsa - bætt líðan - Herbalife Þarftu aukna orku? Viltu þyngjast? Viltu léttast? Viltu skoða viðskiptatækifæri? Viðar 822 3657 & 581 3657 vidarei@internet.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL of ICELANDIC

**50% Off summer prices**
Icelandic for foreigners- Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 28/4, 26/5, Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 28/4, 16/6. Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 29/4, 7/7. Level IV: 20 w; Sund 10-11:30 start 18/5. Ármúli 5 S. 588 1169 www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu 6 manna borðstofuborð og 3ja sæta sófi. S. 694 3709 eftir kl. 16:30 & 899 4534.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kiktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

**Aðeins einn Dalmatíuhvolpur eftir!**
Rosalega ljúfur og mikið krútt. Hreinræktaður og ættbók fylgir. Nánari uppl. í s. 863 8777 og á www.hvolpar.is Tilbúinn til afhendingar í dag, sumardaginn fyrsta.

Gullfallegir Ijósir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 863 4028.

4 kettlingar hálfnorskir og kassavanir fást gefins. S. 534 2898 & 699 0892.

Kaffihlaðborð kvennadeildar Gusts verður haldið í reiðhöll Gusts glaðheimum, sumardaginn fyrsta 24. apríl frá kl. 14-17. Stjórnin.

Túrkis blár, gæfur, lítill páfagaukur, gári, týndist á sunnudagskv. í Þingholtunum. Finnandi hringi í s. 694 7899.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

**Spánn - Alicante**
Hópar - Fjölskyldur! Til leigu 4 glænýjar 2ja herb. íbúðir á sama stað. Stórar þaksvalir, sameigl. sundlaug, sturtt á ströndina, rétt við Torrevieja. Lækkað verð. Uppl. í s. 699 3366.

## Ferðaþjónusta

HVALALÍF



**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Hestamennska



Reiðbuxur úr leðri. Brúnar og svartar. Dömu kr. 23.500,- Herra kr. 23.950,- Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Þarftu að leigja?**
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus LEIGUMIÐLUN

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534-1024

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rooms for long term rent in Reykjavík and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

Góð 2. herb. íbúð í Vesturbæ 107 Rvk. laus nú þegar. Leigu verð 120 þ. á mán. innifalið hússjóður og hiti. bankaáb./tryggingavíxill skilyrði. Uppl. í s. 898 1188.

ATH til leigu strax ný 120m2 íbúð í Hafnarf. m. stæði í bílskýli. Allt nýtt. 3 herb. V. 150 þús. per. mán. S. 892 7858.

Fallegt 20 fm herb. til leigu inni í íbúð í Hólahverfi. Óska eftir reyklausum og reglulusömum einstakling. Uppl. í síma s. 661 7768.

2 herb. í 4 herb. íbúð húsgögn fylgja. í Miðbæ Rvk. Leigist út í 1 mán. V. 100 þ. S. 895 0497.

Rúmgóð 5 herbergja íbúð á Framnesvegi í Reykjavík til leigu frá 1.maí til 30. ágúst, með húsgögnum. Hiti, rafmagn, hússjóður, ADSL og Sjónvarp Símans innifalið. Leiguverð á mánuði 195000 kr. GSM 8989737

Stórglæsileg 150 fermetra íbúð til leigu í miðbænum til eins eða tveggja ára. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni með möguleika að bæta við þriðja. Íbúðin leigist með eða án húsganga. Leiguverð er 200 þúsund á mánuði með hita, rafmagni og hússjóði. Áhugasamir hafi samband í kristjan@3sagas.com

Room for rent in Reykjavík. Herbergi til leigu á höfuðborgarsv. Tel. 661 3473.

## Húsnæði óskast

Ungt reglusamt og reyklaust par. Leitar eftir 2 herb. íbúð í rvk. greiðslugeta 80-100 þús.kr. S.8662174

Óska eftir einstk.íb., greiðslug. 90-100 þús. F. '74, skilv. gr. heitið. S. 659 6904.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúla. Góð aðstaða, eldhús og snyrting. Allur sameiginlegur kostnaður innifalinn. Uppl. í síma 690 3650.

Herbergi 101 Rvk. Aðg. að wc, eldh, þvottar. 45 þ. með intern. S. 694-4374

## Geymsluhúsnæði

Þú geymir í gám við geymum gáminn



Geymsla í skemmri eða lengri tíma!
Gámarnir eru staðsettir á lokuðu svæði Hafnarbakka.
HAFNARBAKKI

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

ÖRYGGISGÆSLAN

**Öryggisgæslan**
**Vilt þú starfa hjá framsæknu fyrirtæki í fremstu röð Öryggisþjónustu á Íslandi. Öryggisgæslan leitar nú að starfsfólki til næturstarfa og verkefna á öllum tímum sólarhrings. Við leitum bæði að fólki í 100% starf sem og Hlutastörf td.helgarvinnu. Aukavaktir í boði. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 18 ár. Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Auðbrekku 6 - 200 Kópavogur. Opið er frá kl.10-17 virka daga. Einnig er hægt að hringja í Síma 568 5030. mailto: egill@oryggisgaeslan.is**

**Veitingahúsið Nings**
**óskar eftir hressu og jákvæðu fólki í fullt starf í afgreiðslu. Um framtíðarstarf er að ræða þar sem unnið er á 15 daga vöktum. Hentar fyrir þá sem vinna vel með öðrum og hafa góða þjónustulund. Nauðsynlegt er að vera íslenskumælandi. Einnig vantar afgreiðslufólk í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í síma 822 8870 eða á www.nings.is**

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**
**Vorum að útskrifa úrvalslið af matreiðslumönnum og framreiðslumönnum og hlökkum til að fá nýja menn til liðs við okkur. Einnig eru laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?**
**Uppl. veitir Valtýr (661 9912) alla virka daga milli 10-12 og 14-17. Umsóknir berist á: valtyr@sjavarkjallarinn.is**

567 7570 · 892 7344
SÖGUN • BORUN
BROT
BORTÆKNI
FLEKKING • REYNSLA
www.bortaekni.is
Störf í boði.
Óskum eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Aðeins reglusamir og stundvísir. Upplýsingar sendist á: bortaekni@bortaekni.is & í s. 567 7570 m. kl.10-15

**Kievownik**
**Firma budowlona poszukuje cicsli z doswiadaenie w systemie hunebek. kandydaci musza posiadac papiewy i miec doiwiauzenic w prowadieniu buolowy i znac jgzyk angiclski. Tel 820 7062**

Ó RESTAURANT

**Hótel Óðinsvé**
**Óskum eftir að ráða þjóna til starfa á Ó Restaurant, bæði fagfærða og aðstoðarfólk. Uppl.gefur Sigrún s: 511-6200 eða á o@orestaurant.is, Hótel Óðinsvé, Þórsgötu 1.**

**Bráðvantar trésmið!**
Handlaginn mann eða smið vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Einnig vantar múrara eða mann vanan flísalögnum. Framtíðarvinna. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Vantar meiraprófsbílstjóra með rútupróf. Sími 894 2901.

Óska eftir bifvélavirkja til starfa erlendis sem fyrst. Góð laun í boði. Uppl. sendist á autothor@hotmail.com

Óskum eftir manni í hellulagnir í sumar. uppl.gefur Ólafur 661-2005.

Rótgróið gluggahreinsunarfyrirtæki óskar eftir framtíðarstarfskarfti. Þægilegur vinnutími. S. 895 1886.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Óska eftir verkamannavinnu. S. 848 5071.

## Viðskiptatækifæri

Lærðu alvöru NETVIÐSKIPTI!! Viltu læra að skapa þér miklar tekjur á Netinu? Skoðaðu þá vefsíðuna VIDSKIPTI.COM og fáðu allar upplýsingar um málið.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**Tóti er týndur**
Kötturinn Tóti fór út á mán. og hefur ekki skilað sér heim á Hjarðarhaga 38. Ef einhver hefur orðið hans var Hafið samb. í s. 843 0184 & 868 1438.

## Ýmislegt

**Bar Polonia Zaprasza**
**Na dyskoteke piatek, sobota wstep free Bar Polonia otwarty codziennie od 17.00-24.00. Piatek, sobota do 03.00 niedziela od 11.00-24.00 Zapraszamy serdecznie - Bar Polonia- Flatahraun 21, Hafnarfjörður. tel. 555 2329.**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta**
**Spjalldömur**
**S. 908 6666**
**Opið allan sólarhringinn.**

Sögur fyrir karlmenn, ný upptaka, sú „innilegasta" í manna minnum, alveg hreint frábær út í gegn. (Hafið í huga: upptakan er 5 mín 40 sek á lengd.) Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905 2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8571.

„30.000 blaðberar leita sér að húsnæði"
segja útgefendur Fréttablaðsins



49.989 kr.
Fullt verð 54.989
19 tommur
Innbyggður DVD
United TVD7056
19" LCD breiðtjald með innb. DVD spilara • Upplausn: 1440x900 punktar • Skerpa: 500:1 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • 12v og 220v • 12v snúra fylgir
Plasma breiðtjald
Panasonic TH42PV70F
42" V-Real 2 Plasma breiðtjald • 42" HD Ready 16:9 • Plasma Sjónvarp • Upplausn: 1024x768 punktar • V-Real 2 Engine tækni - Frábær myndgæði • Advanced 3D Colour management • Motion Pattern Noise Reduction • Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Real Black Drive 10.000:1 skerpa • VIERA Link • 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi • Textavarp ofl
EISA AWARD
Best Product 2007-2008
HD-READY PLASMA-TV
Panasonic TH-42PV/PX70
199.989 kr.
Fullt verð 219.989
42 tommur
119.989 kr.
Fullt verð 139.989
32 tommur
Philips 32PFL5322
32" LCD breiðtjald • Pixel Plus HD • HD Ready • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 4.000:1 • Active Control og Contrast Plus • 2 x 20w Nicam stereó • Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
169.989 kr.
Fullt verð 189.989
FULL HD
32 tommur
Philips 32PFL7962D
32" LCD Pixel Plus 2 HD breiðtjald • 1366x768 p. uppl. • Ambilight 2 • Digital Natural Motion og Progr. Scan • HD Ready • 7.000:1 skerpa • Active Control og Dynamic Contr. • 2 x 20w Nicam stereó • Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og heyrnartt. • USB, textav. ofl.
119.989 kr.
Fullt verð 149.989
40 tommur
Dantax 40LCDV7
40" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn • Progressive Scan • 2.000:1 skerpu • Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB) • 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi • textavarp ofl.
169.989 kr.
Fullt verð 179.989
37 tommur
Philips 37PFL5322
37" LCD breiðtjald • Pixel Plus HD • HD Ready • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 5.000:1 • Active Control og ljósskynjari • 2 x 30w Nicam stereó • Dolby Virtual Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
169.989 kr.
Fullt verð 199.989
42 tommur
LCD breiðtjald
JVC LT42A80ZU
42" LCD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • DynaPix D.I.S.T. myndtækni - fjölgar línum og punktum • HD Ready • Skerpa 1.000:1 • Fullkomnar Litstýringar (Gamma Curve og Dyn. Black Level) • 20w RMS Nicam stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.
199.989 kr.
Fullt verð 229.989
42 tommur
Innb. 160GB harður diskur
LG 42LT75 160GB með hörðum disk
42" LCD breiðtjald • 160GB harður diskur (57 klst. hágæða uppt. úr sjónv. - 86 klst. venjul.) • HD Ready • Upplausn: 1366 x 768 • XD Engine • Skerpa: 8.000:1 • XCC skerpir útlínur • Selective Colour Control litir • Dimple Speaker hátalarar • Surround Max og Dolby Digital • 1080p tengi fyrir Blu-Ray og HD-DVD • 2 digital móttakarar • 2 HDMI
249.989 kr.
Fullt verð 269.989
42 tommur
LCD breiðtjald
Philips 42PFL7662D
42" Full HD 1080p LCD Pixel Plus HD breiðtjald • Uppl.: 1920x1080 p • Progr. Scan • HD Ready • Skerpa: 5.000:1 • Innb. Digital DVB-T mótt. • 3D Combfilter • Active Control • 2 x 10w Nicam stereó • Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og heyrnartt. • Textav. ofl.
279.989 kr.
Fullt verð 299.989
42 tommur
FULL HD
Ofurþunnt Full HD LCD breiðtjald
JVC LT42DS9
42" DynaPix Full HD LCD breiðtjald • Super-Slim (þykkt: 7,4 sm) • Upplausn: 1920x1080 punktar • HD Ready • Skerpa 7.500:1 og svartími: 6.5ms • Innb. digital DVB-T móttakari • 20w RMS MaxxBass Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl. Mál (bxhxd): 98,1x62,7x7,4 sm
10 stk. DVD fylgja öllum þessum sjónvarpstækjum
- sjá baksíðu!
10 stk DVD að eigin vali fylgja - Hundruðir DVD titla í boði
Opnunartími
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
Fim
MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is
Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS
MAX RAFTÆKI



BroilMate

**Broil Mate13863**

11.4kW / 48,000 BTU Dual H brennari úr ryðfríu stáli • 3742sm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu • 2129sm² - án hliðarborðs/hellu • Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar • Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Lineral Flow gas ventlar • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Hágæða Perma-Mold XL niðurfellannleg hliðarborð með áhaldakrókum • 18sm / 7" hjól

**29.989 kr.**



BroilMate

**Broil Mate185653**

13.2kW / 50.000BTU Dual-H brennarar úr ryðfríu stáli • Postulínhúðaðar járngrindur • Flav-R-Wave eldunarkerfi • Lineral Flow gas ventlar • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Niðurfellanleg hliðarborð með innbyggðum áhaldabökkum • 2 18sm hjól með gúmmíi • 6,4sm læsanleg hjól

**44.989 kr.**



BroilMate

**BROIL KING SIGNET 20**

13.2kW / 50,000 BTU Dual-Tube brennarar • 3 Dual-Tube ryðfríir línubrennarar • Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave • 2 grillgrindur úr steypujárni • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum • Skápur með stál hurðum

**72.989 kr.**

## Kassi af KÓK ZERO og FREYJU DRAUMI fylgir öllum grillum hjá MAX!



BroilKing

**BROIL KING SOVERIGN 90**

14.4kW / 52,000 BTU Dual-Tube brennarar • 2.7kW / 10.000 BTU hliðarhella úr ryðfríu stáli • 4.4kW / 18.000 BTU bakbrennari fyrir grilltein • 3 Dual-Tube ryðfríir línubrennarar • 3 grillgrindur úr steypujárni • Rotisserie grillteinn og ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Niðurfellanleg hliðarborð úr stáli með áhaldakrókum

**99.989 kr.**









BroilKing

**BROIL KING SOVERIGN 90XL**

16kW / 56,000 BTU Dual-Tube brennarar • 2.7kW / 10.000 BTU hliðarhella úr ryðfríu stáli • 5,25kW / 18.000 BTU bakbrennari fyrir grilltein • 4 Dual-Tube ryðfríir línubrennarar • 3 grillgrindur úr steypujárni • Rotisserie grillteinn og ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Niðurfellanleg hliðarborð úr stáli og skápur með stál hurðum

**139.989 kr.**

## DVD 989 kr.

... klikkað verð!




## Hundruðir DVD titla í boði

MAX RAFTÆKI

## Dæmið er einfalt – Hlutirnir eru ódýrari í Max!

Tilboðin gilda til 30. 04. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Að gefnu tilefni

**UMRÆÐAN**

Kristinn Hilmarsson skrifar um talmeinafræðinga og TR



KRISTINN HILMARSSON

Að gefnu tilefni gerir Stjórn Félags talkennara og talmeinafræðinga athugasemd við orð Guðbjargar Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra kynningarmála hjá Tryggingastofnun ríkisins, sem höfð eru eftir henni í Fréttablaðinu föstudaginn 11. apríl 2008.

Eftir Guðbjörgu er þetta haft: „Tryggingastofnun gerði athugasemd við vinnubrögð talmeinafræðinga og taldi að samningsbrot hefði átt sér stað, en eftir þær athugasemdir sagði stór hluti talmeinafræðinga sig frá samningi.“ og síðar segir „Ástæðurnar fyrir því liggi þó ekki hjá Tryggingastofnun heldur hjá talmeinafræðingum sem sögðu sig frá samningum vegna eðlilegra athugasemda stofnunarinnar.“ (Fbl., 11.04.2008)

Sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar hafa engan áhuga á að dvelja við það sem er búið og gert. Það kemur ekki á óvart að málsaðilar líti misjöfnum augum á orsök ástandsins sem nú bitnar á sjúkratryggðum sem þarfnast meðferðar vegna mál- og talörðugleika sinna. Það má þó öllum vera ljóst að algjör trúnaðarbrestur hefur orðið milli TR og sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga.

Ástæða er til að benda Guðbjörgu Guðmundsdóttur á að athugasemdir TR fólust í alvarlegum og rakalausum ásökunum og að vegið var að starfsheiðri og æru þeirra sem fyrir urðu. Vörn talmeinafræðinganna tók rúmt hálft ár en að lokum dró TR kærur sínar til baka eins og ljóst mátti vera strax í upphafi að gera þyrfti.

Talmeinafræðingar hafa aldrei dregið í efa rétt TR til eftirlits með að samningar væru haldnir en við óvandaða stjórnsýslu er ekki hægt að búa. Talmeinafræðingar gera kröfu um að TR virði gerða samninga og fari fram af hófsemd og fylgi reglum um vandaða stjórnsýslu.

Talmeinafræðingar vinna víða og gera samninga við marga verkkaupa. Samningar byggja á gagnkvæmu trausti og virðingu. Því hefur ekki verið til að dreifa milli TR og talmeinafræðinga síðustu misserin.

*Ástæða er til að benda Guðbjörgu Guðmundsdóttur á að athugasemdir TR fólust í alvarlegum og rakalausum ásökunum.*

Það er einnig rétt að minna á að talmeinafræðingar sömdu ekki reglugerð þá sem nú er í gildi og bera enga ábyrgð á hversu andsnúin hún er þeim sem þarfnast meðferðar vegna mál- og talmeina. Athygli hefur vakið þegar reglugerðin er borin saman við reglugerðir sem eru í gildi vegna þjónustu hjartalækna, bæklunarlækna og tannlækna hve málhömluðum er gert erfitt fyrir.

Félag talkennara og talmeinafræðinga er tilbúið að gera nýjan samning við TR en því aðeins að ljóst sé að hægt verði að endurreisa það traust sem áður var milli aðila. Við skorum á TR að sýna í verki að þeim sé það einhvers virði að samningar náist.

*Höfundur er formaður Félags talkennara og talmeinafræðinga.*

# Mikilvæg úrlausnarefni

**UMRÆÐAN**

Sif Sumarliðadóttir skrifar um heilbrigðismál



SIF SUMARLIÐADÓTTIR

Það hefur mikið verið skrifað um heilbrigðiskerfið á undanförnum mánuðum og í því sambandi m.a. fjallað um kostnað samfélagsins til þess málaflokks og rekstarform hans.

Samkvæmt nýútkominni skýrslu Hagtíðinda sem Hagstofa Íslands gefur út hafa heildarútgjöld til heilbrigðismála aukist verulega á Íslandi síðustu áratugi. Árið 1980 voru heildarútgjöld til heilbrigðismála 6,3% af landsframleiðslu en árið 2007 höfðu þau aukist í 9,2% af landsframleiðslu. Árið 2007 voru heildarútgjöld til heilbrigðismála 117,3 milljarðar króna og þar af var hlutur hins opinbera 98,6 milljarðar króna (afganginn greiða einkaaðilar eða einstaklingar í landinu) sem eru um 19% heildarútgjalda hins opinbera.

**Siðferðileg skylda og hagfræði**

Gott heilsufar íslensku þjóðarinnar er óumdeilt og tekjutengdur heilsuójöfnuður með því minnsta, en í nýútkominni skýrslu OECD kemur fram að Ísland er í fjórða sæti OECD-landanna yfir lífslíkur á skala sem metur lengd lífs án veikinda eða fötlunar. Hins vegar benda skýrsluhöfundar á að heilbrigðiskerfið er kostnaðarsamt og þótt dregið hafi úr hraða kostnaðaraukningar undanfarin ár megi búast við því til lengri tíma litið að eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu muni aukast hlutfallslega meira en tekjur ríkisins og því muni sífellt verða erfiðara að fjármagna heilbrigðiskerfið án þess að breyta fyrirkomulagi þess.

Hækkandi aldur þjóðarinnar ræður miklu um aukningu á eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu en í viðtali við fyrrverandi og núverandi forstjóra LSH í Fréttablaðinu nýverið er þeirri spurningu velt upp hvort við höfum e.t.v. ekki efni á að eldast án breytinga. Þar kemur fram að kransæðaþræðingar á öldruðum eru t.d. mun frekar framkvæmdar hér á landi en í Svíþjóð sem og hjartaaðgerðir sem gerðar eru á áttræðu fólki og yfir. Læknaeiðurinn, sem einnig er kallaður Hippókratesareiðurinn, kveður nokkurn veginn á um að læknar skuli gera allt sem í þeirra valdi stendur fyrir sjúklinginn og sjúklingar á Íslandi geta vænt þess þegar þeir leita sér lækninga að þeir hljóti bestu mögulegu meðferðina, án þess að velta fyrir sér kostnaðinum. Heilbrigðisstarfsfólk hefur því siðferðilega skyldu við sjúklinginn sem lýtur ekki að hagfræðilegum álitamálum.

*Samkvæmt nýútkominni skýrslu Hagtíðinda sem Hagstofa Íslands gefur út hafa heildarútgjöld til heilbrigðismála aukist verulega á Íslandi síðustu áratugi.*

**Nauðsynleg umræða**

Í starfsemisupplýsingum LSH skrifar Magnús Pétursson að við séum óvön því að ræða lækningar og lok lífs út frá fjárhagslegum forsendum enda höfum við ekki þurft þess hingað til.

Öll umræða er varðar þennan málaflokk er bæði erfið siðferðilega og pólitískt en þarf eigi að síður að fara fram, sérstaklega í dag þar sem krafa um sparnað og hagræðingu gerir starfsfólki heilbrigðisstofnana erfitt fyrir. Biðlistar eftir vissum aðgerðum og rannsóknum eru langir og því þurfum við jafnvel í náinni framtíð að spyrja okkur að því hvort réttlætanlegt sé að einstaklingar sem eru t.d. komnir vel yfir áttrætt fari í aðra eða þriðju hjartaaðgerðina þegar á biðlista eru yngri einstaklingar sem bíða jafnvel alvarlega veikir eftir að komast að í aðgerð.

Áðurnefnd OECD-skýrsla spáir því að ef fram fer sem horfir muni útgjöld hins opinbera til heilbrigðiskerfisins mögulega nema 15% af vergri landsframleiðslu árið 2050 – þ.e. 15% af verðmæti allrar vöru og þjónustu sem framleidd er í landinu á einu ári. Skýrsluhöfundar benda á að auka þurfi kostnaðargreiningar á borð við kostnaðarárangursgreiningar (cost-effective analyses) og kostnaðarskilvirkni innan heilbrigðiskerfisins hér á landi.

Heilsuhagfræði er tiltölulega ný fræðigrein á Íslandi en á sér lengri hefð t.d. í Bretlandi. Heilsuhagfræðingar vinna m.a. að hagfræðilegum greiningum er varða ýmis mál tengd heilbrigðiskerfinu og geta þeir varpað nýju ljósi á þessi álitamál sem nefnd hafa verið hér á undan. Vænta má að hlutverk hagfræðilegra greininga er varða innleiðingu nýrra meðferða, tækni og lyfja verði enn mikilvægara og muni gegna sífellt stærra hlutverki á Íslandi á komandi árum.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur og nemandi í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands.*





## Álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er einn öflugasti vinnustaður heims á sínu sviði

**Í fjölbreyttum hópi starfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri sem njóta góðra launa, starfsþjálfunar og ýmissa fríðinda. Núna viljum við bæta í þennan blómlega hóp og ætlum að fjölga starfsmönnum á næstunni. Kynntu þér traust og spennandi atvinnutækifæri.**

Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri. Mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.

AUSTURLAND TÆKIFÆRANNA

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa á Austurlandi: www.austurat.is

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 42094 04.2008



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arnbjörg Hermannsdóttir**
Ólafsbraut 30, Ólafsvík,

andaðist á Dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík, miðvikudaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 26. apríl kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| Gylfi K. Magnússon | Guðrún Blöndal |
| Elísabet Magnúsdóttir | |
| Björg Magnúsdóttir | Einar Kristjánsson |
| Hermann Magnússon | Svanhildur Pálsdóttir |
| Trausti Magnússon | Jóhanna K. Gunnarsdóttir |
| Steinþór Magnússon | Sigrún Harðardóttir |
| Ágústa Magnúsdóttir | Jón Guðmundsson |
| Svanur Magnússon | María S. Pétursdóttir |
| Kristín Magnúsdóttir | Jón Axelsson |

**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni Hlíðkvist Jóhannsson**
Blásölum 24, Kópavogi,

sem andaðist á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, sunnudaginn 20. apríl, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 28. apríl kl. 13.00.

Guðný Þorgeirsdóttir

| | |
|---|---|
| Íris Bjarnadóttir | Kristmar Ólafsson |
| Jóhann Bjarnason | Sigríður Vilhjálmsdóttir |
| Björgvin Bjarnason | Guðbjörg Elín Þrastarsdóttir |
| Skúli Eyjólfur Bjarnason | |
| Guðný Bjarnadóttir | Sveinbjörn Sigurðsson |
| Guðrún Bjarnadóttir | Þorgeir Reynisson |
| Hjördís Bjarnadóttir | Ingi Þór Guðmundsson |

**afa- og langafabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Pálsdóttir**
frá Björk, Grímsnesi, Grænumörk 5, Selfossi,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 26. apríl kl 15.30. Jarðsett verður að Stóru-Borg.

| | |
|---|---|
| Guðrún Tryggvadóttir | Hörður Smári Þorsteinsson |
| Tómas Tryggvason | Þórdís Pálmadóttir |
| Páll Tryggvason | Sigríður Björnsdóttir |

**barnabörn og langömmubörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gyða Vestmann Einarsdóttir**

er lést 16. apríl sl. verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 25. apríl kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjartavernd.

| | |
|---|---|
| Anna Björg Þorláksdóttir | Stefán Böðvarsson |
| Þór Þorláksson | Áslaug Gunnarsdóttir |
| Einar Þorláksson | Margrét Thelma Guðjónsdóttir |

**barnabörn og barnabarnabörn.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**
Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


**KELLY CLARKSON TÓNLISTARKONA ER 26 ÁRA.**

*„Guð mun aldrei láta þig fá eitthvað í hendurnar sem þú ræður ekki við. Svo ekki hafa neinar áhyggjur."*

***Kelly Clarkson hefur gert garðinn frægan á söngsviðinu. Hún var fyrsti keppandinn sem sigraði í Idol-keppninni í Bandaríkjunum, sem nýttist henni til frægðar og frama.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. APRÍL 1915

## *Uppreisn á Írlandi*



Páskauppreisnin var vopnuð uppreisn af hálfu Íra gegn breskum yfirráðum á Írlandi. Uppreisnin hófst 24. apríl á öðrum degi páska.
Með henni vildu herskáir lýðveldissinnar ná fram sjálfstæði Írlands með valdi. Það var „Hið írska bræðralag lýðveldisins" sem skipulagði uppreisnina. Þeir tóku yfir pósthús borgarinnar og lýstu þar yfir sjálfstæði Írlands. Lýðveldissinnarnir náðu smátt og smátt yfirráðum víðs vegar um borgina. Bretar sneru vörn í sókn og nokkrum dögum seinna var uppreisnin brotin á bak aftur. Uppreisnarmennirnir nutu ekki mikils stuðnings meðal almennings, því litið var á þá sem óábyrga ævintýramenn. Almenningsálitið snerist þó á sveif með uppreisnarmönnunum eftir að það spurðist út að fimmtán þeirra höfðu verið teknir af lífi. Vopnuð átök héldu áfram næstu árin og Írar fögnuðu svo sjálfstæði árið 1922 með stofnun lýðveldis.

**EDEN Í HVERAGERÐI:** FAGNAR 50 ÁRA AFMÆLI Í DAG

# Vinsælt á leiðinni austur

Eden í Hveragerði þekkja allir Íslendingar sem hafa tekið sunnudagsbíltúr austur fyrir fjall. Enda vinsælt að stoppa þar og rétta aðeins úr sér. Nú eru fimmtíu ár liðin frá stofnun Eden og því verður fagnað með pompi og prakt.

„Ég tók við rekstrinum í mars síðastliðnum en þá opnaði Eden aftur eftir mikla andlitslyftingu," segir Arnþór Jón Egilsson, rekstrarstjóri Eden. Lokað hefur verið í allan vetur og var opnað aftur í mars. Margir nýir hlutir hafa komið inn og aðrir verið endurnýjaðir. Mjög vel hefur gengið eftir að Eden opnaði og tölur sýna að fjöldi gesta hefur aukist frá sama tíma fyrir ári.

„Við höfum fengið mjög góðar viðtökur hvað varðar breytingarnar og það er hið besta mál og trúlega ástæðan fyrir þessari aukningu á gestunum. Við búumst við góðu sumri. Frá upphafi hafa aðeins tveir eigendur verið á Eden og segir það um ágæti rekstursins. Sumardaginn fyrsta verður mikið um dýrðir en þá eru fimmtíu ár frá því að Bragi Einarsson stofnaði Eden en hann rak Eden og átti í 48 ár. Fyrir tveimur árum keypti Egill Gunnar Jónsson Eden og tók við rekstrinum og nú í vetur var farið í þessar endurbætur á staðnum. Hjá Eden hefur Valgerður eða Gógó unnið í eldhúsinu í heil þrjátíu og sex ár. Í eldhúsinu hefur hún stjórnað alveg snilldarlega og er enn á fullu," útskýrir Arnþór.

Á hverju ári heimsækja þrjú hundruð og fimmtíu til fjögur hundruð þúsund manns Eden og sú tala hefur hækkað ár frá ári. Erlendir ferðamenn eru þar stór hluti enda vinsæll áfangastaður fyrir ferðamenn sem fara hinn svokallaða Gullna hring. Breytingarnar felast í því að svæðið fyrir almenning hefur stækkað. „Við höfum einnig stækkað gróðurhúsið og komið fyrir leiktækjum fyrir börnin. Við höfum endurnýjað alla klósettaðstöðuna og opnað inn í gróðurhúsið. Verslun með minjagripi er enn til staðar og eru það erlendir ferðamenn sem sækja í hana þó að nokkrir Íslendingar séu þarna inn á milli," segir Arnþór.

Í Eden starfa frá tíu til þrjátíu manns. Yfir veturinn er auðvitað minna að gera og vinna þá um tíu en á sumrin þrefaldast sú tala og þrjátíu manns sinna því ýmsum þjónustustörfum sem til falla í eldhúsinu, verslun og sjoppunni. „Apinn Bóbó er ennþá í fullu fjöri og stendur fyrir sínu og er alltaf jafn vinsæll hjá yngri kynslóðinni. Það má segja að Bóbó karlinn sé ódauðlegur og verður til staðar svo lengi sem Eden verður til," útskýrir Arnþór.

Sumardaginn fyrsta verður þessu fimmtíu ára afmæli staðarins fagnað með ýmsum uppákomum í Eden. Því er kjörið tækifæri að skella sér í Eden og sjá herlegheitin, fá sér ís eða aðrar veitingar og ekki má gleyma að heilsa upp á hann Bóbó.

**mikael@frettabladid.is**



**BÓBÓ ENN Í FULLU FJÖRI** Arnþór Jón Egilsson, rekstrarstjóri Eden, segir apann Bóbó alltaf jafn vinsælan hjá yngri kynslóðinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Björg Rögnvaldsdóttir**
frá Miðfirði í V-Húnavatnssýslu,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 22. apríl sl. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 3. maí kl. 14.00.

Guðfinna Margrét Óskarsdóttir

| | |
|---|---|
| Stefán Dan Óskarsson | Rannveig Hestnes |
| Brynjólfur Óskarsson | Selma Olsen |
| Rögnvaldur Þór Óskarsson | Védís Geirsdóttir |
| Már Óskarsson | Bryndís G. Friðgeirsdóttir |
| Arnar Óskarsson | Anna Magnea Hreinsdóttir |

**og ömmubörnin.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorkell Páll Pálsson**

lést laugardaginn 19. apríl. Útför fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 2. maí kl. 13.00.

Þórhildur Lilja Þorkelsdóttir

| | |
|---|---|
| Jón Gunnar Þorkelsson | Sigrún Haraldsdóttir |
| Herdís Þorkelsdóttir | Einar Einarsson |
| Ágústa Þorkelsdóttir | Ólafur H. Óskarsson |
| Páll Vikar Þorkelsson | |
| Lilja Þorkelsdóttir | Garpur Dagsson |

**og afabörn.**



*Hjartans þakkir færum við öllum sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við fráfall okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og systur,*

**Kristínar Marteinsdóttur**
Hafraholti 30, Ísafirði.

Einnig þökkum við ómetanlega hjálp frá ættingjum og vinum.

Svanbjörn Tryggvason

| | |
|---|---|
| Brynjar Svanbjörnsson | Bára Berg Sævarsdóttir |
| Marteinn Svanbjörnsson | Elín Hólm |
| Tryggvi Svanbjörnsson | |
| Aron Svanbjörnsson | |

**barnabörn, systkini og fjölskyldur.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar A. Evensen**

sem andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi þann 18. apríl sl. verður jarðsunginn frá Blönduóskirkju laugardaginn 26. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Blönduóskirkju eða að leyfa Parkinsons-samtökunum að njóta þess.

Anne Jóhannesdóttir

| | |
|---|---|
| Erla B. Evensen | Guðmundur Haraldsson |
| Þorvaldur I. Evensen | Charlotta Evensen |
| Jóhann K. Evensen | Elísabet Jónsdóttir |

**afabörn og langafabörn.**

# Nettó í Sumarskapi



## Uniflame GBC730W

3 ryðfríir brennarar : 36.000 BTU
1 innfeld gas hliðarhella : 10.000 BTU
Rafstýrður kveikjari
Postulín grillgrind úr pottastáli, tvískipt
Slanga og tengi fyrir gaskút
Álbakki fyrir fitu
Gaskútur fylgir ekki
Afhent ósamsett

UniFlame

**39.990**

## Körfuboltakarfa



### Körfuboltakarfa

52" körfuboltakarfa með standi sem er þyngdur með vatni eða sandi

Hægt er að hækka og lækka körfuna mjög auðveldlega

Stál rammi

Stillanleg frá 150cm til 300cm

132 lítra tankur fyrir vatn eða sand

2 hjól til að flytja á milli staða

Innifalið „Hoop Chute" sem skilar boltanum til þín aftur

Þyngd 47.7 kg

**29.990**

## Úti eldstæði

Eldstæðið er úr steypujárni
Getur staðið úti allt árið
Heildar utanmál Ø76cm
hæð 50cm
Þyngd 13.4 kg

*Brenna má timbri, kolum, grillkolum og verksmiðjuframleiddum arinkubbum í eldstæðinu. Aldrei skal nota fljótandi eldsneyti af neinu tagi. Aðeins má nota utandyra.*



**12.990**

## Mongoose Freestyle hjól

Töff Freestyle hjól
High Ten Team gaffall
U bremsur
360° stýrissnúningur
Freestyle pinnar að framan og aftan
High Ten stell og stýri
Grasshopper dekk 20"



**17.990**



## X Games FlyBox Freestyle pallur

Freestyle pallur fyrir freestyle hjól, línuskauta og hjólabretti
Sterkur pallur sem þolir allt að 90 kg. þyngd
Pallur með tveimur römpum

**16.990**

netto
Mjódd og Akureyr

Opið í dag í Nettó

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GLEÐILEGT SUMAR

## ALLAR VERSLANIR OPNAR Í DAG KL.10-18

## LAMBIÐ BREGST EKKI



50% AFSLÁTTUR

KS lambasvið frosin
**199 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.



998

KS lamba-sirlonsneiðar
**aðeins 998 kr./kg.**



30% AFSLÁTTUR

KF einiberjakryddað lambalæri
**1399kr./kg.** MERKT VERÐ 1999 KR./KG.
Mest selda lambalærið í Bónus.



2498

**KS ferskt lambafillet ókryddað**
**aðeins 2498 kr./kg.**




98

Fanta 2 ltr.
**98 kr./kg.**



498

Nautaat ungnautahamboragar
4 stk m/brauði **498 kr. pakkinn**



998

NF laxabitar beinlausir m/roði
**998 kr./kg.**



477

KF heimilispylsur
**477kr./kg.** MERKT VERÐ 635 KR./KG.




299

KF sveitabjúgu aðeins
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.



Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: SUMARDAGINN FYRSTA 24. APRIL 10.00-18.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# GLEÐILEGT SUMAR

ALLAR VERSLANIR OPNAR Í DAG KL.10-18

## Ali ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT




Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.




Ali fersk svínarif kjötmikil
769kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.




Ali ferskur svínahnakki í sneiðum
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.




Ali ferskur svínabógur
498kr./kg.



198
2 ltr. Pepsi Max
og 150g snakkpoki
198 kr.






Bónus ferskur heill kryddaður kjúlingur
539 kr./kg. MERKT VERÐ 899 KR./KG.




198
Bónus ís 2 ltr. 198 kr.




198
Bónus fetaostur 250g í gleri
198kr./kg.




498
Bónus íspinnakassi
24 stk. 498kr./kg.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: SUMARDAGINN FYRSTA 24. APRIL 10.00-18.00

# Sumar og sól



**Sól, sól, skín á mig ...**
Ef þú setur þau upp, þá kemur hún (kannski).
Og í Tiger finnurðu fullt af flottum sólgeraugum
af öllu tagi. 400 krónur

**TIGER**
**Villidýr á verði**

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri**

**Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is**




## STUÐ MILLI STRÍÐA Betra sjónvarpsefni

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** VILL LÍFGA UPP Á ÚTSENDINGAR FRÁ ALÞINGI



Ég bjó um skeið erlendis þar sem ég hafði það gott með góðu fólki. Á móti mér bjó maður sem vann við það að selja sápuóperur frá Suður-Ameríku. Maðurinn hafði það mjög gott og lifði nánast eins og kóngur. Þessar sápuóperur eru án nokkurs vafa furðulegasta sjónvarpsefni sem finnst á þessari jörð.

Leikurinn er skelfilegur og söguþráðurinn innihaldslítill og leiðinlegur. Þrátt fyrir þetta eru þær mjög vinsælar í vestræna heiminum og hafa nokkrar verið sýndar í sjónvarpi hér á Íslandi. Þessi umræddi sölumaður sýndi mér eitt sinn dæmi um sápuóperu sem hann hafði á sínum snærum. Hún fjallaði um ástir og örlög innan veggja þinghúss í Kólumbíu. Þetta var hin besta skemmtan þar sem fjármálaráðherrann og menntamálaráðherrann áttu í ástarsambandi og dómsmálaráðherrann var öfundsjúkur fyrir allan peninginn. Þetta vakti mig til umhugsunar um hvort ekki væri hægt að lífga upp á útsendingar frá Alþingi Íslendinga. Hægt væri að bæta smá söguþræði við frumvörpin um ástir og örlög þingmanna og ráðherra á Íslandi. Þetta mundi pottþétt vekja mikla lukku og fólk færi loksins að fylgjast með löggjafarvaldinu af einhverju viti. Aðdáendaklúbbar yrðu stofnaðir og ýmis störf myndu skapast í þjóðfélaginu. Dæmi um fléttu væri að forsætisráðherra gæti verið svikarinn sem reynir allt til þess að ná sér niðri á óvinum sínum í stjórnarandstöðunni. Hann yrði með það markmið að hrifsa fjárlögin í sínar hendur. Ekki væri slæmt ef utanríkisráðherra ætti elskhuga í hverju kjördæmi og skapaði það mikla afbrýðisemi af hálfu viðskiptaráðherrans.

Svona væri hægt að spinna spennandi söguþræði inni á Alþingi með það í huga að lyfta upp áhorfinu og um leið gera málefni Alþingis áhugaverðari fyrir fólkið í landinu. Hver myndi ekki vilja sjá fjármálaráðherra vakna úr dái daginn sem hann ætti að tilkynna afkomu ríkissjóðs?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# OPIÐ Í DAG

## SÍÐUSTU DAGAR RÝMINGARSÖLUNNAR

# 40-70%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

GILDIR Í VERSLUNUM OKKAR

Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

OPIÐ: KL. 13-18 Á BÁÐUM STÖÐUM



DÓTABÚÐIN

Leikbær

GLEÐILEGT SUMAR
www.vg.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Djassað í Garðabæ

**Jazzhátíð Garðabæjar hefst í kvöld og stendur í þrjá daga, en þetta er í þriðja skipti sem hátíðin fer fram. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er tónlistarmaðurinn og fyrrverandi bæjarlistamaður Garðabæjar, Sigurður Flosason.**


**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Söngstjarna Garðabæjar kemur fram á djasshátíð í kvöld.

„Það er afar rökrétt að bærinn standi fyrir djasstónlistarhátíð þar sem furðumargir þjóðþekktir djassarar hafa sterka tengingu við bæinn. Þeirra á meðal eru til að mynda systkinin Ragnheiður og Haukur Gröndal, sem bæði eru uppalin hér, sömuleiðis bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir. Einnig hafa Hilmar Jensson og Matthías Hemstock verið búsettir hér og svo mætti lengi telja. Hátíðin tekur nokkuð tillit til þessa og því er hlutfall Garðbæinga hátt á meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram á henni, en þó hleypum við íbúum annarra bæjarfélaga líka að,“ útskýrir Sigurður og hlær.

Að vanda hefst hátíðin með stórtónleikum kl. 20 að kvöldi sumardagsins fyrsta. Að þessu sinni verður það söngstjarna bæjarins, Ragnheiður Gröndal, sem kemur fram í sal Fjölbrautaskólans í Garðabæ með tveimur ólíkum hljómsveitum, Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar, Tríói Sigurðar Flosasonar og svo gítarleikaranum Guðmundi Péturssyni. Á meðal annarra atriða á hátíðinni eru Haukur Gröndal og Nardona Musika, Tríó Sunnu Gunnlaugs og hljómsveitin BonSom. „Dagskráin í ár er sérstaklega metnaðarfull og spennandi,“ segir Sigurður. „Ungt fólk og eldri flytjendur leiða saman hesta sína svo úr verður fjölbreytt flóra tónlistar sem þó má fella undir hatt djassins. Það er óhætt að segja að flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á hátíðinni.“ Dagskrá hátíðarinnar má kynna sér nánar á heimasíðu Garðabæjar, www.gardabaer.is.

Vert er að geta þess að frítt er inn á alla tónleika hátíðarinnar í boði menningar- og safnanefndar Garðabæjar og Menningarsjóðs Glitnis. Til að tryggja sér sæti er tónlistarunnendum þó bent á að sækja sér miða fyrirfram í útibúi Glitnis að Garðatorgi 7, en einnig verður hægt að fá miða á tónleikastað.

vigdis@frettabladid.is

# Hlaupanótan í Hafnarhúsi


**ATLI HEIMIR SVEINSSON** Eitt tónskáldanna sem heiðrað er á tónleikum Hlaupanótunnar í dag.

Útvarpsþátturinn framtakssami Hlaupanótan, sem sendur er út á Rás 1, stendur fyrir tónleikum í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í dag kl. 16.08. Frumflutt verða fimm rafverk sem öll eru byggð á tónsmíðum tónskálda sem eiga stórafmæli á árinu.

Flutt verða verk eftir Hildi Ingveldardóttur Guðnadóttur, Guðmund Vigni Karlsson, Gunnar Andreas Kristinsson, Ríkharð H. Friðriksson og Þuríði Jónsdóttur sem byggja á verkum afmælistónskáldanna Atla Heimis Sveinssonar, Þorkels Sigurbjörnssonar, Jóns Ásgeirssonar, Páls P. Pálssonar og Jórunnar Viðar. Aðgangur að þessum spennandi tónleikum er ókeypis og öllum heimill, en þeim sem ekki eiga heimangengt sal bent á að tónleikarnir verða jafnframt sendir út beint á Rás 1.

- vþ

# Þjóðlög yfir í spuna


**AGNAR MÁR MAGNÚSSON** Leikur tónlist af plötu sinni Láð á Domo í kvöld.

Djasspíanistinn Agnar Már Magnússon kemur í kvöld fram ásamt hljómsveit á tónleikum á Domo, Þingholtsstræti 5, kl. 21. Agnar og félagar leika tónlist af plötunni Láð sem kom út síðastliðið haust. „Tónlistin er eftir mig, en hún byggir á íslenskum þjóðlögum og rímnastefjum, mismikið þó. Sum laganna halda sig nokkuð nálægt þjóðlögunum, en önnur detta út í meiri djassspuna,“ útskýrir Agnar.

Láð var lofi hlaðin þegar hún kom út og heillaði tónlistargagnrýnendur upp úr skónum. Eitt laganna af plötunni fékk Íslensku tónlistarverðlaunin sem besta djasstónsmíð seinasta árs. „Það var óneitanlega gaman að fá verðlaunin og gott að finna aukinn áhuga á plötunni í kjölfarið,“ segir Agnar. „Annars er ég ekki viss um að svona verðlaun skipti í raun miklu máli fyrir söluna, enda seljast djassplötur sjaldnast í bílförmum, ekki einu sinni þær sem ganga best. En, jú, það var skemmtilegt að fá þessa viðurkenningu.“

Á tónleikunum í Iðnó verða meðleikarar Agnars þeir Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur, auk blásarasveitar sem skipuð er Martial Nardeau á alt flautu, Emil Friðfinnssyni á franskt horn, Rúnari Óskarssyni á bassaklarinett og Rúnari Vilbergssyni á fagott.

- vþ

Vonin og lífið
Fræðslufundur í Safnaðarheimili Háteigskirkju
í kvöld 24. apríl kl. 20.
Fyrirlesari Árelía Eydís Guðmundsdóttir. Allir velkomir.



NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið um helgina
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri.
Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Sá ljóti e. Marius von Mayenburg
sýn. fim. 24/4 uppselt, fös. 25/4 uppselt
Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
sýn. fim 24/4, fös. 25/4 örfá sæti laus
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. lau. 26/4 sýningum að ljúka
Sólarferð e.Guðmund Steinsson
Tvær sýningar lau. 26/4 örfá sæti laus
sýn. sun. 27/4 örfá sæti laus
Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sýn. sun. 27/4 uppselt
Athugið aukasýning 4. maí!

Salurinn
LAUGARDAGUR 26. APRÍL KL. 20
PÍANÓTÓNLEIKAR – TÓNÓ RVÍK
HALLA ODDNÝ MAGNÚSDÓTTIR
AÐGANGUR ÓKEYPIS!
SUNNUDAGUR 27. APRÍL KL. 16
FIÐLUTÓNLEIKAR - LHÍ
BJÖRK ÓSKARSDÓTTIR
AÐGANGUR ÓKEYPIS!
ÞRIÐJUDAGUR 29. APRÍL KL. 20
TÍBRÁ: SEMBALTÓNLEIKAR
JORY VINIKOUR LEIKUR
GOLDBERGTILBRIGÐI BACHS.
VERÐ 2000/1600 KR.
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

LISTMUNAUPPBOÐ
verður haldið sunnudagskvöldið 27. apríl,
kl. 19 á Hótel Sögu, Súlnasal
Á uppboðinu verður að venju gott úrval verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.
Boðin verða upp um það bil 130 listaverk.
Öll verkin eru sýnd í Gallerí Fold við Rauðarárstíg
Sumardaginn fyrsta 13–17,
föstudag 10–18, laugardag 11–17 og sunnudag 12–17.
Hægt er að skoða uppboðsskrána
með myndum á vefslóðinni myndlist.is.
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is



Þorvaldur Skúlason



Nína Tryggvadóttir
Gleðilegt sumar

# Rugl verð á skóm

TOPPSKÓR Á BOTNVERÐI

TROÐFULL BÚÐ AF SKÓM

SKÓR Á BOTNVERÐI

## Gleðilegt sumar
## Lámark 40% afsláttur af öllum skóm

### Opið frá 11-16 í dag
**Við lækkum á meðan aðrir hækka!**

| SPR28810770 | BAS2750JVEL | PRI4822500 | PRI4820400 | SPR27814251 |
|---|---|---|---|---|
| Stærðir 24-32 | Stærðir 23-31 | Stærðir 24-34 | Stærðir 24-34 | Stærðir 28-39 |
| Verð áður: 2.995 kr.- | Verð áður: 5.995 kr.- | Verð áður: 5.995 kr.- | Verð áður: 4.995 kr.- | Verð áður: 3.495 kr.- |
| Verð nú: 1.495 kr.- | Verð nú: 2.995 kr.- | Verð nú: 2.995 kr.- | Verð nú: 2.495 kr.- | Verð nú: 1.995 kr.- |
| | | Leður | Leður | |



## 50% afsláttur af
ecco gólfskóm margir litir og týpur
Módel frá 2007

ecco



Herra og Dömu stærðir

**Toppskórinn Outlet**
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16

ara SHOES · ecco · LLOYD · VAGABOND


Á MO
KL 10:00 HEFST ÚTSALA ÁRSIN



ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
OPIÐ ALLA HELGINA
0% VEXTIR
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Á ÖLLUM TÖLVUM
FYRSTA GREIÐSLA 1 ÁGÚST VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
FRÍTT HEIM AÐ DYRUM* HVERT Á LAND SEM ER
OPIÐ ALLA HELGINA
FÖSTUDAG 10:00 - 19:00
LAUGARDAG 10:00 - 18:00
SUNNUDAG 13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
RGUN
IS Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM

## > GÖTUKÓNGAR Í BÍÓ



Kvikmyndin Street Kings verður frumsýnd í Reykjavík um helgina. Myndin skartar þeim Keanu Reeves og Forest Whitaker í aðalhlutverkum en hún þykir þvottekta löggumynd frá Los Angeles.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Ang Lee úr erótík á Woodstock

Síðasta kvikmynd Ang Lee var erótísk njósnamynd úr seinni heimsstyrjöldinni. Þar áður hafði hann gert samkynhneigðu smölunum góð skil í Brokeback Mountain eftir að hafa fært græna skrímslið Hulk í kvikmyndabúning þar áður. Og því kemur það engum á óvart að næsta kvikmynd leikstjórans skuli ekki vera í neinum tengslum við neinar kvikmyndir sem hann hefur áður gert því hún er um hippahátíðina frægu, Woodstock. Og er gamanmynd, nema hvað. Þetta kemur fram á kvikmyndavef Empire.

Myndin er byggð á sögu Elliots Tiber, mannsins sem þótti Woodstock-svæðið henta vel undir tónleikahald. Tiber sá einnig um að öll nauðsynleg leyfi væru fyrir hendi en eins og flestum ætti að vera kunnugt safnaðist stór hluti bandarísku hippakynslóðarinnar saman á túninu við bæinn Bethel árið 1969 og hlustaði á margar af fremstu stjörnum tónlistarheimsins leika listir sínar undir friðarsólinni. Myndin mun þó að mestu einblína á líf Tibers sem vann á gistihúsi foreldra sinna þar til hann breytti, nánast uppá sitt eigið einsdæmi, ímynd heillar kynslóðar.

Lee mun þó hafa haft annað verkefni í bígerð, A Little Game, en henni hefur verið slegið á frest. Sú fjallaði um par sem telur öllum trútt um að þau séu hætt saman og fá í kjölfarið að heyra hversu ömurlegt ástarlíf þeirra hafi verið frá sínum nánustu.



**ÓLÍKINDATÓL** Lee hefur sannað það á ferli sínum að aðdáendur hans vita aldrei hvað hann tekur sér fyrir hendur næst.

# Fjórða Tortímandanum eytt tímabundið

Samkvæmt bloggsíðunni Ugo.com hefur fjórðu myndinni um Tortímandann verið ýtt út af borðinu. Ekki liggur fyrir hvort þráðurinn verður tekinn upp aftur eða ekki en ljóst þykir að eitthvað mikið hefur gengið á við undirbúning myndarinnar. Erlendar vefsíður hafa tekið málið upp á sína arma en komist lítið áleiðis við að grafa upp hvort hreinlega hafi verið hætt við gerð myndarinnar. Ugo.com hefur eftir einum starfsmanni kvikmyndarinnar að hann hafi nægan tíma um þessar mundir þar sem framleiðslunni hafi verið hætt.

Miklar vonir voru bundnar við fjórðu myndina eftir að sú þriðja þótti fremur misheppnuð og vond. Leðurblökumaðurinn Christian Bale hafði verið ráðinn í hlutverk John Connor og Josh Brolin sem nýr Tortímandi. Jafnvel stóð til að Paul Haggis myndi sjá um að slípa handritið til en aðdáendur þessarar heimsendasyrpu verða að bíða frekari fregna af málinu.



**BÚIÐ SPIL** Fjórða myndin um Tortímandann verður hugsanlega aldrei gerð.




# Eastwood stjarnan í Cannes

**Á ári hverju fyllist franska rivíeran af kvikmyndastjörnum, blaðamönnum og forvitnum ferðamönnum þegar Cannes-kvikmyndahátíðin hefst. Óvenju fáar stórstjörnur keppa um Gullpálmann þetta árið.**

Hinar sólríku frönsku strendur við Miðjarðarhafið hafa heillað kvikmyndagerðarmenn síðastliðna sex áratugi. Og varla skemmir það fyrir að geta notið alls þess besta í alþjóðlegri kvikmyndagerð á meðan sopið er á fínu frönsku kampavíni undir sólhlíf. En það er ekki bara hitinn og hvítir sandar sem fá stjörnurnar til að flykkjast til Frakklands því Gullpálminn góðkunni er jafn eftirsóknarverður og Óskar frændi.



**MANNRÁNSDRAMA** Clint Eastwood frumsýnir mannránsdramað Changeling á Cannes og vonast eflaust til þess að heilla dómefndina frægu upp úr skónum.

**Eastwood í flottum hópi**

Clint Eastwood er stærsta nafnið í keppninni um Gullpálmann sem nítján leikstjórar reyna að klófesta. Kvikmynd Eastwoods, Changeling, gerist 1920 og segir sögu ungrar konu sem leitar sonar síns eftir að honum er rænt. Þegar hann snýr aftur heima renna á konuna tvær grímur og hana grunar að sá snáði sé alls ekki hennar. Líkt og í öðrum kvikmyndum Eastwoods er engin hörgull á stórleikurum en meðal aðalleikara eru Angelina Jolie, John Malkovich og Amy Ryan.

Þrátt fyrir að nafn Eastwoods sé bæði stórt og fyrirferðarmikið er slíkt engin ávísun á velgengni hjá áhorfendum í Cannes. Þeir eru ósparir á lof en hika ekkert við að láta í ljós óánægju sína ef þeim mislíkar eitthvað, með tilheyrandi bauli og öðru látbragði. Hann ætti þó að eiga hauk í horni hjá formanni dómnefndarinnar sem er Sean Penn en þeir gerðu saman Óskarsverðlaunamyndina Mystic River.

Eastwood fær þó verðuga samkeppni. Þýski sérvitringurinn Wim Wenders gæti velt spagettivestrahetjunni úr sessi með The Palermo Shooting en þar fer rokkdrottningin Patti Smith með lítið hlutverk við hlið Dennis Hopper og Milu Jovovich. Bandaríski leikstjórinn Steven Soderbergh gerir Che Guevara skil í stórmynd sinni The Argentine en þar verður Benicio Del Toro í hlutverki byltingarhetjunnar. Meðal annarra leikstjóra sem ætla sér að hljóta náð fyrir augum dómefndarinnar má nefna Walter Salles en hann sló eimmitt í gegn með Mótorhjóladagbókunum, en þær fjölluðu einnig um Che Guevara.



**HOLLYWOOD-LAUS** Woody Allen vill sem minnst af Hollywood vita og nýjasta mynd hans skartar þannig spænskum leikurum upp til hópa.

**Barcelona-Allen**

Skipuleggjendur Cannes kynntu þennan fríða hóp á blaðamannafundi í París í gær og var eftir því tekið að fá stór nöfn ætluðu að blanda sér í baráttuna um Gullpálmann. Fransmennirnir voru hins vegar ekki lengi að svara slíkum vangaveltum og útskýrðu skýrt og skilmerkilega að hollvinir hátíðarinnar væru önnum kafnir við sín störf.

Gestir Cannes ættu þó ekki að kvíða fyrir stjörnuleysinu því meðal kvikmynda sem sýndar verða utan keppni er nýjasta Indiana Jones-myndin. Fastlega má gera ráð fyrir því að augu alheimsins beinist að viðbrögðum áhorfenda við fjórðu myndinni um fornleifafræðinginn sem spekingar spá að gæti orðið einn stærsti smellur 21. aldarinnar.

Þeir sem vilja kynna sér hugarheim Quentins Tarantino ættu að fara að hlakka til því leikstjórinn verður með svokallað masterclass-námskeið meðan á hátíðinni stendur. Aðdáendur Woody Allen fá líka sitthvað fyrir sinn snúð því kvikmynd hans, Vicky Christina Barcelona, verður frumsýnd á hátíðinni. Allen, sem fyrir löngu gafst upp á Hollywood, fékk spænsku Óskarsverðlaunahafana Penelope Cruz og Javier Bardem til að leika aðalhlutverkin þótt Scarlett Johansson sé auðvitað ekki langt undan á kreditlistanum.

-fgg

# Lee gerir tíu nýjar ofurhetjur

Myndasögukóngurinn Stan Lee er síður en svo dauður úr öllum æðum. Hann hefur samið við Virgin Comics um að hanna og teikna tíu nýjar ofurhetjur. Það hefur þá væntanlega í för með sér að minnsta kosti tíu ný illmenni. Ofurhetjurnar byrja að birtast árið 2009 en auk myndasögublaða er gert ráð fyrir því í samningnum að stutt teiknimyndabrot verði sýnd á netinu. Lee er í fríðum flokki stórstjarna sem samið hafa við fyrirtækið að undanförnu því innan vébanda Virgin Comics eru leikararnir Nicholas Cage og Hugh Jackman og ´80 hetjurnar í Duran Duran. Stan Lee er hálfgerð goðsögn í myndasöguheiminum en hann skapaði hetjur á borð við Köngulóarmanninn og X-Men sem hafa þar að auki malað gull í Hollywood. Þá eru hetjur Lee áberandi í stórmynda-sumrinu því græni risinn Hulk í meðförum Edwards Norton verður frumsýnd auk Iron Man með Robert Downey Jr. í broddi fylkingar.



**MEISTARI** Stan Lee er meistari myndasöguhetjanna og ætlar að skapa tíu nýjar hetjur fyrir Virgin Comics.

# Þín varkárni – allra öryggi !

## Sumardagurinn fyrsti 24. apríl

TRÚBOÐAR

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| Kl.12.30 | Mæting á Shell, Vesturlandsvegi. |
| Kl.13.00 | Lagt af stað, stundvíslega! |
| Kl.14.00 | Áætlaður komutími í Ferstiklu, háltíma stopp. |
| Kl.14.30 | Laggt af stað frá Ferstiklu. |
| Kl.15.00 | Komið í Mörkina á Akranesi, hvíld og veitingar. Sértilboð til Snigla á Shell Akranesi. |

***Formlegri dagskrá Snigla lokið en hópkeyrsla Trúboða tekur við og hefst við planið norðan við Hvalfjarðargöng.***

| | |
|---|---|
| Kl.16.00 | Mótorhjólalögreglan leiðir hópkeyrslu, Slysavarnarfélagið Ársæll og sjúkrabílar á eftir og þyrla Gæslunnar fyrir ofan |
| Kl.16.15 | Hægt verður að koma inn í hópkeyrsluna við KFC í Mosfellsbæ. |
| Kl.16.30 | Hjólin, lögreglu-, sjúkra- og björgunarbílar fylla planið við Hátún 2; tækifæri til að skoða og Slysavarnafélgið Ársæll munu sjá um hlaðið borð kræsinga. |
| Kl.17.30 | **Mótorhjólatónleikar.** KK, Lögreglukórinn, Umferðarstofa, Páll Rósinkranz, Edgar Smári, Gospelkór Fíladelfíu, Pétur Hrafnsson, lokaorð sr. Gunnar sterki. |

ERNIR · Bifhjólaklúbbur Suðurnesja

GRINDJÁNAR · Bifhjólaklúbbur

Hrafnar mc. Ísland

DÚLLARAR 2004

Christian Motorcyclists Association · Riding for the Son

Vélhjólafélag Gamlingja

Sturlungar MC Ísland

Sober Riders MC

Gaflarar MC 2006 Ísland

SKUGGAR

**Öruggari umferð – öruggari heimkoma**

Vátryggingafélag Íslands

HVÍTASUNNUKIRKJAN FÍLADELFÍA

vörður tryggingar hf.

Grafíska vinnustofan 08

**Kartöflusalat...**

*...stendur alltaf fyrir sínu. Þú þarft ekki að fara á majónes-fyllerí til að uppskera gott kartöflusalat, því þau eru til í aragrúa af mismunandi útfærslum. Sýrður rjómi eða sinnepsdressing eru á meðal þess sem getur komið í stað majónesdollunnar.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ÁRNI PÉTUR GUÐJÓNSSON LEIKARI

## *Besta máltíðin hjá ömmu Gaels García*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Það eru ávextir og skyr. Ég er nútímamaður með blandara.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Það var bara um daginn, þegar mér og leikhópnum úr Kommúnunni var boðið í mat heim til ömmu Gael García í Mexíkó. Það var kjúklingur í chili-súkkulaðisósu sem amman gerði, þessi sextán barna móðir. Það er allt önnur upplifun að fara svona í heimahús en að borða mexíkóskan mat á veitingastað, þá fyrst fattar maður hvað þessi matur er góður.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég er ekki undir sama þaki og svið. Fjölskyldan mín lætur mig alltaf vita ef svið eru á boðstólum, þá kem ég eftir mat.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Gufusuðupotturinn minn, tvöfaldur pottur sem maður getur gufusoðið í grænmeti og fisk. Hitt leyndarmálið er að eiga rautt chili-mauk og kókosmjólk, þá er maður kominn langt á veg.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Eitthvað gott grænmetisfæði. Svo dett ég oft í ísskápinn á nóttunni. Ég er með mjög heilbrigðar matarvenjur í björtu, en þegar enginn sér til ligg ég í osti og brauði. Sambýlisfólk mitt er svo ómerkilegt að það kaupir brauð öðru hvoru. Og súkkulaðisojamjólk. Það er dásamlegt gervibragð af henni.



**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Ég á alltaf skyr, grænmeti og ávexti. Svo setur pakkið, sambýlisfólkið, öðru hvoru osta og brauð inn í ísskáp.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég tæki með mér hrísgrjón og mikið af háfjallasamlokum, úr grófu brauði með hnetusmjöri og bláberjasultu.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Maurar sem ég fékk í Mexíkó. Okkur var ekki sagt að þetta væru maurar fyrr en eftir á, en þeir voru bara ógeðslega góðir.

# Ferskt tabbouleh

Tabbouleh-salat á rætur sínar að rekja til Líbanons en er borið á borð víða í Austurlöndum nær. Þar sem kryddjurtir og sítrónusafi ljá því léttan blæ er tabbouleh tilvalið þegar léttur kvöldverður eða hádegisverður er efst á óskalista. Það er oftast borið fram með salatblöðum, en það er þó ekkert sem kemur í veg fyrir að seilst sé í brauðkörfuna.

Þessa uppskrift að tabbouleh er að finna á uppskriftavefnum epicurious.com.

½ bolli búlgúrhveiti
3 msk. ólívuolía
1 bolli sjóðandi vatn
2 bollar fínt söxuð fersk flatblaðssteinselja
½ bolli fínt söxuð fersk mynta
2 tómatar, skornir í litla bita
½ steinalaus gúrka, skorin í litla bita
3 msk. sítrónusafi
¼ tsk. salt
¼ tsk. svartur pipar

Afhýðið gúrkuna, fjarlægið kjarnann og skerið í litla bita.



**KEIMUR AF AUSTURLÖNDUM** Tabbouleh-salat er ættað frá Líbanon, en er vinsælt víða í Austurlöndum nær. NORDICPHOTOS/GETTY

Hrærið saman búlgúrhveiti og 1 msk. af olíu í hitaþolinni skál. Hellið sjóðandi vatni yfir og strengið plastfilmu yfir skálina svo ekkert loft komist að. Látið standa í 15 mínútur, sigtið búlgúrhveitið frá vatninu og reynið að pressa sem mestan aukavökva úr hveitinu.

Setjið búlgúrhveitið í aðra skál og blandið öllu saman við, ásamt 2 msk. af olíu, þar til allt hefur blandast vel. Berið fram.

# Rétt randalína

Þau leiðu mistök urðu hér á matarsíðunni fyrir viku að uppskrift Sigrúnar Baldursdóttur að brúnni randalínu reyndist röng. Þar stóð að til baksturins þyrfti 50 g af hveiti, en þar átti að standa 500 g, eins og bakstursvanir lesendur hafa eflaust margir áttað sig á. Uppskriftin birtist hér í sinni réttu mynd.

**Brún randalína**
250 g smjörlíki
325 g sykur
500 g hveiti
2 egg
3 msk. kakó
1 tsk. matarsódi
2 tsk. negull
1 tsk. kanill
½ tsk. kardimommudropar
2 dl mjólk

**Krem:**
2 msk smjör/smjörlíki
2 bollar flórsykur
1 eggjarauða
2 msk. rjómi
Vanilludropar eftir smekk

Hrærið smjörlíki þar til lint og ljóst. Setjið sykur og egg saman við og hrærið.
Bætið hveiti, matarsóda, kryddi og kakói út í og hrærið saman. Bætið mjólk út í og hrærið þar til deigið verður lint.
Smyrjið deiginu í fjórum hlutum á bökunarplötu, svo hver lengja verði um 0,5 cm á þykkt. Bakið við 200 gráður í 20 mín.
Hrærið innihaldi kremsins saman.
Raðið kökunni saman og smyrjið kremlagi á milli lengja, svo samtals verði þrjú lög.








**DAHL Í UPPÁHALDI** Hildur Ársælsdóttir segir sína útgáfu af dahli, grænmetisrétti með rauðum linsum, uppáhaldshversdagsmatinn á heimili hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hversdagsmatur Hildar

**Hildur Ársælsdóttir, ein liðskona hljómsveitarinnar Amiinu, hefur verið grænmetisæta frá unga aldri. Dahlið sem hún gefur uppskrift að er uppáhaldshversdagsmaturinn hennar.**

„Ég er uppalin grænmetisæta og þekki varla annað. Ég reyndi aðeins að borða kjöt upp úr unglingsárum, vegna einhvers hræðsluáróðurs, en það átti bara ekki við mig,“ segir hún. Dahlið sem hún gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að er í uppáhaldi hjá Hildi, en rétturinn er upphaflega ættaður frá Indlandi.

„Þessi útgáfa er nú ekkert sérstaklega indversk. Þeir nota indverskt smjör í réttinn og miklu meiri fitu. Þetta er svona heimatilbúin útgáfa,“ útskýrir Hildur.

Hún segir réttinn afar einfaldan, enda er hann uppáhaldshversdagsrétturinn á heimili Hildar. „Það er svo gott að grípa í hann þegar það er mikið að gera og maður hefur ekki tíma til að setja of mikið púður í eldamennskuna. Maður hendir öllu í pott og bíður bara,“ segir hún. Hildur notar oftast vatn við gerð réttarins, en hún segir gott að skipta á hluta þess og setja kókosmjólk eða sojamjólk ef fólk vill hafa hann rjómakenndari. „Ég geri það þegar ég er í hátíðaskapi,“ segir hún og brosir.

Eldamennska er annars eitt af áhugamálum Hildar. „Ég hef mjög gaman af því að stússast í eldhúsinu. Ef ég nenni að vera með vesen finnst mér rosalega gaman að búa til góð grænmetisbuff, það er svona klassík á heimilinu. Svo geri ég líka mikið af matarmiklum salötum,“ segir hún.

Hildur hefur í nógu að snúast með Amiinu þessa dagana, en hljómsveitin vinnur nú hörðum höndum að því að undirbúa tvenna tónleika á Listahátíð 15. og 16. maí. „Þetta er samstarf á milli okkar og Kippa kanínus, sem er raftónlistarmaður, og svo erum við búin að fá tíu aðra tónlistarmenn í lið við okkur. Þetta verður svaka partí,“ segir Hildur.

Hildur mælir með grænmetiskrafti sem er laus við msg, til dæmis frá Himneskri hollustu.

**SÚPER EINFALT DAHL**
**Fyrir 3-4**
500 g rauðar split-linsur
1 lítri vatn
3-4 msk. grænmetiskraftur
1 msk. curry paste
2 msk. tómatpúrré
1 kanilstöng (má sleppa)
1 msk. sítrónusafi
**Ofan á:**
1 msk. kaldpressuð kókosolía
4 laukar, skornir í strimla
6 hvítlauksrif, fínt söxuð
ferskur kóríander
4 döðlur, í bitum

Byrjið á að steikja lauk og hvítlauk upp úr kókosolíunni. Látið malla vel og lengi á pönnunni þar til laukurinn er orðinn gullinbrúnn og sætur. Á meðan hann mallar er gott að setja dahlið af stað.

Setjið linsur, vökva, grænmetiskraft, karrí, tómatpúrru og kanilstöng í pott. Látið suðu koma upp og sjóðið í um 15 mínútur. Hrærið þá sítrónusafa út í.

Setjið dahlið á diska og steiktan laukinn, fullt af ferskum kóríander og döðlubita ofan á. Berið fram með góðu salati eða ofnbökuðu rótargrænmeti.

sunna@frettabladid.is

# High Tea á upp á pallborðið

Veitingastaðurinn Vox á Hilton Reykjavík Nordica hefur síðustu vikur boðið upp á svokallað „High Tea“. Um er að ræða aldagamlan evrópskan sið sem hefur upp á síðkastið gengið í endurnýjun lífdaga, og þá helst í Englandi, þar sem fólk hittist yfir tebolla og hefðbundnum léttum veitingum.

„Þetta hefur eiginlega gengið framar vonum,“ segir Björk Óskarsdóttir, Chef Garde Manger á Vox, sem sér um veitingarnar. „Þetta virðist vera skemmtileg nýjung inn í það flæði sem við höfum fyrir. Það hefur verið mikið um að hópar hittist hérna í High Tea, og jafnvel verið haldin afmæli hjá okkur,“ segir hún.

Boðið er upp á úrval af tei, og ýmiss konar veitingar. „Við erum með þessar hefðbundnu litlu samlokur; agúrkusamlokur með reyktum laxi, parmaskinku- og pestó eða salamisamloku með eggjasalati. Í þessu sæta blöndum við svo saman okkar séríslensku sætindum og þeim hefðbundnu,“ útskýrir Björk. Einnig er hægt að fá High Tea, eða síðdegiste, með barnvænum veitingum, svo sem litlum pitsum, og hollari veitingar fyrir þá sem vilja minni sykur. Herlegheitin eru borin fram á tveggja og þriggja hæða bökkum, á hefðbundinn hátt.

Björk segist þó í raun ekki hissa á því að siðurinn eigi upp á pallborðið hér á landi. „Við erum svo nýjungagjörn, og líka orðin svo alþjóðleg. Það eru margir sem hafa prófað þetta erlendis. Ég átti líka alveg eins von á því að fólk myndi verða hrifið af þessu, alveg eins og brönsinn varð vinsæll,“ bætir hún við.

Hægt er að fá High Tea á Vox alla daga vikunnar á milli 14 og 18.

- sun



**SÍÐDEGISTE SLÆR Í GEGN** Björk Óskarsdóttir segir viðtökurnar við svokölluðu High Tea, eða síðdegistei, á Vox hafa verið framar vonum.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Sumar í Bónus!

**Sveitabjúgu, kofareykt**
frá Kjarnafæði.
**299** kr./kg.
Merkt verð 399 kr./kg.

**BBQ svínarif**
frá Kjarnafæði.
**479** kr./kg.
Merkt verð 798 kr./kg.

**Piparsteik, beinlaus**
frá Kjarnafæði.
**1.298** kr./kg.
Merkt verð 1.442 kr./kg.

**Heimilispylsur**
frá Kjarnafæði.
**476** kr./kg.
Merkt verð 635 kr./kg.




# Einiberjakryddað lúxus lambalæri
## frá Kjarnafæði
**1.398** kr./kg.
Merkt verð 1.998 kr./kg




alít & sumt

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00



Fánar, 3 metrar
2.190,-
Sumarkjóll 3 mán.-4.ára.
frá 3.790,-
Gleðilegt sumar!
· Allir krakkar sem heimsækja okkur í dag fá sumarglaðning!
· Andlitsmálun
· Opið í dag 13:00 -18:00
next
Sumarbæklingur Next er væntanlegur
Kringlunni · 551 3200

# Fólk

folk@frettabladid.is

> GIFTUR

Það lítur allt út fyrir að Beyoncé og Jay-Z hafi í raun gengið í hjónaband 4. apríl síðastliðinn, því skjöl sem lögð voru fram í New York-ríki á föstudag staðfesta það. Mikil leynd hvíldi yfir hjónavígslunni, eins og reyndar yfir öllu sambandi söngfuglanna sem leggja ofuráherslu á að halda því út af fyrir sig.



# Svíar stíga maltneskan vodkadans

Svíar koma víða við í Eurovision í ár eins og oft áður því vinsælt hefur verið hjá ýmsum þjóðum að kalla til sænska popphjálp þegar mikið liggur við. Fyrir utan að semja sænska lagið voru fjórir Svíar fengnir til að berja saman sjóræningjastuðlagið fyrir Letta. Möltumenn hafa nú ýtt á rauða popptakkann til Svíþjóðar og fjórir sænskir karldansarar munu stíga dans við lagið Vodka sem er fulltrúi Möltu í ár. Thomas Benstem fer fyrir hópnum og semur dansinn.

Hið kraftmikla Vodkalag er sungið af Morenu, 23 ára. Hún er á blússandi uppleið heima fyrir og gjarnan kölluð „eldfjall Miðjarðahafsins“. Að syngja um hinn vinsæla drykk gæti orðið sniðugt bragð hjá Möltumönnum og ekki skemmir fyrir að lagið er grípandi og gífurlega hresst.

Möltumenn eiga það sameiginlegt með okkur að vera lítil eyþjóð. Þeir eru þó aðeins fjölmennari, rúmlega 400.000 talsins. Þeir eiga líka svipaða Eurovision-sögu. Tóku reyndar fyrst þátt árið 1971 en hafa bara tekið þátt tuttugu sinnum í allt. Malta hefur aldrei unnið en tvisvar lent í öðru sæti og tvisvar í því þriðja. Vodka verður flutt í seinni milliriðla-þættinum svo við eigum kost á að kjósa Morenu áfram. Hún yrði eflaust þakklát enda hafa Möltumenn setið eftir í milliriðli síðastliðin tvö ár.



**MALTA BÍÐUR UPP Á VODKA** Morena syngur en Svíar dansa.

EUROVISION

**29 DAGAR TIL STEFNU**




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# ZikZak splæsir smókinginn

**Kvikmyndagerðarmaðurinn Rúnar Rúnarsson keppir um aðalverðlaunin í flokki stuttmynda á Cannes-hátíðinni.**

„Ég sagði við þau hjá ZikZak þegar við vorum að gera myndina að þau yrðu að splæsa í smóking þegar við færum til Cannes. Þau samþykktu það strax og nú er komið að ögurstund; þegar ég fer og vel Armani-smókinginn,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Rúnar Rúnarsson.

Ekkert lát er á velgengni Rúnars því nýjasta stuttmynd hans, Smáfuglar eða 2Birds, keppir um aðalverðlaunin á Cannes-kvikmyndahátíðinni sem fram fer um miðjan maí. Rúnar viðurkennir að hann hafi ekki átt fínu fötin sem hann klæddist þegar hann fór á Óskarinn með Síðasta bæinn en hann ætli sér ekki að gera sömu mistökin tvisvar. Þetta er aðeins í annað sinn sem íslenskri kvikmynd hlotnast þessi heiður en árið 1993 keppti stuttmynd Ingu Lísu Middleton, Ævintýri í okkar landi, um þessa sömu verðlaun.



**MIKILL HEIÐUR** Rúnari Rúnarssyni hefur á örskömmum tíma tekist að vera tilefndur til Óskars- og Cannesverðlauna.

Í fréttatilkynningu frá kvikmyndafyrirtækinu ZikZak kemur fram að myndin sé hrá, sjokkerandi og jafnvel grimmileg og að hún eigi eftir vekja umtal. Rúnar kemur sér hjá því að svara spurningunum tengdum þessum sterku lýsingarorðum eins og sannur stjórnmálamaður, segir þetta ekki vera sín orð og forðast að ljóstra nokkru upp. Myndin var að öllu leyti tekin upp á gamla varnarsvæðinu í Reykjanesbæ, skömmu eftir að varnarliðið hafði yfirgefið land og þjóð og Rúnar segir það vissulega hafa verið kost að hafa heilt bæjarfélag út fyrir sig. „Þetta var óneitanlega eins og að vera í draugabæ.“

Rúnar á nú ár eftir í námi við konunglega kvikmyndaháskólann í Kaupmannahöfn og leikstjórinn segist vera með í smíðum tvær kvikmyndir í fullri lengd sem verði farið af stað með eftir útskrift. „Smáfuglar er hins vegar önnur myndin í þríleik og ég ætla mér að klára hann áður en ég dembi mér út í löngu myndirnar,“ segir Rúnar.

freyrgigja@frettabladid.is

# Með nýjan útvarpsþátt

Henry Birgir Gunnarsson, íþróttafréttamaður á Fréttablaðinu, byrjar með nýjan útvarpsþátt á X-inu 977 föstudaginn 2. maí. Verður hann á dagskrá alla virka daga milli 12 og 13.



**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**

„Ég er gríðarlega spenntur. Það verður mjög skemmtilegt að takast á við þetta verkefni. Markmiðið er skýrt, að búa til besta íþróttaþátt í sögu íslenskrar útvarpssögu,“ segir Henry. „Þetta verður alvöruþáttur með alvöruumræðum. Þar fyrir utan mun ég fá til mín menn með sterkar skoðanir sem þora að tjá þær. Þetta verður lifandi og kraftmikill þáttur.“

Enn á eftir að ákveða nafn þáttarins og auglýsir Henry eftir tillögum á bloggsíðu sinni www.blogg.visir.is/henry.

GLEÐILEGT SUMAR!
LITRÍKAR OG SUMARLEGAR VÖRUR







Stubbasmiðjan er ný og spennandi verslun sem sérhæfir sig í húsgögnum og alhliða lausnum fyrir hressa stubba.
Fjölbreytt úrval af fallegum sumargjöfum!
Komdu og upplifðu ævintýri innandyra í Holtagörðum!
Höfum opið í dag, sumardaginn fyrsta, frá kl. 12–18


WWW.E-LABEL.IS
FÆST BARA Á NETINU

# Borgari á 12 þúsund

Burger King hyggst setja á markað dýrasta skyndibita í heimi í næsta mánuði. Þar verður á ferðinni hamborgari úr hinu margumtalaða Kobe-nautakjöti frá Japan, og í stað tómatsósu og ostsneiðar verður meðlætið á borgaranum sneið af foie gras, eða gæsalifur, og gráðaostur. Borgarinn mun kosta lítil 85 pund, andvirði um 12.500 íslenskra króna.

Ekki er víst hvort Kobe-borgarinn rati á Burger King hér á landi, en slíkan borgara er hægt að fá á veitingastaðnum Orange við Geirsgötu. Samkvæmt heimasíðu staðarins kostar hann þar 7.500 krónur.



**RÁNDÝR SKYNDIBITI** Kobe-nautakjötsborgarinn hjá Burger King mun kosta 85 pund, um tólf þúsund og fimm hundruð íslenskar krónur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hárgreiðslustofur fá verðlaun

Tvær íslenskar hárgreiðslukonur eru vinningshafar í alþjóðlegu keppninni Global Salon Business Awards, þar sem hárgreiðslustofur sem þykja skara fram úr á heimsvísu eru verðlaunaðar. Það eru þær Sigrún Ægisdóttir á Hársögu og Þórdís Helgadóttir, sem rekur Hárný í Kópavogi. Þórdís er nýkomin heim frá Ítalíu þar sem farið var yfir dagskrá sjálfrar verðlaunahátíðarinnar, sem fram fer í Hollywood í júní

„Við vorum til dæmis látin æfa okkur að ganga upp rauða dregilinn fyrir Hollywood,“ segir Þórdís brosandi, en hún segir það mikinn heiður að hljóta verðlaunin. „Það má segja að þetta séu ein virtustu verðlaun sem maður getur unnið til sem hárgreiðslumaður,“ segir Þórdís, sem er jafnframt mjög ánægð með að fá viðurkenningu fyrir það starf sem á sér stað á bak við tjöldin. „Ég hef unnið til verðlauna fyrir hárgreiðslu, en það er gaman að fá viðurkenningu fyrir það sem maður gerir þegar maður er ekki fyrir aftan stólinn. Það er stór hluti af starfinu sem fer fram baka til,“ segir Þórdís sem veit þó ekki enn í hvaða flokki hún mun hljóta verðlaun, enda verður það ekki tilkynnt fyrr en á afhendingunni. **-sun**



**MIKILL HEIÐUR** Þórdís Helgadóttir á Hárný segir það mikinn heiður að hljóta Global Salon Business Awards, enda séu verðlaunin mjög virt meðal fagmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ísland í aðalhlutverki hjá BMW

**Þýski bílarisinn BMW notar Ísland til að markaðssetja nýjustu afurð sína, BMW Hydrogen 7. Stjörnurnar í Hollywood hafa fallið fyrir bílnum og Ísland leikur þar stórt hlutverk.**

„Ísland hefur unnið mikið með vetni og því var landið tilvalið fyrir þessa herferð,“ segir Susanne Spatz, talsmaður markaðsdeildar BMW. „Þar að auki hentaði landslagið fullkomlega fyrir þær myndir sem við vildum fá, það er náttúrulega stórkostlegt og ótrúlega fallegt,“ bætir Spatz við. Stór bæklingur var útbúinn þar sem bíllinn er sýndur úti í náttúru Íslands en auglýsingin sjálf hefur verið sýnd í Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum. Spatz segir að stjórnendur BMW séu himinlifandi með auglýsingarnar og telji þær ákaflega vel heppnaðar.

„Þetta var stórt auglýsingaverkefni og við erum mjög ánægðir með útkomuna,“ segir Jón Bjarni Guðmundsson, framleiðandi hjá Saga Film, sem aðstoðaði við gerð auglýsingarinnar. Hann segir það mjög sjaldgæft hversu stórt hlutverk Ísland leikur í herferðinni en fyrstu fjörutíu sekúndur hennar eru eingöngu myndir af Íslandi. Hydrogen 7-bifreiðin kemur síðan eins og skrattinn úr sauðarleggnum út úr Skógafossi. „Þessi auglýsing er gríðarlega góð kynning fyrir landið, sérstaklega í ljósi þess til hverra bíllinn á að höfða,“ útskýrir Jón en BMW hefur að undanförnu afhent hverri stórstjörnunni af fætur annarri bíl af þessu tagi.

Meðal þeirra sem hafa fest kaup á bifreiðinni eru bandarísku grínistarnir Jason Bateman og Will Ferrell en auk þeirra keyra Edward Norton, Jay Leno og Cameron Diaz um á svona farartæki. Andrés Jónsson hjá B&L-umboðinu segist ánægður með stóran hlut Íslands í herferðinni en hins vegar sé allsendis óvíst að Hydrogen-bifreiðarnar eigi eftir að sjást á götum borgarinnar alveg á næstunni. „Við getum pantað þessa bíla. BMW úthlutar ákveðnum kvóta í þessum bílum og við þurfum að sækja um ákveðinn fjölda.

Eins og efnahagsástandið er núna eru þetta of dýrir bílar til að geta haft á lager en við getum aftur á móti sérpantað slíka fyrir áhugasama,“ segir Andrés.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**BMW Á ÍSLANDI** BMW Hydrogen 7 er fremur dýr bíll og frekar ólíklegt að hann sjáist á götum borgarinnar eins og efnahagsástandið er um þessar mundir.

**BÍLL FYRIR STJÖRNUR**

BMW hefur gert nýjustu afurð sína út hjá stórstjörnum í Hollywood en meðal þeirra sem keyra um á BMW Hydrogen 7 eru Jay Leno, Edward Norton, Jason Bateman og Cameron Diaz. Ísland leikur stórt hlutverk í herferð þýska bílarisans.





**ÞURSAFLOKKURINN** Þursarnir spila á Ísafirði föstudaginn 9. maí.

# Þursarnir til Ísafjarðar

Þursaflokkurinn ætlar að stíga á svið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði föstudaginn 9. maí. Á tónleikunum, sem standa yfir í rúmar tvær klukkustundir, spila þeir félagar efni af öllum plötum flokksins.

Stutt er síðan Þursarnir spiluðu á þrennum tónleikum á Akureyri við frábærar undirtektir fyrir fullu húsi. Í febrúar fylltu Þursarnir Laugardalshöllina og komu fram ásamt Caput-hópnum á eftirminnilegum tónleikum. Miðasala hefst á tónleikana á Ísafirði á næstu dögum í Edinborgarhúsinu og á www.kaffiedinborg.is. Miðaverð er 3.500 krónur og aðeins 250 miðar eru í boði.



# Konfektkassinn frumsýndur

Kvikmyndin Konfektkassinn verður frumsýnd í Háskólabíó í dag, en hún er afrakstur samstarfs mæðgnanna Guðrúnar Ragnarsdóttur leikstjóra og Önnu Rakelar Róbertsdóttur, sem fer með aðalhlutverkið.

Konfektkassinn fjallar um leit að sérstakri tegund konfektkassa. „Faðir aðalpersónunnar ætlar að gefa þennan kassa til að þakka hjúkrunarkonum á spítalanum sem hann er að koma af fyrir umönnunina, og tekur ekki í mál að kaupa neitt annað. Aðalpersónan fer í þessa ferð með honum, og á leiðinni gera þau upp ýmsa hluti í sambandi sínu,“ útskýrir Guðrún. Guðrún vonast til að Konfektkassinn fari víðar, en segir að það muni koma í ljós. „Mig langar hins vegar mikið, og stefni á, að smala saman nokkrum stuttmyndum eftir konur, sem saman yrðu svipaðar að lengd og hefðbundin kvikmynd, og koma í almennar sýningar í bíó,“ segir Guðrún.



**MÆÐGUR STARFA SAMAN** Mægðurnar Guðrún Ragnarsdóttir og Anna Rakel Róbertsdóttir störfuðu saman við gerð myndarinnar Konfektkassinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Konfektkassinn er frumraun Önnu Rakelar sem leikkonu, þó að hún hafi áður komið fram bæði í sjónvarpi og ýmsum auglýsingum. Hún segir þá reynslu hafa verið góðan grunn, en það hafi þó samt sem áður verið mikil áskorun að taka að sér aðalhlutverk í leikinni mynd. „Ég virka svolítið þannig að ef ég er smeyk við hluti vil ég helst kýla á þá, og sanna fyrir mér að ég geti þá. Ég held ég hafi sjaldan verið jafn hrædd við nokkurn hlut og að fara í sjónvarpið á sínum tíma og það var þess vegna rosalega mikill sigur fyrir mig. Þetta var svolítið svipað,“ segir hún og hlær við.

Kvikmyndin Konfektkassinn, sem er fjörutíu mínútur að lengd, verður sýnd klukkan 14 í dag. **- sun**

# Fyrsta lag Eyþórs Inga klárt

**Eyþóri Inga Gunnlaugssyni er spáð miklum frama enda afburða söngmaður. Fyrsta lagið með honum eftir sigurinn í Bandinu hans Bubba hefur nú litið dagsins ljós. Þetta er glimrandi rokkslagari með sveitungum Eyþórs í hljómsveitinni Heimskyr.**



**ROKKAR MEÐ HEIMSKYR** Eyþór Ingi lagði sveitungum sínum lið.

„Hann söng þetta inn fyrir okkur í febrúar þegar Bandið hans Bubba var nýbyrjað,“ segir Sverrir Freyr Þorleifsson trommari. „Hann var alveg til í það þrátt fyrir annir. Ég man að hann söng þetta inn á mánudagskvöldi því svo var hann þotinn suður daginn eftir.“

Heimskyr er dúett Sverris og Ragnars Ólasonar. Lagið sem Eyþór Ingi syngur er á plötunni Snilld, sem nýlega var gefin út á tonlist.is. „Ragnar byrjaði að semja lög og texta árið 1988 með hljómsveitinni Bakkusi og hann á allt þetta efni. Við erum búnir að standa í þessu í langan tíma og létum loks verða af því að klára þetta núna. Ætli músíkin flokkist ekki bara sem popptónlist. Lagið sem Eyþór syngur er langmesta rokkið.“



**HEIMSKYR SPILA POPP Á SNILLD** Sverrir Freyr og Ragnar í sólinni á Dalvík.

Dalvík virðist vera mikið tónlistarbæli. „Allir sem koma nálægt plötunni eru Dalvíkingar nema upptökumaðurinn, sem er frá Ólafsfirði. Við leitum ekki langt yfir skammt,“ segir Sverrir. „Sigur Eyþórs Inga hefur gert helling fyrir bæjarfélagið. Það er alveg óhætt að segja að nú þekkja hann allir úti á götu hérna. Svo er Friðrik Ómar náttúrlega héðan. Við erum stolt af honum þótt persónulega sé ég kannski ekki hrifinn af þessu Eurovision-stússi í honum.“

Platan Snilld er algjört gæluverkefni að sögn Sverris. „Við látum gera einhverja fimmtíu diska en annars er þetta bara til á tonlist.is. Maður vonast til að fá faglega gagnrýni, en ég á ekki von á að við spilum mikið. Ragnar býr á Kjalarnesi svo það er ekki hlaupið að því. Samt er aldrei að vita, ef við verðum frægir getur vel verið að við stofnum band og förum að spila.“

gunnarh@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| STREET KINGS LÚXUS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 1 - 2.30 - 4 | |
| 21 | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 1 - 3 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| HORTON | kl. 1 - 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE BAND´S VISIT | kl. 3 - 6 ENSKUR TEXTI | |
| THE KING OF KONG | kl. 3 - 6 - 8 - 10 ÍSLENSKUR T | |
| TROPA DE ELITE | kl. 3 - 5.30-8-10.20 ENSKUR T | 16 |
| CARAMEL | kl. 3 - 6 ENSKUR TEXTI | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 3.30 - 6 - 8.30 - 11 | 16 |
| AWAKE | kl. 8 - 10 | 16 |
| 21 | kl. 3.20 - 6 - 9 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 3.30 - 6 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 10.20 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |
| HORTON | kl. 3.30 ÍSLENSKT TAL | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 8 - 10 | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 - 10 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 7 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DRILLBT TAYLOR | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 2, 4 og 6 - 550 kr. | L |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 8 og 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 2, 4 og 6 | 7 |
| HORTON | kl. 2 | L |

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 3:30 - 5:40 - 8 -10:20 | 10 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 3:30 - 5:40 - 8 -10:30 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:30 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:30 | VIP |
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 3:30 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| OVER HER DEAD BODY | kl. 3:50 - 5:50 - 8 -10:10 | 7 |
| P2 | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 4D - 6D - 8D - 10D | 10 |
| JUNO | kl. 6 | 7 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 4 (3D) | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| FOOL´S GOLD | kl. 8 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 10:20 | 16 |
| HORTON ÍSL. TAL | kl. 6 | 16 |
| BUBBI BYGGIR ÍSL. TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 8 | 10 |
| P2 | kl. 10:10 | 16 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 8 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:10 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 - 10:20 | L |
| FOOL'S GOLD | kl. 8 | 12 |
| VANTAGE POINT | kl. 10:20 | 16 |

TILBOÐSVERÐ — SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ







24. og 25. apríl
SparBíó 550kr fimmtudag og föstudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS



DRILLBIT TAYLOR KL. 3:30 Í ÁLFABAKKA
OVER HER DEAD BODY KL. 3:50 Í KRINGLUNNI
FORGETTING SARAH MARSHALL KL. 3:30 Í ÁLFABAKKA
HANNA MONTANA KL. 4 Í KRINGLUNNI ATH. SÝND Í 3-D
UNDRAHUNDURINN M/ÍSL TALI KL. 4 Í ÁLFABAKKA
STEP UP 2 KL. 3:30 Í ÁLFABAKKA



**SINGAPORE** 4 stk bastsett
2 stóla, 1 sófa, borð og pullur
stóll H76 X B77 X D68cm
sófi H76 X B136 X D68cm
borð H35 X L90 X B60cm
553582

# Helgar-tilboð

áður kr. 79.900,-
nú kr. **69.900,-**
10.000,- í afslátt



## BLÓMAPOTTAR OG ÚTIVASAR

Mikið úrval af útivösum og blómapottum
á pallinn eða svalirnar



## GLASAMARKAÐUR

um helgina fullt af fallegum
sumarglösum á
**90,- kr. stk.**

50% afsláttur



## HVÍTT POSTULÍN

16 stk í kassa á 50% afslætti
verð áður 3990,-
nú **1.995,-**

50% afsláttur



## MELVI

Tveir litir
hægt að stafla
535264 / 535274
verð áður 3990,-
nú **1.995,-**

the PIER

Gleðilegt sumar

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 / laugardagar 10:00 til 18:00 / sunnudagar 12:00 til 18:00

## > Undanúrslit í Lengjubikarnum

Undanúrslitin í Lengjubikar karla fara fram í dag. Klukkan 14.00 mætast Íslandsmeistarar Vals og ÍA í Kórnum í Kópavogi og klukkan 19.00 fer leikur Fram og Breiðabliks fram í Egilshöll. Þarna gefst kærkomið tækifæri fyrir knattspyrnuáhugamenn til að hita upp fyrir Landsbankadeildina sem hefst 10. maí næstkomandi. Úrslitaleikurinn fer síðan fram fimmtudaginn 1. maí.



**sport**

sport@frettabladid.is

TROMMUSVEIT KEFLVÍKINGA: HEFUR VERIÐ SÖKUÐ UM DRYKKJULÆTI Á LEIKJUM KEFLVÍKINGA

# *Það verður enginn með bjór uppi í stúku*

Stuðningsmannasveit Keflvíkinga, Trommusveitin, hefur legið í dvala í vetur en heldur betur vaknað til lífsins í úrslitakeppninni þar sem hún hefur farið mikinn í að hvetja sína menn áfram. Sveitin er skipuð hressum strákum sem finnst gott að hita upp fyrir leiki með því að fá sér smá söngvökva. Einhverjum hefur blöskrað framkoma strákanna, sem hafa á stundum sést með bjór í stúkunni.

Aðalsprauta sveitarinnar, Jóhann Alfreðsson, betur þekktur sem Joey Drummer, segir ekkert athugavert við framkomu sveitarinnar, sem sé ekki með nein leiðindi eða dónaskap heldur einbeiti sér að því að styðja sitt lið.

„Það voru einhverjir viðkvæmir að röfla en það fylgir flestum kappleikjum hér heima sem og erlendis að fá sér nokkra kalda til þess að koma sér í gírinn. Ég skil samt vel að fólk vilji ekki sjá bjór uppi í stúku og það verður enginn með bjór uppi í stúku næst. Ég get lofað því,“ segir Joey Drummer en hann játar að það hafi gerst og þykir honum það miður.

„Það voru örfáir með bjór uppi í stúku síðast. Svo hefur því verið haldið fram að við höfum verið til skammar í Hólminum og það hafi sést í sjónvarpinu. Ég hef kíkt á þetta og það er algjört kjaftæði enda vorum við ekki með nein leiðindi. Við vorum bara hressir enda gaman hjá okkur. Við fórum í skemmtilega ferð í Hólminn með tvo gítara, bongótrommu og allt að frétta,“ sagði Joey léttur en hann segir sína menn hafa samið ein sex lög á leið í Hólminn.

Joey segir fáranlegt að einhverjir séu að fetta fingur út í að stuðningsmenn fái sér nokkra bjóra fyrir leiki líkt og tíðkist úti um allan heim. „Það er ekki eins og við séum að neyta eiturlyfja. Það er ekkert rugl á okkur, þetta eru bara nokkrir öllarar til að kveikja í mönnum. Það verður enginn bjór í stúkunni núna en við verðum svínhressir. Ég get lofað því,“ sagði Joey en hann hvetur stuðningsmenn Snæfells til þess að hita upp með Trommusveitinni, sem ætlar að hittast á Paddys eða Yello fyrir leik.



Dallas í vondum málum:

## Paul að fara illa með Kidd

**KÖRFUBOLTI Chris Paul og félagar í New Orleans Hornets eru komnir í 2-0 gegn Dallas Mavericks eftir tvö örugga heimasigra þar sem leikstjórnandinn ungi hefur farið á kostum.**

**Paul er fyrsti leikmaðurinn í sögu úrslitakeppninnar sem nær að skora 30+ stig, gefa 10+ stoðsendingar og stela 3+ boltum í tveimur leikjum í röð og hann er einnig sá fyrsti sem nær að skora 30 stig og gefa 10 stoðsendingar í fyrstu tveimur leikjum sínum í úrslitakeppninni.**

**Eftir tvo fyrstu leikina er Paul með 33,5 stig, 13,5 stoðsendingar og 3,5 stolna bolta að meðaltali og hefur hitt úr 64 prósentum skota sinna og aðeins tapað samtals 4 boltum. Jason Kidd, sem átti að breyta liði Dallas í meistaralið, er aftur á móti með 9 stig og 8,5 stoðsendingar að meðaltali í þessum tveimur töpum Dallas.**

- óoj

Frank Lampard líður illa:

## Mamma er veik

**FÓTBOLTI** Frank Lampard, miðjumaður Chelsea, játar að hafa hvorki verið líkamlega né andlega tilbúinn í leikinn gegn Liverpool. Lampard eyddi lunganum af síðustu viku við hlið móður sinnar sem liggur á spítala með lungnabólgu.

„Ég hef verið í betra standi í leikjum og vikan hefur verið mér mjög erfið,“ sagði Lampard en um tíma leit út fyrir að móðir hans færi yfir móðuna miklu. „Ég ætla ekki í smáatriði en þetta leit illa út á tímabili. Það var erfiðasta stund lífs míns,“

- hbg



# Múrinn ókleifi frá Manchester

**Manchester United lagði sóknarbolta sinn á hilluna á Camp Nou í gær og myndaði þess í stað sterkan varnarmúr sem Barcelona náði aldrei að rjúfa. Niðurstaðan markalaust jafntefli í leik sem Barcelona stýrði allan tímann. Cristiano Ronaldo klúðraði vítaspyrnu á annarri mínútu leiksins.**

**FÓTBOLTI** Leikur Barcelona og Man. Utd náði aldrei þeim hæðum sem vonast var til í gær. Manchester United lá í skotgröfunum nánast allan leikinn, sýndi litla sem enga sóknartilburði á meðan Barcelona fékk að leika sér með boltann á miðjum vellinum. Markalaust jafntefli og því mikil spenna fyrir síðari leikinn á Old Trafford.

Það er óhætt að segja að leikurinn hafi farið hressilega af stað því eftir rúma mínútu var dæmd vítaspyrna á Barcelona. Ronaldo skallaði boltann og Milito varði hann með höndunum. Klár vítaspyrna. Ronaldo tók spyrnuna sjálfur, sendi Valdes í rangt horn en skaut boltanum fram hjá. Dýr mistök þar hjá Portúgalanum.

Vítið var sem kinnhestur í andlit Börsunga sem tóku öll völd á vellinum í kjölfarið. Þeir sóttu grimmt að marki United, fóru illa með bakverði enska liðsins á köflum en gekk þó ekkert að skapa sér opin færi þar sem Ferdinand og Brown voru sterkir fyrir miðju varnarinnar. Messi var sérstaklega sprækur en hafði ekki erindi sem erfiði frekar en félagar hans.

Það var ekki fyrr en undir lok hálfleiksins sem United var aftur með. Ronaldo náði að komast inn í sendingu frá Iniesta, var næstum sloppinn í gegn en Milito náði að stöðva hann. Einhverjir vildu fá vítaspyrnu en Svisslendingurinn Massimo Busacca var ekki á því að flauta annað víti. 0-0 í hálfleik.

Barcelona byrjaði vel í síðari hálfleik og í tvígang komst Eto´o í ákjósanleg færi en hann fór illa að ráði sínu í bæði skiptin. Eina færi United í síðari hálfleik fékk Michael Carrick er hann lék á varnarmann og stóð einn gegn markverði. Skot hans fór aftur á móti í hliðarnetið.

United þétti vörnina eftir því sem leið á hálfleikinn, leyfði Börsungum að leika nálægt eigin teig og lengra komust Börsungar ekki enda Manchester-múrinn afar þéttur.

Markalaust jafntefli því niðurstaðan og United stendur því aðeins betur að vígi fyrir seinni leikinn en vítaspyrnan sem klúðraðist gæti reynst þeim dýr enda mörk á útivelli gulls ígildi.

„Ég var ekkert að breyta vítaspyrnutaktíkinni minni. Ég hef nokkrum sinnum skorað í þetta horn en í dag skoraði ég ekki. Það er ekkert mál. Ég mun bara skora í Manchester,“ sagði Ronaldo við Sky eftir leikinn en hann taldi sig eiga að fá annað víti er Marquez fór í miður gáfulega tæklingu í teignum.

„Ég tel að hann hafi snert mig en dómarinn vildi ekki gefa víti. Af hverju hef ég ekki hugmynd um. Hvað varðar leikinn þá var þetta mjög erfiður leikur. Barcelona spilaði vel, hélt boltanum vel innan liðsins en við vörðumst vel. 0-0 er fín úrslit fyrir okkur. Barca skapaði í raun engin færi, við fengum betri færi en þeir. Nú er það heimaleikurinn og ég tel að við munum hafa betur þar,“ sagði Ronaldo en Ferguson, stjóri United, var einnig mjög sáttur við markalaust jafntefli í leiknum.

henry@frettabladid.is



**DÝRT VÍTI** Cristiano Ronaldo skaut fram hjá úr vítaspyrnu í upphafi leiksins í gær. Skal engan undra að hann hafi síðan haldið um höfuð sér. NORDIC PHOTOS/AFP

**BARCELONA-MAN UTD 0-0**

**Lið Barcelona:** Valdes, Zambrotta, Milito, Marquez, Abidal, Toure, Deco (77., Henry), Xavi, Iniesta, Messi (62., Bojan), Eto´o.

**Lið Man. Utd:** Van der Sar, Hargreaves, Brown, Ferdinand, Evra, Scholes, Carrick, Park, Ronaldo, Rooney (76., Nani), Tevez (85., Giggs).




Ólafur Stefánsson:

## Ekki í banni gegn Kiel

**HANDBOLTI** Handknattleikssamband Evrópu, EHF, mun ekki dæma Ólaf Stefánsson í leikbann vegna rauða spjaldsins sem hann fékk undir lok leiksins gegn HSV í undanúrslitum Meistaradeildarinnar.

Eftir að hafa skoðað myndbandsupptökur af atvikinu sá EHF ekki ástæðu til þess að refsa Ólafi, sem getur þar af leiðandi leikið báða úrslitaleikina gegn Kiel.

„Það er þungu fargi af mér létt við þessi tíðindi og frábært að geta hjálpað félögum mínum í þessum leikjum gegn Kiel,“ sagði Ólafur við spænska blaðið Marca.

- hbg





**Í BANN** Hleb getur sjálfum sér um kennt að fá ekki að spila meira með Arsenal á þessu tímabili. NORDIC PHOTOS/GETTY

Alexander Hleb í leikbann:

## Leiktímabilið búið hjá Hleb

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Alexander Hleb hefur spilað sinn síðasta leik fyrir Arsenal á þessu tímabili eftir að hann var dæmdur í þriggja leikja bann fyrir óíþróttamannslega hegðun í leik gegn Reading. Hleb sló þá til Graeme Murty, fyrirliða Reading.

„Dómari leiksins sá ekki athæfi Hleb í leiknum en eftir að hafa horft á upptökur frá atvikinu hefur viðkomandi dómari tjáð aganefnd enska knattspyrnusambandsins að hann hefði gefið Hleb beint rautt ef hann hefði séð atvikið,“ segir í yfirlýsingu aganefndarinnar.

Leikmaðurinn hefur undanfarið stöðugt verið orðaður við félagaskipti frá Arsenal. Samkvæmt breskum fjölmiðlum er Hleb undir smásjá stórliða á borð við AC Milan og Barcelona en hann kvaðst á dögunum afar ánægður hjá Arsenal. Hleb skrifaði undir fjögurra ára samning þegar hann gekk til liðs við Arsenal í lok júní árið 2005.- óþ



**EFTIRSÓTTUR** Barry hefur nýverið verið orðaður við bæði Chelsea og Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

Martin O'Neill, Aston Villa:

## Óljós staða með Gareth Barry

**FÓTBOLTI Martin O'Neill, knattspyrnustjóri Aston Villa, viðurkennir að framtíð fyrirliðans Gareth Barry sé óljós en leikmaðurinn hefur átt frábært tímabil í ár og verið orðaður við stórliðin Chelsea og Liverpool upp á síðkastið.**

**„Við munum gera okkar allra besta til þess að halda Gareth á Villa Park en hvort það tekst er ómögulegt að segja,“ sagði O'Neill en samkvæmt heimildum Sky Sports mun O'Neill þegar vera með mögulegan eftirmann Barry undir smásjánni. Það ku vera Steve Sidwell, miðjumaður Chelsea, sem hefur lítið fengið að spila með Lundúnaliðinu eftir félagsskipti hans frá Reading og talið er að leikmaðurinn sé falur fyrir um fimm milljónir punda.**

**Barry á enn tvö ár eftir af samningi sínum við Aston Villa. Sögusagnir hafa birst í breskum fjölmiðlum um að Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, sé þegar búinn að spyrjast fyrir um Barry og að tilboð upp á fjórtán milljónir punda sé á borðinu.** - óþ

Valdimar Þórsson er samningsbundinn HK Malmö út næsta tímabil en vill ólmur losna frá sænska félaginu:

# HK eina íslenska liðið sem ég vil fara til

**HANDBOLTI** Handknattleikskappinn Valdimar Fannar Þórsson stendur í ströngu þessa dagana við að finna sér nýtt félag eftir tímabil vonbrigða með HK Malmö sem féll eins og kunnugt er úr sænsku úrvalsdeildinni.

Valdimar skrifaði undir tveggja ára samning við HK Malmö á síðasta ári en telur best fyrir báða aðila að hann fari til annars félags.

„Staðan er einfaldlega þannig að HK Malmö vill fá ákveðna upphæð fyrir mig þar sem ég er samningsbundinn félaginu út næstu leiktíð og áhugasöm félög verða því að semja við forráðamenn HK Malmö um kaupverðið.

Ég hef aftur á móti leyfi frá forráðamönnum félagsins til þess að tala við önnur félög þar sem þeir vita að ég hef takmarkaðan áhuga á því að spila í næstefstu deild í Svíþjóð. Þá þyrfti ég líka að breyta samningi mínum og ég er ekki tilbúinn til þess. Það er því í raun líka þeirra hagur að losna við mig þar sem þeir hafa lítið fjármagn undir höndunum eftir að hafa fallið úr deildinni og geta ekki haldið öllum núverandi leikmönnum sínum út af launakostnaði og öðru,“ sagði Valdimar sem hefur verið sterklega orðaður við að snúa heim til Íslands og leika fyrir sitt gamla félag HK.

„Það er ekkert launungarmál að ég hef verið í viðræðum við HK og það er í raun eina liðið sem ég vil fara til á Íslandi ef út í það fer að ég komi heim. Ég var líka alveg kominn á það að spila heima en nú veit ég ekki hvernig þetta fer,“ sagði Valdimar og kvaðst óviss með framhaldið.

„Þetta virðist ætla að taka lengri tíma en ég hélt í fyrstu og maður sér eins og er ekki fyrir endann á þessu öllu saman. Það hafa verið einhverjar þreifingar og nokkrar fyrirspurnir um mig en það fer allt í gegnum HK Malmö.

Ég vonast bara til að þetta klárist ekki seinna en um miðjan næsta mánuð þannig að ég geti farið að gera mig kláran fyrir næsta tímabil, hvar sem ég á eftir að spila,“ sagði Valdimar. - óþ



**ÓVISSA** Valdimar væri til í að leika á fornum slóðum með HK. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR










# Sterkir á úrslitastundu

**Keflavík hefur unnið 11 af síðustu 13 úrslitaleikjum sínum um Íslandsmeistaratitilinn og getur orðið Íslandsmeistari í fjórða sinn á sex árum vinni liðið Snæfell í kvöld. Sagan segir Keflvíkinga kunna það manna best að klára sín einvígi.**

**KÖRFUBOLTI** Kjarninn í karlaliði Keflvíkinga á möguleika á því að fagna fjórða Íslandsmeistaratitlinum sínum frá árinu 2003 vinni þeir þriðja leikinn í röð gegn bikarmeisturum Snæfells í Toyotahöllinni í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 19.15 og er búist við troðfullu húsi.

Keflavíkurkonur hafa þegar komið með Íslandsbikarinn í hús eftir sex sigra í röð og karlarnir geta endurtekið leikinn því þeir hafa unnið alla leiki sína síðan þeir lentu 0-2 undir gegn ÍR í undanúrslitaeinvígi sínu á dögunum.

Keflavíkurliðið hefur sýnt mikinn styrk í lokaúrslitum síðustu ár og hefur sem dæmi unnið 11 af síðustu 13 leikjum sínum um titilinn. Þrír leikmenn liðsins hafa spilað alla þessa þrettán leiki en það eru Gunnar Einarsson, Magnús Þór Gunnarsson og Jón Norðdal Hafsteinsson. Arnar Freyr Jónsson missti af einum leik vegna leikbanns (lokaleikurinn 2004) og þá var Sverrir Þór Sverrisson búinn að leika alla leiki fyrir lokaúrslitin í ár en hann skipti eins og kunnugt er yfir í Njarðvík fyrir þetta tímabil.

Snæfell hefur aftur á móti tapað 8 af 10 leikjum í sínum þremur lokaúrslitum og þeir Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson hafa verið með í öllum þessum tíu leikjum. Snæfell hefur mætt Keflavík í öll skiptin og hefur nú tapað fimm leikjum í röð í lokaúrslitum í Sláturhúsinu í Keflavík sem nú ber nafnið Toyota-höllin.



**ÞEKKIR ÞESSA STÖÐU VEL** Magnús Þór Gunnarsson hefur skorað 17 stig í leik og hitt úr 50 prósentum af þriggja stiga skotum sínum í þeim leikjum sem Keflavík hefur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í undanfarin þrjú skipti. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRNL

### Kunna að klára einvígin

Það er ekki nóg með að Keflvíkingar séu sterkir í lokaúrslitum; þeir eru einnig góðir í að klára úrslitaeinvígin sín. Keflvíkingar hafa alls unnið 8 af 11 leikjum þar sem þeir hafa getað tryggt sér meistaratitilinn, þar af sex af þeim sjö leikjum sem þeir hafa spilað við þessar aðstæður á heimavelli sínum í Keflavík.

Eina skiptið sem þeir hafa klikkað á því að tryggja sér titilinn á heimavelli var þegar Njarðvíkingar unnu þá 91-81 í fjórða leiknum árið 1991. Njarðvíkingar tryggðu sér þar með oddaleik í Ljónagryfjunni þar sem þeir tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn og unnu því þetta vor tvo af þessum þremur leikjum sem Keflvíkingar hafa tapað með Íslandsbikarinn innan seilingar á hliðarlínunni. Þriðja tap Keflvíkinga kom í Njarðvík í fjórða leik árið 1999 en Keflvíkingar bættu fyrir það með því að vinna oddaleikinn á heimavelli og tryggja sér titilinn. Keflavík hefur nú unnið fjóra leiki í röð í þessari stöðu en liðið vann báða leiki sína sannfærandi gegn Snæfelli í sömu stöðu árin 2004 (20 stiga sigur, 87-67) og 2005 (10 stiga sigur, 98-88).



**MEISTARAR** Gunnar Einarsson lyftir Íslandsbikarnum 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útlendingar Keflavíkur hafa svo sannarlega vinninginn í fyrstu tveimur leikjunum. Þeir Bobby Walker, Tommy Johnson og Anthony Susnara hafa skilaði 53 fleiri stigum, eru með 18,8 prósentustigum hærri skotnýtingu og hafa skilað 34,5 hærra framlagi að meðaltali í leikjunum til þessa. Þeir Bobby og Tommy eru líka með hæsta framlag allra leikmanna í einvíginu. Bobby hefur skorað 22,6 stig, tekið 6,5 fráköst og gefið 6,0 stoðsendingar að meðaltali í leikjum eitt og tvö, sem skilar 32 framlagsstigum til liðsins, en Tommy hefur skilað 23,0 framlagsstigum í leik. Tommy hefur reyndar bætt í í hverri umferð úrslitakeppninnar. Hann var rólegur gegn Þór í átta liða úrslitunum (12,5 stig í leik), vaxandi gegn ÍR í undanúrslitunum (17,0 stig í leik og 96 prósenta vítanýting) og hefur síðan verið frábær í fyrstu tveimur leikjunum á móti Snæfelli (22,5 stig og 53,1 prósents skotnýting).

### Aðeins tvö sóknarfráköst

Nokkrar tölur stinga í augun þegar tölfræði fyrstu tveggja leikjanna er skoðuð nánar.

Frákastatröllið Hlynur Bæringsson hefur sem dæmi aðeins tekið tvö sóknarfráköst á 70 mínútum í þessum tveimur leikjum og það er augljóst að Keflavíkurliðið leggur höfuðáherslu á að stíga Víkinginn út en Hlynur tók sem dæmi 24 sóknarfráköst í fjórum leikjum á móti Grindavík.

Annað sem vekur athygli er að Keflavík hefur stolið 19 fleiri boltum (27 á móti 8) en Snæfell en Hólmarar hafa alls tapað 34 boltum í fyrstu tveimur leikjunum á móti aðeins 16 hjá Keflvíkingum. Það hefur enn fremur ekki dugað Snæfellsliðinu að taka 22 fleiri fráköst og fá 9 fleiri víti í þessum leikjum.

Vinni Snæfellingar í kvöld tryggja þeir sér fjórða leikinn í Stykkishólmi á laugardaginn en vinni Keflvíkingar leikinn verða þeir Íslandsmeistarar í níunda sinn.

ooj@frettabladid.is



**MAÐUR LEIKSINS** Tommy Johnson var valinn besti leikmaðurinn í leik tvö þar sem hann skoraði 27 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tommy Johnson í Keflavík:

## Það er erfitt að vinna okkur

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingurinn Tommy Johnson er klár í þriðja leikinn í kvöld. „Við verðum að einbeita okkur áfram að því sem við höfum verið að gera svo vel síðan í þriðja leiknum á móti ÍR. Við fundum góðan takt eftir að hafa spilað mjög illa í fyrstu tveimur leikjunum. Það sem skiptir mestu máli er að við erum að spila frábæra liðsvörn,“ segir Tommy Johnson, sem hefur skorað 21,8 stig að meðaltali á 28,0 mínútum í síðustu fimm leikjum. Hann segir sigurhefðina sterka í Keflavík.

„Það er greinilegt að þessir strákar í liðinu hafa verið í þessari stöðu áður. Það var ekki auðvelt að koma til baka eftir að hafa lent 0-2 undir en þeirra hugarfar og karakter dreif liðið áfram og ég veit að mörg lið hefðu gefist upp í sömu stöðu,“ segir Tommy, sem á von á því að fyrirliðinn Magnús Þór Gunnarsson eigi góðan leik en hann hefur aðeins hitt úr 3 af 15 skotum sínum í einvíginu til þessa.

„Maggi hefur verið í vandræðum í síðustu leikjum og ekki hitt vel. Ég veit að hann þarf bara einn góðan hálfleik til þess að komast aftur á flug. Ég er viss um að hann komi sterkur inn í þessum leik, sem gerir allt miklu auðveldara fyrir okkur hina. Það er erfitt að vinna okkur því við erum að fá framlag frá mörgum mönnum á mörgum mismunandi sviðum,” segir Tommy.

„Það mun ekkert trufla okkur að hafa bikarinn á hliðarlínunni. Það skiptir mestu máli að við höldum áfram að spila fast og láta finna fyrir okkur. Við ætlum að spila grimma vörn og gefa þeim engin auðveld stig. Ef þeir ætla að koma hingað og vinna okkur þurfa þeir að hafa mikið fyrir því,“ segir Tommy að lokum. - óój




Snæfellingurnn Justin Shouse fyrir leikinn í kvöld:

## Skuldum betra einvígi

**KÖRFUBOLTI** Það er enginn uppgjafartónn í Justin Shouse þótt hann játi að enginn í Snæfellsliðinu hafi búist við því að lenda 0-2 undir.

„Við fengum gott tækifæri til þess að vinna fyrsta leikinn en svo komu þeir og rassskelltu okkur á okkar eigin heimavelli. Það spilaði enginn vel í síðasta leik nema Nonni Mæju (Jón Ólafur Jónsson), sem er mjög óvanalegt hjá okkur. Við létum Keflvíkingana ýta okkur til og frá í leiknum og þeir unnu baráttuna í leiknum, sem er örugglega í fyrsta sinn sem það gerist á okkar heimavelli á þessu tímabili. Nú þurfum við að taka áskoruninni og mæta til þeirra og láta finna fyrir okkur. Keflavík er að spila meistarabolta þessa stundina en ekki við,“ segir Justin.



„Við þurfum að fækka mistökunum hjá okkur því það má segja að við séum að vinna sjálfa okkur í þessum tveimur leikjum. Það mun skipta mestu máli að við förum að hugsa betur um boltann og fækka töpuðu boltunum. Það þarf að liggja á boltanum eins og gulli í úrslitakeppninni,“ segir Justin. „Við skuldum körfuboltaáhugamönnum á Íslandi betra einvígi en það hefur verið til þessa og Keflvíkingar þurfa að gera eitthvað sérstakt til þess að vinna okkur í þessum leik,“ sagði Justin að lokum. - óój

# Þægindi **um land allt**

Verið velkomin í **Útilegumanninn Fosshálsi 5-9** sumardaginn fyrsta frá **12-16.** Við sýnum ykkur hjólhýsin og fellihýsin okkar fyrir sumarið 2008.

Á ferðalögum þínum um landið getur þú notið sams konar þæginda og heima hjá þér á öllum uppáhaldsstöðunum þínum. Uppbúið rúm og fyrirtaks aðstaða til að framreiða og njóta yndislegra máltíða fylgja þér hvert sem leið þín liggur **- en útsýnið er aldrei eins.**




ENNEMM / SÍA / NM32701

## Rockwood **fellihýsin**

Þessi fellihýsi eru glæsileg og sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum. Með evrópskum þrýstibremsum og galvaníseraði grind.

Hýsin koma með einstaklega hljóðlátri Truma combi 4 miðstöð, breiðu nefhjóli og ísskáp.

**Öll fellihýsi frá Rockwood eru hlaðin staðalbúnaði.**



12 cm

Fjöðrun f. ísl. aðstæður • Evrópskar þrýstibremsur • Vatn tengt heitt/kalt • CD spilari/ útvarp • Upphitaðar lúxusdýnur

## Polar **hjólhýsin**

Sænsku Polar hjólhýsin eru sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir. Í öllum hjólhýsunum er **Alde 3010** lokað vatnshitakerfi, sem samanstendur af hita í gólfi og ofnum undir öllum gluggum. Enginn hávaði eða ójafn hiti.

Hýsin koma með galvaníseraði grind, 150w sólarrafhlöðu, bakkskynjara, útdraganlegum kojum yfir hjónarúmi og tempur dýnum.

**Engin hjólhýsi hérlendis eru jafn hlaðin staðalbúnaði.**



-40 °C • iDC • DVD

44mm Einangrun • iDC stöðugleikakerfi • Evrópskar þrýstibremsur • Séstakur vínkælir • 19" LCD skjár • DVD spilari



## Allt **til ferðalagsins**

**Útilegu maðurinn**®

Fossháls 5-9 • Sími 551 5600 • www.utilegumadurinn.is



> **Jason Lee**

Lee sló fyrst í gegn sem hjólabretta-snillingur. Hans fyrsti „leikur“ var í myndbandi við lag Sonic Youth, 100%, sem leikstýrt var af Spike Jonze en í myndbandinu lék Lee sér einmitt á hjólabrettinu. Lee leikur í hinum frábæru gamanþáttum My Name is Earl sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR VILDI AÐ HÚN HEFÐI AÐGANG

## *Sjónvarpsstöð handverksfólksins*



Vissuð þið, lesendur góðir, að í Bandaríkjunum er til sjónvarpsstöð sem er einvörðungu helguð handverki af ýmsu tagi? Jæja, þið vissuð líklega ekki af stöðinni, en þið hefðuð samt átt auðvelt með að gera ykkur tilvist hennar í hugarlund vegna þess að eins og alkunna er þá er allt til í Ameríku. En alltént, þessi sjónvarpsstöð er sem sagt til, þó svo að hún sé ekki sú vinsælasta. Stöðin býður áskrifendum sínum upp á sjónvarpsþætti um hvers konar handverk og skyldar greinar og er ljóst að stefna stöðvarinnar er að veita áhorfendum bæði fræðslu og innblástur á þessum sviðum. Flestir þættir stöðvarinnar virðast snúast um þá listrænu útrás sem hægt er að fá út úr því að hressa upp á umhverfi sitt. Þannig er einn þáttur tileinkaður baðherbergjum, annar þáttur tileinkaður eldhúsinnréttingum, þriðji þátturinn fjallar um hugguleg sumarhús, sá fjórði um garðumhirðu og svo framvegis. Einhver þessarra þátta hefur slagorð sem útleggst lauslega svo: Saga þín er efniviðurinn, veggirnir eru striginn. Sem sagt, stöðin reynir að höfða til þeirra sem vilja gera heimili sitt persónulegt og hefði af þeirri ástæðu líkast til engan rekstrargrundvöll hér á landi.

En eru ekki flestir orðnir þreyttir á þáttum um herbergi og hús? Það sem gerir handverksstöðina að sannkölluðum brautryðjanda á sviði fjölmiðlunar eru klárlega föndur- og hannyrðaþættirnir sem fá hið þokkalegasta pláss í dagskránni. Það er sannarlega heillandi að standa frammi fyrir því að geta fyllt daga sína með áhorfi á þætti um útskurð, prjónaskap, bútasaum, skartgripagerð og pappírslist, svo eitthvað sé nefnt, án þess að þættir um eiturlyfjasmyglara eða svikular ofurfyrirsætur trufli mann nokkurn tímann. Þetta er nánast eins og að hverfa aftur til einfaldari tíma, ef ekki væri fyrir það að alltumlykjandi fjölmiðlaheimurinn er tilölulega nýr af nálinni. Hvað hefðu húsmæður sjötta áratugar síðustu aldar ekki gefið fyrir aðgang að þessu æsandi sjónvarpsefni?

## EKKI MISSA AF



▶ **19.05** Keflavík-Snæfell STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Borat STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.05** What About Brian? SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** Bones STÖÐ 2



▶ **21.50** Law & Order C.I. SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Bú!, Fæturnir á Fanney, Áslákur api, Friðþjófur forvitni, Hopp og hí Sesamí, Trillurnar og Prinsessan og tunglið

**10.15 Pelíkanamaðurinn**

**11.40 Tíska og tónar**

**12.55 Síðan skein sól**

**13.50 Africa United**

**14.50 Á móti þránni - Marianne Greenwood, ljósmyndari**

**15.50 Kiljan**

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Afríkan okkar**

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 EM 2008 (3:8)**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Góðir gestir** Stuttmynd eftir Ísold Uggadóttur.

**20.00 Ævintýri - Rapunzel** Í þessari bresku sjónvarpsmynd er ævintýrið um stúlkuna í turninum fært í nútímabúning.

▶**21.05 Hvað um Brian?** (1:5) (What About Brian?) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans.

**21.50 Trúður** (1:10)

**22.20 Fé og freistingar** (5:10) (Dirty Sexy Money)

**23.05 Anna Pihl** (9:10)

**23.50 EM 2008** (3:8)

**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Borat**

**08.00 The Perfect Man**

**10.00 You, Me and Dupree**

**12.00 Robots**

**14.00 The Perfect Man**

**16.00 You, Me and Dupree**

**18.00 Robots**

▶**20.00 Borat** Borat fer frá Kasakstan til þess að kynnast menningu Bandaríkjanna. Borat er örugglega ein geggjaðasta og alfyndasta mynd seinni ára.

**22.00 Into the Blue**

**00.00 Boys**

**02.00 The 40 Year Old Virgin**

**04.00 Into the Blue**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Justice League Unlimited, Ofurhundurinn Krypto, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra, Kalli kanína og félagar, Nornafélagið, Tutenstein og Sabrina - Unglingsnornin

**10.25 Are We There Yet?**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 Derren Brown**

**13.40 Duplex**

**15.10 Sálin og sinfónían**

**16.15 Amazing Race** (5:13)

**17.05 Maðurinn með 7 sek. minnið**

**17.55 Logi á Special Olympics 2007**

**18.30 Fréttir**

**19.00 The Simpsons**

**19.25 Friends** (17:24) (Vinir)

**19.50 Hæðin** (6:9) Í þessum vandaða lífstíls og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover fá þrjú gerólík pör það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð.

**20.40 The New Adventures of Old Christine** (6:22) Önnur þáttarröð þessa skemmtilega sjónvarpsþáttar með Juliu Louis-Dreyfus úr Seinfeld.

**21.05 My Name Is Earl** (12:13)

▶**21.30 Bones** (4:13) Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones. Þessir vandaði þáttur hefur átt vaxandi vinsældum að fagna bæði hérlendis sem vestanhafs og er nú kominn í hóp með þeim allra vinsælustu hjá áskrifendum Stöðvar 2. Sem fyrr fylgjust við með störfum Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth og þótt þau nái einkar vel saman í starfinu þá hefur spennan milli þeirra verið að magnast allt frá upphaf þáttanna og stóra spurningin verið sú hvort þau komi nokkurn tímann til með að enda sem par. Bönnuð börnum.

**22.15 ReGenesis** (8:13) Hörkuspennandi þættir sem lýsa má sem blöndu af CSI og X-Files.

**23.05 Cold Case** (13:18)

**23.50 Big Shots** (7:11)

**00.35 Bodywork**

**02.05 Inspector Linley Mysteries** (7:8)

**02.50 Inspector Linley Mysteries** (8:8)

**03.35 Sometimes in April**

**05.05 Duplex**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu** (Barcelona - Man. Utd)

**08.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk)

**15.45 Meistaradeild Evrópu** (Barcelona - Man. Utd)

**17.25 Meistaradeildin** (Meistaramörk)

**17.45 PGA Tour 2008 - Hápunktar** (Verizon Heritage)

**18.40 Inside the PGA**

▶**19.05 Iceland Expressdeildin 2008** (Keflavík - Snæfell) Bein útsending frá þriðja leik í úrslitakeppni Iceland Express deildarinnar.

**20.50 F1. Við rásmarkið**

**21.30 Utan vallar** Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

**22.20 UEFA Cup** (Bayern Munchen - Zenit) Útsending frá leik í undanúrslitum Evrópukeppni félagsliða. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 18.40.

**00.00 UEFA Cup** (Rangers - Fiorentina) Útsending frá leik í undanúrslitum Evrópukeppni félagsliða. Leikurinn er sýndur beint á Sport 4 kl 18.40.

**01.40 Iceland Expressdeildin 2008** (Keflavík - Snæfell)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Aston Villa - Birmingham**

**17.20 Wigan - Tottenham**

**19.00 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**20.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**20.30 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches**

**21.30 Goals of the season** (Goals of the Season 2003/2004) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**22.30 4 4 2**

**23.50 Coca Cola-mörkin**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.15 Vörutorg**

**17.15 Fyrstu skrefin** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Innlit / útlit** (e)

**19.40 Game tíví** (15:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.10 Everybody Hates Chris** (10:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.

**20.30 The Office** (18:25) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael og Jan koma úr felum með sambandið í veislu heima hjá einum af yfirmönnum fyrirtækisins. Á meðan fara hinir á skrifstofunni saman á barinn.

**21.00 Life** (10:11) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.

▶**21.50 Law & Order. Criminal Intent - NÝTT** Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Fyrsti þátturinn í nýrri þáttaröð og það gengur mikið á. Dóttir fyrrverandi sendiherra er myrt á hrottafenginn hátt. Goren og Eames rannsaka málið en þegar annað álíka morð er framið hittir Goren fyrrverandi lærimeistara sinn. Hann grunar að raðmorðingi sem Goren missti úr greipum sér nokkrum árum áður sé snúinn aftur.

**22.40 Jay Leno**

**23.25 America's Next Top Model** (e)

**00.15 Cane** (e)

**01.05 C.S.I.**

**01.55 Vörutorg**

**02.55 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.50

**Hæðin**



Togstreitan magnast með hverjum deginum sem líður hjá pörunum þremur en það er orðið ljóst að vinskapurinn er ekki eins mikill og í byrjun. Keppnisskapið er farið að segja til sín og enginn er tilbúinn að gefa þumlung eftir. Það er komið að einu erfiðasta verkefninu til þessa en það er að rekja smiðshöggið á efri hæðina og standsetja baðherbergið.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Góðir gestir**

**Sjónvarpið kl. 19.35**

Ný íslensk stuttmynd eftir Ísold Uggadóttur. Hér segir af listakonunni Katrínu sem búsett er í New York, en kemur heim til Íslands til þess að vera viðstödd afmæli afa síns. Í afmælisveislunni dregur heldur betur til tíðinda þegar röð óvæntra atburða á sér stað.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **08.00** Morgunfréttir
**08.05** Sumarkomuljóð eftir Matthías Jochumsson
**08.10** Nú er sumar
**09.03** Tónaflóð á danskri Mön
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Sportsokkar og bleikir náttkjólar
**11.00** Skátamessa í Hallgrímskirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Englaljósin á mig skína, Þumalína, Þumalína það er ég
**14.00** Og svo átti maður að horfa á þetta
**15.00** Allt í plati
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.08** Rafsprengi: Remixað á Rás 1
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Smásaga: Vegurinn yfir heiðina
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Leynifélagið
**19.30** Ungir einleikarar
**21.30** „Du bist wie eine Blume"
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Raddir úr djúpinu
**23.10** Vorsónatan
**23.36** Smásaga: Þegar fer að vora
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7** FM957 / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Talk Show With Spike Feresten**
**18.15 Extreme. Life Through a Lens** (12:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**20.50 Talk Show With Spike Feresten**
**21.15 Extreme. Life Through a Lens**
**22.45 Medium** (5:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 og var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna 2006, 2007 og 2008 fyrir frammistöðu sína. Bönnuð börnum.
**23.30 Nip/Tuck** (14:14)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, tekur fyrir málefni sem brenna á neytendum.
**21.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannessson, formaður Jafnréttindafélags Íslands, ræðir um þau þjóðmál sem brenna á honum.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Et billede af livet **11.50** Hvad er det værd? **12.20** Godt arbejde **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Gepetto News **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Venner på eventyr **18.30** Her kommer eliten **19.00** TV Avisen **19.25** Ærlig talt **19.50** SportNyt **20.00** Evolution **21.40** Anklaget **22.20** Naruto Uncut

## NRK 1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis **10.40** Spekter: Er vi alene? **11.35** 'Allo, 'Allo! **12.05** Landsbylegane **13.00** Fabrikken **13.30** Newtonmiks: Bang **14.05** Desperados **14.30** Megafon **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** ¦rdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Yum Yum med Noman **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Höök **20.30** Halvseint talkshow **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Spooks **22.35** P3tv live **23.35** Norsk på norsk jukeboks **1.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sista terminen **10.35** Lantz i P4 **11.05** Var fan är mitt band? **11.40** Minnenas television **12.40** Big Love **13.30** Morgonsoffan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.15** Karamelli **15.45** Sagoträdet **16.00** Bolibompa **16.20** Lycka är... **16.25** Krumelurdjur **16.30** Mamma Spindels alla små kryp **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Tre Kronor live: Sverige-Lettland **19.50** Vad i...! **20.00** Debatt **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Uppdrag Granskning **22.25** Klass 9A **22.55** Sändningar från SVT24



## MORGUNMATURINN



*„Annan daginn fæ ég mér banana, appelsínu, hörfræolíu og fimm frosin jarðarber, set þetta í blandara og skelli þessu í mig. Hinn daginn skef ég allt úr vatnsmelónu, set það í blandarann ásamt steinunum og smá olíu með, hristi þetta saman og drekk.“*

Jón Sæmundur Auðarson myndlistarmaður.

# Hönnuðurinn Thelma í frönsku stórblaði

Hönnun Thelmu Bjarkar Jónsdóttur verður áberandi í sérstöku brúðarblaði sem hið virta franska dagblað Le Figaro sendir frá sér í næsta mánuði. Thelma hannar sérstakar spangir og hárskraut sem hafa vakið mikla athygli. „Ég veit ekki nákvæmlega í hvaða formi þetta verður, en þeir eru búnir að biðja um heilmiklar upplýsingar um mig og hönnunina, svo ég á von á að þetta verði ágætis umfjöllun,“ segir Thelma.

Hún segir það frábært að komast inn á síður svo víðlesins dagsblaðs. „Ég er líka að selja brúðarspangir hérna í Le bon marché, svo þetta hjálpar örugglega mikið til,“ segir Thelma, sem hefur þó aðallega hannað brúðarspangir eftir sérpöntunum.



**GÓÐ KYNNING** Thelma Björk Jónsdóttir, hér í showroomi sínu í París, er að vonum ánægð með þá kynningu sem umfjöllun í Le Figaro felur í sér.



**THELMA DESIGN** Hárspangir Thelmu Bjarkar Jónsdóttur hafa vakið mikla athygli.

Hún er nú að leggja lokahönd á vor- og sumarlínu sína fyrir næsta ár, en næst á markaðinn er lína hennar fyrir haust og vetur 2008. „Það er dálítið þjóðernisþema í henni, ég hugsaði svona um prinsessuna í hverri konu og tók fyrir prinsessu hverrar þjóðar,“ útskýrir Thelma. Noregsprinsessan Mette Marit skartaði spöng frá Thelmu við afhendingu Nóbelsverðlaunanna í desember síðastliðnum, en Thelma segir það þó ekki hafa verið innblásturinn. „Nei, hugmyndin var nú komin á undan henni,“ segir hún og hlær. „En þetta fléttaðist mjög skemmtilega saman,“ bætir Thelma við.

Hönnun Thelmu má skoða nánar á www.thelma-design.com.

- sun



**LÁRÉTT**
**2.** örverpi **6.** skammstöfun **8.** örn **9.** stormur **11.** samanburðart. **12.** tólf tylftir **14.** beikon **16.** í röð **17.** mánuður **18.** ennþá **20.** átt **21.** betl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klöpp **3.** guð **4.** fargið **5.** málmur **7.** glataður 10. eldsneyti **13.** er **15.** ávöxtur **16.** húðpoki **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** urpt, **6.** eh, **8.** ari, **9.** rok, **11.** en, **12.** gross, **14.** flesk, **16.** hi, **17.** maí, **18.** enn, **20.** nv, **21.** snap.
**LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** ra, **4.** pressan, **5.** tin, **7.** horfinn, **10.** kol, **13.** sem, **15.** kívi, **16.** hes, **19.** na.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Mahmoud Abbas.
2. Í Vestmannaeyjum.
3. John Arne Riise.

HELGI BJÖRNSSON: TÖKUR HAFNAR Á SVÖRTUM ENGLUM

# Harðsvíraður Helgi Björns í fylgd nektardansmeyja

„Já, það verður gaman að rifja upp gamla takta frá Sódómu Reykjavík. Þar var ég náttúrulega með mína undirheimastarfsemi í Hafnarfirði en hef nú fært út kvíarnar í höfuðborgina,“ segir Helgi Björnsson sem leikur undirheimakónginn Lárus eða Lalla í sjónvarpsþáttaröðinni Svartir englar. Lárus heldur sig oftast á ónefndum súlustað í höfuðborginni og þykir fátt jafn skemmtilegt og að horfa á fáklæddar stúlkur skaka sér við súluna. Tökur á Svörtum englum hófust í fyrradag en þáttaröðin er byggð á bókum Ævars Arnar Jósepssonar og verður sýnd á RÚV.

Helgi er ekki ókunnugur mönnum sem hafa lent utanvega í samfélaginu en hann fór á kostum sem Moli í áðurnefndri Sódómu. Þá, eins og nú, var Óskar Jónasson við stjórnvölinn og Helgi hlakkaði mikið til að endurnýja kynnin við leikstjórann. Reyndar er fleira Sódómufólk sem kemur að gerð Svartra engla því Sigurjón Kjartansson skrifar handritið ásamt Margréti Örnólfsdóttur. Sigurjón lék einmitt einnig stórt hlutverk í Sódómu þar sem rokkhundarnir í HAM fóru á kostum.

„Þetta er náttúrulega fyrst og fremst manneskja sem er að reyna að komast áfram í erfiðri veröld og til þess þarf hann að nota margvísleg meðul,“ segir Helgi sem var nýkominn til Íslands frá Þýskalandi þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Leikarinn og leikhúseigandinn tekur jafnframt fram að það sé yfirleitt skemmtilegra fyrir sig að fást við persónur sem eru ekki með geislabauginn yfir höfðinu. „Þær eru oft litríkari og forvitnilegri en við meðaljónin, því miður,“ segir Helgi og hlær. Hann tekur þó ekki undir þær fullyrðingar en við höfum að hann sé alltaf valinn í hlutverk óþokka í kvikmyndir og leikrit en getur sér til að ef svo er hafi hið vestfirska og harðgerða útlit eflaust eitthvað með það að gera.

freyrgigja@frettabladid.is



**SKUGGALEGUR** Helgi Björns er vígalegur sem undirheimakóngur og súlustaðaeigandi í sjónvarpsþáttaröðinni Svartir englar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Menn hafa nýjustu fjárfestingu Kaffibarsins til marks um það að X-kynslóðin sé að reskjast. **Þorsteinn Stephensen** og fyrirtækið Hr. Örlygur eiga barinn og þeir hafa nú keypt skiptiborð og barnastól til að hafa við höndina til handa gestum staðarins.

**Pétur Már Ólafsson** hjá Veröld er duglegur að koma höfundi sínum **Yrsu Sigurðardóttur** á framfæri víða um heim. Þannig heyrist nú að hann hafi gengið frá samningi um útgáfu á næstu glæpasögu hennar í Þýskalandi en sú bók er ófullgerð og enn án titils. Yrsa situr sveitt við að ljúka bókinni milli þess sem hún sinnir starfi sínu sem verkfræðingur í Reykjavík. Hún er nú á upplestrarferð í Þýskalandi, var í Köln í gær og Stuttgart í kvöld.



Þó að æskudýrkunin hafi nú um nokkurt skeið verið við lýði hér á landi og víðar virðist reynslan ætla að telja þegar kreppir að. Þetta sýnir sig meðal annars í skoðanakönnun þar sem hlustun á útvarp er mæld með hinum nýja rafræna hætti. Þar sem borið er saman síðdegisútvarp Bylgjunnar og Rásar 2 (vika 16) meðal þeirra sem eru á aldrinum 18 til 49 ára hlusta 70 prósent á Bylgjuna, þar sem einmitt situr við míkrófóninn gamla brýnið **Þorgeir Ástvaldsson**, á móti 30 prósentum sem hlusta á Rás 2.



-jbg


**Aðalfundur**
**Félags tæknifólks í rafiðnaði**

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn miðvikudaginn 30. apríl 2008 kl. 18 að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf.
Lagabreytingar
Kosning fulltrúa á ársfund Stafa.
Önnur mál.

Stjórnin

www.ftr.is


# Lögfræðingar á hlaupahjólum

Forsetafrúin Dorrit Moussaieff er ekki sú eina sem þeysist um á hlaupahjóli því starfsmenn lögfræðistofunnar Lex hafa einnig tekið ástfóstri við þetta smáa en knáa farartæki.

Stofan flutti í ný og stærri húsakynni í Borgartúni 26 föstudaginn fjórða apríl og til að bregðast við auknu rými hafa tvö rafknúin hlaupahjól verið tekin þar í notkun. „Okkur er svo umhugað að vera snögg til gagnvart kúnnanum og þess vegna þarf að nota allar leiðir til að vera fljótari,“ segir Helgi Jóhannesson, framkvæmdastjóri hjá Lex, sem hefur sjálfur prófað hjólin og líkað vel. „Þetta er samt ekki aðalferðamátinn hérna heldur var þetta bara í gríni gert.“

Fjörutíu manns starfa hjá hinni ört vaxandi Lex, þar af þrjátíu lögfræðingar, og því eiga nýju húsakynnin eftir að koma að góðum notum. „Það eru allir rosalega hamingjusamir að vera komnir í Wall Street-Íslands eins og Borgartúnið er kallað,“ segir Helgi og hlær.

Til að fagna áfanganum hélt Lex opnunarpartí í gærkvöld þar sem fjölmiðlum og fleiri velunnurum lögfræðistofunnar var boðið í heimsókn. Hvort boðið hafi verið upp á reynsluprófun á nýju hlaupahjólunum verður aftur á móti látið liggja á milli hluta.

- fb



**HLAUPAHJÓL** Tvö rafknúin hlaupahjól eru til taks á lögfræðistofunni Lex í Borgartúni.



**HELGI JÓHANNESSON** Helgi hefur prófað nýju hlaupahjólin og líkar ferðamátinn afar vel.




Gleðilegt sumar!

Við bjóðum 10% sumarafslátt af NTC vörum í dag, sumardaginn fyrsta

Opið í dag frá 13-18

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar

## Hommahasar

Þeirri staðreynd var vandlega haldið leyndri fyrir Íslendingum á sínum tíma að Eurovision-keppnin væri risavaxin hommaárshátíð. Hommar voru enda enn álitnir kynvillingar, ekki síst af því hégómlega fólki sem í alvöru hafði metnað fyrir því að vinna söngvakeppnina. Það var í raun hégóminn sem batt okkur skerjabúana norður í rassgati við hommaheri álfunnar. Samhljómurinn varð næsta algjör þar sem þetta var á hommalegasta áratug mannkynssögunnar í þokkabót.

**ÞAÐ** tók þá sem stóðu keppninni næst þó ekki langan tíma að átta sig á því hvers kyns var. Þegar Sverrir Stormsker var sendur út með fullkomið sigurlag (því það voru svo mörg útlensk orð í því) var sendur með honum ungur Stebbi Hilmars, bjartur á rödd sem hörund – klippimynd úr blautum draumi bjarnarhommatýpunnar. Til að tryggja aðdáun estrógenhommanna líka var Jón Páll látinn bera Stebba um svæðið öskrandi rödduð slagorð. Hefðu þeir svo tekið sig til og kysst að auki er alls óvíst að smettið á lukkutröllinu Sverri hefði náð að koma í veg fyrir sigur.

**FRÁ** þessum degi höfum við aðeins sent þrjár tegundir af lögum í þessa keppni. Hommalög, hommafóbíulög og aríur. Aríur eru lög sem taka sig hátíðlega og eiga aldrei neinn séns (Bo Hall og Jónsi eru dæmi um þetta, þó sá síðarnefndi gæti reyndar fallið í tvo þessara flokka); hommafóbíulag allra tíma söng ungfrú Nótt, og Barði gerði heiðarlega tilraun til að endurtaka leikinn – og við höfum aldrei eignast hommalegra lag en This is My Life.

**GJALDA** á Guði það sem Guðs er og keisaranum það sem keisarans er. Hví ekki að gjalda hommanum það sem hommans er. Hví ekki að einfalda veröldina svolítið aftur. Við svömlum í efnahagslegum ólgusjó og það kallar á einfaldari lífshætti og svarthvítari heimsmynd.

**HOMMI** með tónleika í Skálholti og hommar að þykjast vera iðnaðarmenn í húsbyggingu í raunveruleikasjónvarpi eru jafnfráleit fyrirbæri í kreppu og kynvísir menn að syngja í Júróvisjón. Eða gáfaðir trukkabílstjórar.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 24. apríl, 115. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.27 | 13.26 | 21.27 |
| Akureyri | 4.58 | 13.11 | 21.25 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


